

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2010

Umsögn Ákærendafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögglögum, nr. 90/1996 o.fl., 586. mál.

Samkvæmt frumvarpinu er megintilgangur þeirra breytinga á skipulagi lögreglu sem það mælir fyrir um, bæði faglegur og fjárhagslegur. Er gert ráð fyrir að samhliða lagabreytingunni verði skipurit lögregluembættta endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn. Lítið sem ekkert samráð var haft við ríkissaksóknara og ekkert við Ákærendafélag Íslands við gerð frumvarps þessa. Undirbúningi frumvarpsins var hagað með þessum hætti þrátt fyrir að lögreglustjórum sé eftirleiðis ætlað að fara með ákærvald í stærstum hluta allra sakamála. Verður að telja að algerlega hafi farist fyrir við samningu lagafrumvarpsins að ganga á fullnægjandi hátt frá skipan ákærvalds hjá lögreglustjórum sem og að tryggja samráð og aðkomu ríkissaksóknara að þeirri skipan.

Í núverandi lögglögum er heimild til að skipa aðstoðarlögreglustjóra við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1996, sbr. 2. gr. laga nr. 46/2006. Í 4. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, var heimild til að skipa saksóknara hjá lögreglustjórum þar á meðal Ríkislögreglustjóranum. Saksóknarar starfa nú bæði hjá Ríkislögreglustjóranum og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Heimild til að skipa saksóknara hjá lögreglustjórum er ekki lengur fyrir hendi eftir lögtöku laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Eftir gildistöku þeirra laga, 1. janúar 2009, var gert ráð fyrir að sett yrði á fót embætti Héraðssaksóknara sem annaðist ákærvald í öllum umfangsmeiri málum. Af stofnun þess embættis hefur ekki orðið og óljóst er hvenær eða hvort það verður að veruleika en því hefur verið frestað til 1. janúar 2012. Í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, eru ákærendur taldir upp. Á meðal þeirra eru löglærðir aðstoðarlögreglustjórar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stöður aðstoðarlögreglustjóra verði lagðar niður. Verði frumvarpið að lögum verður því hvorki aðstoðarlögreglustjóri né saksóknari starfandi við hin nýju lögregluembætti, né hjá Ríkislögreglustjóranum. Embættin verða leidd af lögreglustjórum, löglærðum sem fyrr, eins og eðlilegt má teljast meðan þeir fara

áfi

Ákærendafélag
Íslands

með ákæruvald. Þeir lögfræðingar sem næst ganga lögreglustjóra og geta talist hæfir til að vera staðgenglar þeirra eru aðstoðarsaksóknarar. Vætanlega munu lögreglustjórar ekki sjálfir annast umsjón með ákæruvaldi hjá embættum sínum heldur fela það þeim ákærendum sem næst þeim ganga. Tilgangurinn með frumvarpinu er að fækka og stækka umdæmi lögreglustjóra sem mun leiða til þess að stjórnun verður aðalstarf lögreglustjóranna, hafi hún ekki verið það fyrir eins og augljóslega hefur verið með stærri embættin. Þetta leiðir til þess að lægra settir ákærendur, aðstoðarsaksóknarar, munu leiða ákærusvið embættanna. Samkvæmt 6. gr. virðist gert ráð fyrir að lögreglumenn geti verið staðgenglar lögreglustjóra og verið í þeim störfum yfirmenn ákærumálefna embættanna.

Framangreindri skipan er Ákærendafélagið algerlega ósammála. Virðist ekki vera að skipulagi afleysinga og stöðu ákæruvalds hafi verið gefið nægjanlega gaum við samningu frumvarpsins. Mikilvægt er að ákærusvið lögreglustjóranna séu skipuð hæfu og reyndu fólki og að sá sem fyrir því fer í umboði lögreglustjórans hafi þá stöðu sem slíku starfi er samboðin. Má telja að það sé borin von, miðað við reynslu liðinna ára, að það verði hægt að fá til starfa reynda ákærendur til að gegna stöðum aðstoðarsaksóknara án þeirra launa sem nú eru greidd aðstoðarlögreglustjórum. Þá má augljóst vera að nauðsynlegt er að hæfir staðgenglar séu fyrir lögreglustjóra enda eru þeir ábyrgir fyrir starfsemi þar sem reynir á þekkingu þeirra á lögfræði. Undir engum kringumstæðum kemur til greina að yfirmenn ákærumála sem gegna staðgöngu fyrir lögreglustjóra séu ólöglærðir. Tillögur um slíkt lýsa algeru þekkingarleysi á störfum ákærenda.

Þrátt fyrir að ætlunin hefur verið að spara fé með þessu skipulagi og fækka yfirmönnum innan lögreglu er vandséð að það náist. Ákærendur sem veljast til að stýra ákærusviðum hinna nýju lögregluembætta munu án efa hafa mjög sambærileg laun og aðstoðarlögreglustjórar hafa haft. Sú verður í það minnsta raunin ef ætlunin er að fá til þeirra starfa hæft fólk. Ef ætlunin er að taka á ofvexti í hópi yfirmanna lögreglu væri nær að fækka millistjórnendum svo sem aðstoðaryfirlögregluþjónum og lögreglufulltrúum sem víða má finna án þess að þeir gegni neinni stjórnun nema ef vera skyldi yfir sjálfum sér. Vandinn við offjölgun millistjórnenda innan lögreglu er einkum tilkomin vegna samtengingar launakjara og starfstiga. Þetta þarf að aftengja þannig að hægt sé að umbuna góðum starfsmönnum án þessa að búa til fyrir þá hærri stöður.

Ákærendafélagið telur ekki ástæðu til að breyta lögum um meðferð sakamála í þá átt að heimilt sé að skipa saksóknara við embætti lögreglustjóra. Í fyrsta lagi vegna þess að starfsheitið saksóknari er þýðing á norræna heitinu statsadvokat sem er eingöngu notað um ákærendur á millistigi ákæruvalds og ofar. Slík starfsheiti yrðu þá eingöngu hjá ríkissaksóknara og héraðssaksóknara eftir að hann tekur til starfa og tímabundið hjá sérstökum saksóknara vegna bankahrunsins. Í öðru lagi vegna þess að hér er verið að tala um skipulag lögreglustjórnar jafnframt meðferðar þeirra á ákæruvaldi, þar sem eðlilegt er að sá sem er í umboði lögreglustjóra yfir ákæruvaldi embættanna, verði jafnframt staðgengill þeirra. Verður að telja mjög óeðlilegt að staðgengill lögreglustjórans beri titilinn saksóknari.

áfi
Ákærendafélag
Íslands

Tillögur að breytingum á frumvarpinu

Athugasemdir við 1. og 4. gr. frumvarpsins

Ákærendafélagið leggur til að bætt verði inn í frumvarpið að skipa skuli aðstoðarlögreglustjóra við öll hin nýju embætti sem skuli vera löglærður og hæfur til að gegna stöðu lögreglustjóra. Minni ástæða er til þess að slík skipan verði höfð á hjá Ríkislögreglustjóranum ef fyrirheit stjórnvalda ganga eftir um að það embætti verði eingöngu minniháttar stjórnáráðgjafun sem sinni fyrst og fremst verkefnum sem lúta að stjórnun, stjórnáráðgjafi og miðlægrri þjónustu, án nokkurrar operatívrar starfsemi. Auk þess sem embættið verður ekki með ákærvald eftir að embætti Héraðssaksóknara tekur til starfa hugsanlega 1. janúar 2012, sbr. VIII. bráðabirgðarákvæði við lög nr. 88/2008.

Aðkoma ríkissaksóknara að skipuriti lögregluembætta

Til að tryggja að ríkissaksóknari hafi eðlilega aðkomu að skipulagi ákærvalds í landinu er lagt til að kveðið verði á um það að lögreglustjórar skuli senda tillögur að skipuriti embætta sinna til samþykkis til ríkissaksóknara að því er varðar fyrirkomulag ákærvalds innan þeirra.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins


Í frumvarpinu er gerð grein fyrir breytingu á upptalningu 1. mgr. 9. gr. lögreglulaganna á þeim sem fara með lögregluvald. Þar er ekki gerð nein grein fyrir aðstoðarsaksóknurum og saksóknarfulltrúum. Ástæða er til að þessir starfsmenn lögreglustjóra hafi lögregluvald enda er það í samræmi við orðalag 1. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008, þar sem þessir starfsheiti eru notuð um þá sem sækja mál í umboði lögreglustjóra. Rétt er að hugtakanotkun í lögreglulögum sé í samræmi við lög um meðferð sakamála en í þeim síðari er hvergi notað stöðuheitið löglærður fulltrúi lögreglustjóra, heldur hin tvö fyrrnefndu. Auk þess er eðlilegt að aðstoðarlögreglustjóri verði talin þar upp með vísan til þess sem segir hér að framan.

Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins

Ákærendafélagið telur algerlega óásættanlegt að meðan lögreglustjórar fara með ákærvald séu staðgenglar þeirra ólöglærðir. Vísast að öðru leyti til athugasemda hér að framan.

Að öðru leyti sæta ákvæði frumvarpsins ekki athugasemdum.

Virðingarfyllst,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Alþingi
Erindi nr. P 138/ 3076
komudagur 20.8.2010

Launakostnaður lögregluviðfanga eftir svæðum

Vesturland

Starfaflokkun	Heildarlauna- kostnaður	Þar af bakvakt	Árs- verk	Heildarkostn-aður á ársverk
Yfirlögregluþjónn	39.256.354	0	4,0	9.814.088
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	4.958.929	0	0,5	9.434.198
Aðalvarðstjóri	12.690.900	1.654.595	1,5	8.460.600
Lögreglufulltrúi	13.245.894	1.965.360	2,0	6.622.947
Varðstjóri	145.338.880	18.448.323	17,3	8.413.868
Rannsóknarlögreglumaður	17.167.696	3.136.831	2,0	8.583.848
Aðstoðarvarðstjóri	86.503	0	0,0	0
Lögreglumaður	178.119.744	20.018.732	26,3	6.761.884
Lögreglunemi/héraðslögreglumaður *	13.084.820	1.350.465	0,6	23.532.121
Afleysingamaður	110.702	0	0,0	0
Millisumma lögreglumenn	424.060.422	46.574.306	54,2	
Mismunur lögreglumenn	<u>28.256.256</u>			

Ný ársverk	Nýr heildarkostn/
1,0	9.814.088,5
2,0	18.868.396,2
	0,0
	0,0
6,0	50.483.210,1
2,0	17.167.696,0
	0,0
42,2	285.351.502,9
0,6	14.119.272,6
	0,0
53,8	395.804.166,4

Norðurland

Starfaflokkun	Heildarlauna- kostnaður	Þar af bakvakt	Árs- verk	Heildarkostn-aður á ársverk
Yfirlögregluþjónn	46.094.988	0	4,8	9.704.208
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	9.414.188	0	1,0	9.414.188
Aðalvarðstjóri	17.752.794	2.761.299	2,0	8.876.397
Lögreglufulltrúi	3.010.582	538.933	0,4	8.466.799
Varðstjóri	110.927.661	12.189.152	12,7	8.714.613
Varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður	26.865.183	2.192.280	3,1	8.616.804
Rannsóknarlögreglumaður	30.121.171	3.668.227	3,8	7.828.866
Lögreglumaður	215.111.144	8.507.394	32,1	6.706.844
Lögreglunemi/héraðslögreglumaður *	16.186.017	993.366	1,0	15.961.714
Afleysingamaður	24.985.212	107.957	4,7	5.276.717
Eftirlaunaþegi	1.146.983	0	0,2	4.987.369
Millisumma lögreglumenn	501.615.923	30.958.608	65,9	
Mismunur lögreglumenn	30.715.409			

Ný ársverk	Nýr heildarkostn/ á ársverk
1,0	9.704.208,0
2,0	18.828.376,0
	0,0
	0,0
7,0	61.002.294,1
	0,0
3,8	29.749.691,3
46,2	309.856.187,2
1,0	15.961.713,6
4,7	24.800.570,3
0,2	997.473,8
65,9	470.900.514,4

Við ákvæði til bráðabirgða bætist svohljóðandi málsgrein:

Þeim lögreglumönnum sem eru í B-deild Lífeyrirssjóðs starfsmanna og hafa náð 60 ára aldri við gildistöku laganna og hætta störfum á næstu þremur mánuðum frá gildistöku laganna skal reiknaður ellilífeyrir samkvæmt 39. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þrátt fyrir að lögreglumaður sé ekki orðinn fullra 65 ára við starfslok.

Athugasemd um bráðabirgðaákvæðið:

Frumvarpið gerir ráð fyrir umtalsverðri fækkun lögregluliða í landinu sem og breytingum á skipulagi og skipuritum allra embætta í landinu. Með hliðsjón af þeim áformum frumvarpsins að betri nýting fjármuna eigi m.a. að koma fram í því að fækka eigi yfirmönnum er lagt til að lögreglumenn sem náð hafa 60 ára aldri og kjósa að ljúka starfi í tengslum við skipulagsbreytingarnar, geti gert það án þess að tapa alfarið þeim réttindum sem felast í 39. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en þar er að finna sérreglu um útreikning á lífeyrisréttindum lögreglumanna. Í því felst að sú lokaávinnsla lífeyrisréttinda, sem í dag er bundin við að lögreglumenn starfi til fulls 65 ára aldurs, fellur til hafi menn óskað eftir lausn úr starfi innan þeirra tímamarka sem um getur í þessu ákvæði, þrátt fyrir að viðkomandi hafi ekki náð 65 ára aldri.


Akureyri 6. maí 2010


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til lögreglulaga, 586. mál, fækkun lögregluumdæma. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri



Félag yfirlögregluþjóna

Selfossi 4. maí 2010

Dómsmála- og mannréttindaráðherra
Ragna Árnadóttir

Á aðalfundi Félags yfirlögregluþjóna sem haldinn var á Flúðum þann 24. apríl s.l. óskaði undirritaður eftir því við félagsmenn að þeir sendu álit sitt á frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum til stjórnar félagsins þar sem unnt væri að taka helstu áhersluatriði saman og gera þeim skil á fundi með fulltrúum Dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.

12 yfirlögregluþjónar skiluðu umsögn um frumvarpið og fylgja þær hér á eftir. Flestar taka á sömu atriðum en ljóst er að nokkur skoðanaágreiningur er á meðal félagsmanna einkum hvað varðar framtíð embættis Ríkislögreglustjóra. Þannig telja sumir nauðsynlegt að embætti Rls fari eingöngu með stjórnsýsluleg verkefni á meðan aðrir telja nauðsynlegt að sérstakir þættir s.s. fjarskiptamiðstöð og sérsveit verði áfram undir verkstjórn embættisins.

Eftir yfirferð erindanna þykir rétt að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði:

- að kjarasamninga við lögreglumenn verði að klára til að friður sé innan stéttarinnar til að takast á við breytingar sem af frumvarpinu leiða.
- að ekki er fallist á að rétt sé að krefjast lögfræðimenntunar lögreglustjóra og vísast til þeirrar skipunar sem er í Noregi og í Danmörku þar sem slíkar kröfur voru lagðar af á árunum 2000 og 2007
- að nauðsynlegt er að tryggja, t.d. með einskiptisaðgerð, að þeir sem náð hafa samanlögðum starfs- og lífaldri í 95 ár geti látið af störfum á sömu kjörum og þeir sem nú láta af störfum 65 ára en ljóst er að slík aðgerð mun skila umtalsverðri hagræðingu og sparnaði.
- að eindregið er lagt gegn þeirri tilhögun að sýslumönnum megi fela lögreglustjórnun. Slíkt gengur gegn meginstefnu frumvarpsins, þ.e.a.s. því að skilja á milli lögreglustjórnar og sýslumanna.
- að lagt er til að lögreglustjórar skipi alla undirmenn, þ.m.t. yfirlögregluþjóna og starfsmannahald færist þar með alfarið yfir á þeirra hendur.
- að vakin er athygli á því að varhugavert er að reikna með því að breytingar skv. frumvarpinu skili sparnaði strax en leiða má líkum að því að það geti gerst þegar til lengri tíma er litið.

Stjórn FY vekur athygli á því að um árabíl hefur verið skorið niður í löggæslu, nú vegna þrenginga í þjóðfélaginu en áður til að draga úr þenslu í opinberum rekstri. Vísendingar eru um

að sparnaður hafi nú þegar komið niður á lágmarksöryggi lögreglumanna og ljóst er að þjónusta við borgarana mun skerðast umfram það sem þegar hefur gerst.

Virðingarfyllt,

Oddur Arnason yfirlögregluþjónn

Samantekin erindi yfirlögregluþjóna um málið í þeirri röð sem þau bárust.

Frá Jóni Bjartmars
yfirlögregluþjóni
hjá Rls.

Stækkun embætta

Flestir virðast geta verið sammála um að aðskilja lögreglustjórn frá embættum sýslumanna og fækka umdæmum en spurning hvað þau eigi að vera mörg. Hvað varðar framtíð embættis ríkislögreglustjóra þá snýst umræðan um að færa hin og þessi verkefni/deildir frá embættinu. Ekki er raunhæft í reynd að færa þau út á land og reyndin því að stefnt að því að færa til LRH og ósk margra stjórnámálanna virðist vera að embættið verði lagt niður í núverandi mynd. Þessi umræða á hinum pólitíska vettvangi er þó ansi skrítin og umræðan án röksemda eða beinlínis í takt við raunveruleikans um lögregluna. Þau rök að stærri embætti hafi meiri burði til að taka yfir deildir sem á landsvísi hjá RLS eru í reynd sérkennileg því skipulagsbreytingin sem þegar hefur verið ákveðin um 6 lögregluumdæmi mun ekki stækka embætti lögreglustjórnar á höfuðborgarsvæðinu frá því sem nú er né lögreglustjórnar á Suðurnesjum og rökin eiga því í reynd bara við um önnur embætti sem varla getur talist raunhæft að færa verkefni eins og sérsveit, fjarskiptamiðstöð eða almannavarnir til, auk þess gríðarlega kostnaðarauka sem slíkt hefði í för með sér. Hugsanlega má færa greiningardeild og alþjóðadeild annað en fráleitt að sundra þeim frá hinum því saman mynda þessar fimm deildir löggæslu- og öryggisvið og eru því margfalt öflugri hver fyrir sig sem hluti af þeirri heild. Auk þess er greiningadeildin þrjú menn og varla mikið hægt að hagræða þar. Þegar hefur verið hagrætt hjá alþjóðadeild og fækkað starfsmönnum með því að FMR annast vöktunina utan dagvinnutíma. Ekki er því gott að aðskilja þær tvær einingar og spurning hvort hagræðingin gengi þá ekki til baka.

Í samhengi við
frumvarp að
Varnarmálalögum

Hef líka verið að skoða frumvarpið um varnarmálalögin sem eru athyglisverð þegar skoðað í samhengi við lögreglulagafrumvarpið og félag yfirlögregluþjóna ætti líka að skila umsögn um. Ef greinagerð með lögum um breytingar á varnarmálalögum er skoðað þ.e.a.s. greinagerðin og skýrslan sem vísað er til þar er framtíðarsýnin að almannavarnir og greiningardeild færast til nýrrar öryggismálastofnunar sem verði auk þess með varnarmálastarfsemi og hins vegar almannavarnir og innri öryggismál sem hlýtur að vekja upp margar spurningar. Almannavarnir eru borgaralegt verkefni og aðgerðir vegna almannavarna á ábyrgðarsviði borgaralegra stjórnvalda á Vesturlöndum eins og löggæsla og innri öryggismál ríkisins. Almannavarnastofnanir NATO ríkja hafa vissulega samstarf sín á milli um gagnkvæma aðstoð milli landa á

grundvelli NATO samstarfsins en það sama gildir um almannavarnasamstarf milli Norðurlandanna, við Evrópusambandslöndin á grundvelli EES sammingsins og við Sameinuðu þjóðirnar. Hugmyndir um að færa almannavarnir í sérstaka öryggismálastofnun á Keflavíkurflugvelli sem yfirtaki NATO varnarmálaverkefni er í reynd hervæðing almannavarna. Flutningur verkefna almannavarna til Suðurnesja er einnig afturför frá því skipulagi sem nú er með sameiginlegri samhæfingarstöð viðbragðsaðila í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Þar sameinast við neyðarástand annars vegar hefðbundnir viðbragðsaðilar við björgunarstörf og almannavarnir og hins vegar margvíslegar stofnanir ríkisins til að tryggja skilvirkan og samhæfðan viðbúnað. Ekki verður séð aukin skilvirkni né hagræðing í því að brjóta upp þá samvinnu og flytja hluta af starfseminni. Þá skapar flutningur starfseminnar auk þess mun lengri viðbragðstíma við útköll.

Hvað varðar innri öryggismál ríkisins þá er það einnig borgaralegt verkefni sem er ekki varnarmálatengt heldur löggæslutengt. Sé litið til hugtakanotkunar eins og varnar- og öryggismál sem fram kemur í skýrslu starfshópsins þá má einnig nefna löggæslu- og öryggismál. Um eðlismun er að ræða á inntaki orðsins öryggismál í þessum hugtökum. Annars vegar hernaðarlega tengd öryggismál og hins vegar löggæslulega tengd. Á hinum Norðurlöndunum eru öryggisþjónustur hluti af lögreglunni og ekki telst eðlilegt að blanda löggæslu og innri öryggismálum við hernaðarlega starfsemi. Vissulega er það svo að borgaralegar öryggisþjónustur NATO ríkja hafa samstarf og skipa saman sérstaka nefnd (Special Committee) undir eigin formensku sem er ráðgefandi við Norður Atlantshafsráðið um hryðjuverk, njósnir og aðrar sambærilegar ógnir. Auk þess á nefndin samvinnu við öryggisskrifstofu NATO sem tilheyrir borgaralegum (civil) hluta bandalagsins. Stofnanirnar eru hins vegar á engan hátt NATO stofnanir né sinna að neinu leiti varnarmálaverkefnum og hjá ýmsum löndum miklum takmörkum háð að hve miklu leiti þær geta tengst hernaðarlegri starfsemi. Þá eiga borgaralegar öryggisþjónustur mikið samstarf innbirgðis á öðrum alþjóðlegum samstarfsvettvöngum og í mun meira mæli en á grundvelli NATO samstarfsins

LHG

Í framangreindri skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar varðandi varnar- og öryggismál gætir þess misskilnings að allnokkur skörun sé á verkefnum Landhelgisgæslu og ríkislögreglustjóra. Þó stofnanirnar starfi náið saman á ýmsum sviðum varðandi löggæslu, björgunarstörf og almannavarnir og styrkja þannig hver aðra, fara þær ekki með sömu hlutverk á þeim sviðum né er um tvíverknað að ræða. Tekið er sem dæmi í skýrslunni að þó Landhelgisgæslu sé þannig með lögum falin löggæsla á hafinu fari embætti ríkislögreglustjóra með yfirstjórn aðgerða vegna hryðjuverka á sjó, svo sem sjórána og má skilja að þarna sé skorun á milli sem er alls ekki. Ríkislögreglustjóri hefur þetta hlutverk sem grundvallast annar vegar af því að embættið starfrækir lögreglusérsvait með lögreglumönnum sem sinna almennri löggæslu og því að lögreglan framfylgir lögum innan ríkisins og þar með talið á hafinu. Augljóslega þarf þó aðkomu beggja stofnana að slíkum verkefnum. Þó báðar stofnanirnar sinni vöktun og greiningu upplýsinga þá er það á ólíkum sviðum og ekki skörun þar á milli. Þá er lítil hagræðing í því að færa öryggisverkefni stofnananna saman í eina stofnun enda um algjöra lágmarksstarfsemi að ræða. Ekki er heldur um að ræða skörun á milli verkefna Varnarmálastofnunar og ríkislögreglustjóra. Frekar er um nauðsynlegan aðskilnað að ræða milli hernaðarstarfsemi annars vegar og löggæslu og innri öryggismála hins vegar.

Aðskilnaðurinn kemur þó ekki í veg fyrir að hægt sé að hafa samstarf um ákveðna þætti og tekið skal fram að ef Landhelgisgæslunni verða falin NATO verkefni sem nú er sinnt hjá Varnarmálastofnun lögum samkvæmt þá hefur það ekki áhrif á samstarf ríkislögreglustjóra við Landhelgisgæsluna. Þær hugmyndir sem fram koma í greinargerðinni og skýrslunni virðast snúast um nýta úrelt varnarmannvirki á vellinum.

Skýrsla
ríkisendurskoðunar

Ef skýrsla ríkisendurskoðunar frá 2006 um ríkislögreglustjóraembættið, sem var tvö ár í vinnslu, er skoðuð þá er megin tillaga hennar að yfirstjórnarhlutverkið verði alfarið hjá ríkislögreglustjóra en ekki að stórum hluta hjá ráðuneytinu eins og nú er. Alls ekki er gert ráð fyrir að slík breyting verði skv. frumvarpinu heldur þvert á móti á að færa verkefnið frá embættinu sem verður þá verkefnalaus og gagnslaus og betra að leggja hana niður. Slíkt embætti sem færi ekki með yfirstjórn lögreglunnar og e.h. óskilgreint eftirlitshlutverk samhliða því eftirliti sem Ríkisendurskoðun, ráðuneytið, Vinnueftirlitið, Heilbrigðiseftirlitið og ef til vill fleiri fara með væri í reynd óþarft og ónýtt. Þá hljóta að vakna spurningar um hvort ekki sé verið að opna á pólitísk afskipti af lögreglunni með því að færa til dómsmálaráðherra það vald sem eðliligt að Alþingi hafi sem er að ákvarða hvaða hlutverk embætti ríkislögreglustjóra hafi. Breytingin 1997 var m.a. til þess að aðskilja hina faglegu stjórn lögreglunnar frá hinum pólitíska ráðherra. Frá 2007 hefur mér fundist sú breyting hafa verið að ganga til baka og afskipti ráðuneytisins hafi aukist sem hlítur að teljast óeðlilegt þegar horft er til lýðræðislegrar stofnanauppbyggingar samfélagsins.

Ríkisendurskoðun telur líka að eigi embættið að sinna öryggismálastarfsemi sé rétt að sérsveit, fjarskiptamiðstöð, almannavarnadeild, alþjóðadeild og greiningardeild séu áfram reknar hjá embættinu. Eldgosið undir Fimmvörðuhálsi sýndi svart á hvítu hversu öflugt embættið var til að mæta því verkefni og ég fullyrði að almannavaranastofnun landsins hafi aldrei verið öflugri með í reynd 100 manna eigin liðsafla og síðan allar aðrar stofnanir og lið viðbótar.

Samantekt

Það er bjargföst skoðun mín að það að færa miðlæga landsvísu löggæslustarfsemi til einstakra svæðisbundinna lögreglustjóra væri mikil mistök og afturför í löggæslumálum. Tel að frekar ætti að færa öll slík verkefni til embættisins svo sem tæknideild frá LRH o.fl. Sé reyndar engin rök sem mæla með því að flytja landsvísuverkefni til einstakra svæðisbundinn lögreglustjóra. Rökin gegn því eru hins vegar fjölmörg svo sem:

- Sá vandi sem er hjá LRH varðandi skipulag, rekstur og óánægju starfsmanna verður ekki leystur með því að flytja deildir RLS þangað. Þvert á móti væri verið að skapa aukin vanda meðal annars vegna þess að engin starfsmanna RLS væri sáttur við þá breytingu og óánægjan myndi því vaxa stórfellt. Þeir lögreglumenn sem starfa hjá RLS yrðu reyndar einnig jafn óánægðir ef ætti að flytja þá til annarra svæðisbundinna lögreglustjóra. Það að flytja starfsemi til LRH þýddi í reynd að verið væri að stækka hitina á kostnað annarra embættis sem auk þess myndi valda óánægju hjá öðrum lögregluliðum.
- Það að einstakir svæðisbundir lögreglustjórar hafi með að gera starfsemi á landsvísu skapar þá stöðu að aðrir lögreglustjórar fá skerta þjónustu og veldur úlfúð jafnvel vegna gruns um að svo sé. Þá er tekið frá þeim það mikla stoðhlutverk sem RLS veitir lögregluliðunum

utan höfuðborgarsvæðisins.

- Reynslan erlendis er sú að svæðisbundnir lögreglustjórar hugsa eðli máls samkvæmt fyrst um eigið umdæmi og hlutur annarra varðandi þjónustu sem á að vera á landsvísu verður rýrari og reyndar síður kallað eftir henni jafnvel þó full þörf sé á. Einnig eru minni líkur að að skili þeim árangri sem þarf. Slík starfsemi þurfi því að vera miðlæg til að tryggja jafnræði og að starfsemin sé í reynd á landsvísu. Sem dæmi hérlendis má nefna að þegar fyrrverandi lögreglustjóri í Reykjavík, sem hafði það hlutverk að starfrækja þjóðvegjalögregludeild, stóð frammi fyrir niðurskurði, þá var sú deild það fyrsta sem skorið var niður og reyndar aflögð með öllu.
- Ekki verður séð að nein sparnaður né hagræðing felist í því að færa landsvísudeildir frá RLS til einstakra svæðisbundinna lögreglustjóra nema þá beinlínis eigi að minnka þjónustuna sem veita í dag eða þá að afleggja hana með öllu. Þvert á móti eru meiri líkur á að slíkir flutningar valdi auknum kostnaði svo sem dæmið frá LRH og Suðurnesjum við breytingarnar 2007 sanna.
- Sé tekið dæmi af sérsveitinni þá sinnir hún þegar í dag almennri löggæslu á höfuðborgarsvæðinu og því myndi lögreglumönnum ekki fjölga við löggæslu á höfuðborgargönginni frá því sem nú er nema þá hætt verði að veita aðstoð við önnur embætti eða þá að hætt væri að starfrækja hana sem sérsveit og eftir atvikum segt upp starfsmönnum. Þá væri hægt að spara en alveg ljóst að um stórfelld mistök varðandi löggæslun í landinu væri að ræða og uppbygging sem tekur áratugi væri fyrir bý og lögreglan mun veikari eftir og öryggi almennings og lögreglumanna minna.
- Það er ef eitthvað er þörf á frekari miðlægri starfsemi á landsvísu til að efla lögregluna til að takast á við nýjar ógnir svo sem skipulagða glæpastarfsemi. Á hinum Norðurlöndunum hefur slíkt einmitt verið gert á síðustu árum og reyndar einnig hjá öðrum Evrópuþjóðum. Þá væri rétt að færa verkefni frá dómsmálaráðuneytinu varðandi yfirstjórn lögreglunnar til ríkislögreglustjóra líkt og gert hefur verið í Noregi og Danmörku.

Krafa um
lögfræðimenntun
lögreglustjóra

Svona að lokum þá er sérkennilegt að áfram eigi að gera þá kröfu að lögreglustjórar séu lögfræðingar. Er það rökstutt með því að þeir fari jafnframt með ákærvald. Það sama á við í Noregi og Danmörku þar sem lögreglustjórar fara líka með ákærvald. Þar var krafan um að lögreglustjóri væri lögfræðingur aflögð í Noregi 2000 og Danmörku 2007. Rökin um stærri lögreglulið gæti hins vegar átt við hér því væntanlega verða þau þá öll með löglærða fulltrúa sem gætu þá ákærvalds verkefninu sem saksóknarar

Með kveðju,
Jón Bjartmarz

Frá Óskari
Bjartmars
yfirlögregluþjónn
á Seyðisfirði

Örfá atriði sem ég tel að þurfi að hafa í huga varðandi frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996. Hér er bæði um atriði sem varða uppbygginguna, starfsemina og fl. en er kannski ekki allt varðandi það

Sýslumenn eiga ekki að vera stjórnendur lögreglu

1. Að mínu mati ætti að hafa sitthvort embættið á Vesturlandi og Vestfjörðum í samræmi við 20/20 áætlunina.
2. Fella þarf úr ákvæðið um að ráðherra geti falið sýslumanni daglega lögreglustjórn. Fyrir utan stílbrotið við aðskilnað sýslumanna og lögreglustjóra þá er í þessu ákveðin blekking. Í framtíðinni er gert ráð fyrir 7 sýslumönnum og er ljóst að þeir verða í stærri bæjarfélögum en ekki á útnárum þannig að þetta kemur aldrei til með að verða virkjað.
3. Huga þarf að því að setja inn ákvæði um staðgengil í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð eða hreinlega að halda inni ákvæðunum í núgildandi lögum.
4. Huga þarf að því að búa til drög að skipuriti hinna nýju embætta þannig að lögreglumenn geti séð nánar út í hvað er verið að fara.
5. Að mínu mati er aðskilnaður leyfaútgáfu og eftirlits varhugaverður en ég hef ekki áttað mig á því hvað verður um útgáfu skotvopnaleyfa.

Lífeyrismál

Að lokum þarf að fylgja vel eftir, að í tengslum við þessar breytingar verði framkvæmd einskiptisaðgerð þar sem öllum sem verða orðnir 60 ára og eldri við gildistöku breytinganna verði gert kleift að hætta á fullum eftirlaunum eins og þeir hefðu starfað til 65 ára aldurs (rökin eru að gera innleiðingu þessara breytinga skjótari, einfaldari og sársaukaminni en ella). Ekki má aðgreina A og B sjóðsmeðlimi né heldur þá sem eru í B sjóðnum hvort sem þeir eru á 95 ára reglu eða 32 ára reglunni. Það er vegna þess að rökin eru vegna breytinganna og þá má ekki gera greinamun á lífeyristöku réttindum t.d. þá þurfa menn að taka ákvörðun um 32 ára regluna eða 95 ára regluna þegar þeir hafa greitt í lífeyrissjóð í 32 ár. Það er óréttlátt að mismuna mönnum á grundvelli ákvörðunar sem þeir tóku fyrir mörgum árum.

Ég læt þetta duga en við verðum í sambandi.

Frá Sveini Kristjáni Rúnarssyni, yfirlögregluþjóni á Hvalsveili

Í þessari stuttu samantekt set ég fram mínar hugmyndir og hugleiðingar varðandi frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á lögreglulögum, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

1. Tengsl rofin milli lögreglustjóra og sýslumanna

Fyrir það fyrsta fagna ég þeirri tillögu að slíta tengsl á milli lögreglustjóra og sýslumanna, en það fyrirkomulag sem er nú orðið rúmlega 200 ára gamalt er algerlega barn síns tíma og hefði að mínu mati átt að vera aðskilið fyrir allöngu síðan. Verkefni þessara aðila eru um margt gerólik. Ljóst er að í gegnum tíðina hefur lögreglan verið talin baggi á sýslumannsembættunum þar sem rekstur lögreglunnar er dýr og oft á tíðum erfið verkefni sem henni fylgja og kalla á óvænt fjárútlát hjá embættunum.

Ég tel að með aðskilnaði þessara tveggja stofnana verði lögreglan sterkari heild þar sem telja má næsta víst að þeir lögreglustjórar sem veljist til starfans muni starfa af áhuga, en ekki með lögreglu sem aukabúskap, líkt og þekkt hefur, ennfremur sem telja má nokkuð öruggt að starf lögreglunnar verður faglegra.

Í 2. gr. frumvarpsins er sett fram heimild til handa dómsmálaráðherra að fela sýslumanni daglega stjórn lögregluliðs í umdæmi sínu í umboði viðkomandi lögreglustjóra. Ég tel að verði þetta ákvæði að veruleika sé það markmið að einfalda kerfið, sé í mikilli hættu. Ég tel mikilvægt að skilin milli þessara

embætta séu skýr og greinileg. Með því að setja fram þessa heimild tel ég að flækjustig sé aukið gríðarlega og erfitt verði að útfæra þessa hugmynd, þar sem spurning er um ákærvald, fjárheimildir, tilflutning mannskaps vegna verkefna o.m.fl. sem kemur til, komi þetta til framkvæmda. Því leggst ég alfarið á móti þessari hugmynd í frumvarpinu.

Ég vil einnig benda á að í dag fara yfirlögregluþjónar með daglega stjórn lögregluliðanna í landinu, þrátt fyrir að starfandi séu lögreglustjórar í hverju umdæmi. Þetta á jafnt við hvort sem talað er um Höfuðborgarsvæðið eða Hvolsvöll. Í reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar kemur skýrt fram í starfslýsingum yfirlögregluþjóna að þeir fari með daglega stjórn lögregluliðs. Með þessu get ég ekki fallist á þá skýringu að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum og/eða á Vestfjörðum þurfi að fara með lögreglustjórn sökum landfræðilegrar stöðu. Einfaldlega má fela daglega stjórn í hendur yfirlögregluþjóna á hverju svæði líkt og gert er í dag.

2. Embætti ríkislögreglustjóra – rekstur stoðeilda

Nokkurrar gagnrýni gætir á embætti ríkislögreglustjóra innan lögreglunnar og get ég tekið undir þá gagnrýni að einhverju leyti. Mér hefur einna helst fundist skorta á samræmingarkraft embættisins. Mér hefur fundist í gegnum tíðina að embættið megi efla samræmingar og eftirlitsþátt sinn gagnvart öðrum lögregluliðum. Þá sérstaklega hvað varðar búnaðarkaup, samræmingu verklags við hin ýmsu verkefni o.fl.

Af reynslu minni sem stjórnandi lögregluliðs á landsbyggðinni tel ég mjög mikilvægt að hægt sé að leita til stoðeilda sem starfa á landsvísu. Ég tel ekki heppilegt að slík þjónusta sé færð undir einn umdæmislögreglustjóra heldur tel ég eðlilegast að slík þjónusta tilheyri embætti ríkislögreglustjóra. Á ég þá við sérhæfð verkefni eins og Fjarskiptamiðstöð, Sérsvait, Almannavarnadeild, Alþjóðadeild og Greiningardeild. Einnig hefur mér fundist að hjá embætti ríkislögreglustjóra eigi Tæknideildin að starfa, sem starfar nú undir stjórn lögreglustjóra Höfuðborgarsvæðisins.

Af nýlegri reynslu minni þar sem ég hef þurft á auknum liðsstyrk að halda í verkefni, sem sífellt hefur þurft að breyta, skipulagslega séð, hefur samstarf við embætti ríkislögreglustjóra verið afar gott og farsælt. Gosin í Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli sanna svo um munar nauðsyn þess að hafa þessa þjónustu á miðlægu embætti, sem starfar á landsvísu. Nú hef ég verið með lögreglumenn frá sérsvait ríkislögreglustjóra á sólarhringsvöktum frá 21. mars og tel ég algerlega ljóst að ég hefði ekki getað fengið þennan liðsstyrk frá einu embætti, án nokkurra vandkvæða. Hvað varðar kostnað af þessari viðbótar löggæslu er það verkefni ríkislögreglustjóra að halda utan um, en reynt hefur verið að kappkosta að halda aukakostnaði í lágmarki. Það er gríðarlegur öryggisventill fyrir landsbyggðarembætti sem eru faliðuð þegar slíkir atburðir og verkefni koma yfir, að geta leitað eftir slíkum liðsstyrk og aðstoð, án þess að hugsa endalaust um reikninginn sem kemur fyrir þessum aukna mannafla. Auðvelt er að bera saman slíka atburði við þekktar stærðir líkt og landsmót hestamanna sem tekur langan tíma í skipulagningu, auk þess sem þarf að leita eftir auka mannskap um allt land með tilheyrandi óþægindum. Þá er mjög gott að óska eftir ákveðnum fjölda manna við

stoðdeildina og fá hann skaffaðann.

Niðurstaða mín er því sú að embætti ríkislögreglustjóra eigi að halda utan um stoðdeildir innan lögreglunnar, þ.e. Sérsveit, Fjarskiptamiðstöð, Greiningardeild, Alþjóðadeild og Tæknideild. Efnahagsbrotadeild tel ég ekki nauðsynlegt að tilheyri embætti ríkislögreglustjóra, heldur megi færa stjórn hennar undir umdæmislögreglustjóra. Einnig þurfi að efla til muna samræmingarhlutverk embættisins.

3. Fækkun yfirmanna í lögreglu.

Í frumvarpinu kemur skýrt fram að eitt markmið breytinganna sé að minnka yfirbyggingu embættanna, með breytingum á starfsstigareglugerð og fækkun yfirmanna. Til þess að leggja mat á þær breytingar þarf að koma fram í hverju þær felast, hvaða breytingar á starfsstigareglugerð eru fyrirhugaðar, ennfremur væri ráðlegt að það kæmi fram leiðandi handrit af skipuritum hinnar nýju embætta. Þar sem talað er um í frumvarpinu að fela sýslumanni daglega stjórn lögreglu, er nýmæli, en í starfsstigareglugerðinni kemur skýrt fram að hlutverk yfirlögregluþjóna er:

1. Dagleg stjórn lögregluliðs eða hluta þess í umboði lögreglustjóra.
2. Þátttaka í áætlanagerð, skipulagningu og markmiðssetningu embættisins.
3. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur lögregluliðs, deilda eða eininga sé innan fjárheimilda.
4. Eftirlit með því að vinna lögreglumanna uppfylli að öllu leyti kröfur um fagleg vinnubrögð.
5. Eftirlit með því að þeir sem undir hann heyra færi skráningu mála og atburði sem tilkynntir eru í skráningarkerfi lögreglu samkvæmt reglum og fyrirmælum.
6. Stjórn og ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar eða menntunar, þar með talin rannsókn mála og aðstoð við saksókn.

Mín skoðun á yfirstjórn lögreglu er sú að hún á að vera uppbyggð af lögreglumönnum. Ákærvaldið er svo í höndum á löglærðum fulltrúa embættisins. Í 6. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram:

„ 28. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra til fimm ára í senn.

Lögreglustjóri skal auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu,

b. hafa hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta,

c. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

Ríkislögreglustjóri skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Lögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn með sama hætti. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrir mæli um starfsstig innan lögreglunnar.“

Ég fæ ekki almennilega skilið þau rök sem hníga að því að lögreglustjóri þurfi að vera lögfræðimenntaður. Í c. Lið greinarinnar kemur fram að skilyrði fyrir skipun lögreglustjóra sé fullnaðarpróf í lögfræði, eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt (eins opið og lokað og það nú er).

Mér þykir furðu sæta að það sé ekki skilyrði fyrir því að hljóta skipun sem lögreglustjóri að hafa reynslu af lögreglustörfum og þá sérstaklega stjórnunarstörfum innan lögreglunnar. Klárlega reynir á stjórnunarhæfileika lögreglustjóra í hvers kyns verkefnum sem þeir þurfa að taka að sér starfs síns vegna og þá reynir á þekkingu þeirra á innviðum og starfi lögreglunnar. Því fyndist mér það frekar eiga að vera skilyrði fyrir lögreglustjóra að hann sé lögreglumenntaður með stjórnunarmenntun úr háskóla. Að mínu mati lýsir það þröngsýni að það sé skilyrði að lögreglustjóri sé lögfræðimenntaður út frá þeim forsendum að hann fari með ákærvald. Víða um heim er það þekkt að lögreglustjórar komi úr röðum reynslumikilla lögreglumanna sem hafa sótt sér nám í háskólum á sviði stjórnunar og rekstrar.

Niðurstaða mín varðandi þennan lið er því sú að það þurfi að gefa út leiðbeiningar varðandi uppsetningu á skipuritum lögregluliða, þannig að samræmi gæti á öllu landinu. Ég tel það líka nauðsynlegt að breyta 6. gr. frumvarpsins á þann veg að þar segi etv. eitthvað á þessa leið.

„c. hafa lokið námi frá lögregluskóla ríkisins, fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða mikla reynslu af stjórnun innan lögreglunnar og hafa lokið stjórnunarnámi á háskólastigi fyrir lögreglumenn.“

Ennfremur er það mikil mótsögn í lögnum þar sem fram kemur að **„Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald“** en í sömu lögum kemur einnig fram að: **„Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins.“**

Fyrirhugðum breytingum fagna ég og hlakka mjög til að takast á við það skemmtilega verkefni að taka þátt í að búa til nýtt embætti á nýjum forsendum, með stærra lögregluliði og ennþá stærra umdæmi. Þær skoðanir sem ég hef lýst hér að ofan eru mínar hugleiðingar og skoðanir á þessum gríðarmiklu breytingum sem við erum að sjá fyrir endann á

Sveinn Kristján Rúnarsson,

Frá Jónmundi
Kjartanssyni

Sendi þér nokkra punkta sem ég tel rétt að þið hafið í huga varðandi frumvarp dómsmálaráðherra, þskj. 977 – 586. mál.

**yfirlögregluþjóni
há LRH**

Starfsheiti

Sýslumenn sem
stjórnendur
lögreglu

Lögreglustjórar
skipi í allar stöður

- Velti því í fyrsta lagi upp hvers vegna sé verið að fella niður starfsheitið „aðstoðarlögreglustóri“ og „aðstoðarríkislögreglustjóri“. Menn voru á góðri leið með það að heimila að yfirlögregluþjónar gætu gegnt þessum stöðum. Sé ekki alveg rökin til að fella þetta niður. (1. og 4. gr.). Sjá niðurlag næsta punkts hér á eftir.
- Er algerlega mótfallinn þeim ákvæðum 2. gr. þar sem dómsmálaráðherra er heimilað að fela sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi sínu. Tel þetta ganga þvert gegn þeirri stefnu að aðskilja algerlega störf lögreglustjóra og sýslumanna. Lögreglan hefur nægan mannskap í sínum röðum til að valda þessu verkefni. Vitað er að þarna er ráðherra ekki síst að hugsa um Vestmannaeyjar og Vestfirði. Þarna kemur einmitt upp aukið hlutverk fyrir yfirlögregluþjóna. Tek sem dæmi Suðurland. Einsýnt væri að hafa yfirlögregluþjón sem svæðisstjóra í Vestmannaeyjum þó svo annar væri á Selfossi. Það sama á við um Vesturland og Vestfirði. Ekkert væri óeðlilegt við það að sérstakur yfirlögregluþjónn sæi um almenna löggæslu á Vestfjörðum og annar á Vesturlandi og sá þriðji gæti jafnvel stjórnað rannsóknardeild á öllu svæðinu. Það sama, þ.e. skipting af þessu tagi, gæti í raun átt við um allt landið. Lögregluumdæmunum yrðu þá skipt upp í svæði sem yfirlögregluþjónum yrði falið að fara með stjórn á. Teldi þó ekkert til fyrirstöðu, ef það þætti henta, að einn af yfirlögregluþjónum viðkomandi lögregluumdæmis væri í raun yfir hinum. Slíku yrði bara stýrt með starfslýsingum þar sem tiltekið yrði hver væri næsti yfirmaður. Mörg dæmi eru um þetta í gegnum tíðina, t.d. varðandi einstaka lögreglufulltrúa. Þarna hefði þó, að mínu mati, komið betur út að einn yfirlögregluþjónn í hverju lögregluumdæmi, yrði gerður að aðstoðarlögreglustjóra og myndi stýra hinum í krafti þess. Ef af því yrði þarf þó að ganga betur frá því að ef yfirlögregluþjónn yrði aðstoðarlögreglustjóra, teldist hann samt sem áður lögregluumaður til að hann gæti notið 65 ára eftirlaunareglunnar.
- Tel eðlilegt að ganga skrefið að fullu varðandi skipanir undirmanna lögreglustjóra, þ.e. að lögreglustjórar skipi sjálfir lögreglumenn við sitt embætti, svo og yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Lögreglustjórar eru hvort eð er bundnir við þessa framkvæmd af ákvæðum starfsmanna laga og laga um opinbera starfsmenn o.s.frv. Tel enga þörf á því að skipunarvald varðandi yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna færast til RLS.

Sjálfsgagt gleymi ég einhverju, en þetta er svona það helsta sem ég man í augnablikinu .

Kveðja,
Jónmundur Kjartansson
yfirlögregluþjónn

**Frá Daniel
Guðjónssyni
yfirlögregluþjóni
á Akureyri**

Flest kom nú fram á fundinum sem máli skiptir að mínu mati þannig að þú ættir nú að hafa úr nokkru að móða. Set hér samt fram nokkra punkta í mjög stuttu máli:

1. Hámarkshagræðing fengist að mínu mati með því að fækka sýslumönnum á sama tíma og lögreglustjórum þar sem hagræðingin liggur fyrst og fremst í yfirstjórnarkostnaði og síðan að einhverju leiti í endurskipulagningu á skipuriti lögreglunnar í þá veru að fækka stjórnendum í lögreglunni og þar með yfirlögregluþjónum.
2. Úr því að sú leið er ekki farin heldur ákveðið að taka þetta í tveimur skrefum þá verður að vera til staðar hjá stjórnvöldum meiri þolinmæði um þann sparnað sem ætlast er til að endurskipulagningin skili. Leggja þarf áherslu á það.
3. Varðandi fjölda lögreglustjóra þá er sá fjöldi sem frumvarpið gerir ráð fyrir nægur og er ég sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundinum að með öllu sé óþarft að fela sýslumönnum daglega stjórn lögreglu heldur verði það hægt að leysa með yfirlögregluþjónum eða eftir atvikum löglærðum fulltrúa.
4. Varðandi ríkislögreglustjóraembættið þá finnst mér rétt að endurskipuleggja það og skoða hvaða þætti mætti fara betur á að fela öðrum embættum enda þótt þau séu á landsvísu. Ekki er þó rétt að mínu mati að binda það í lögum heldur eigi dómsmálaráðherra að ákveða það. Það sem hér kemur til greina er t.d. Sirene á Keflavík og fjarskiptamiðstöð á LRH.
5. Það er síðan framkvæmdin sem skiptir síðan öllu máli. Tryggja þarf að mannabreytingar og röskun vegna nýrra skipurita og lækkunar starfsstiga verði manneskjulegar og rétt að leggja mikla áherslu á að komið verði til móts þá sem myndu vilja flýta starfslokum þannig að ekki komi til skerts lífeyris. Menn fái að hætta með reisu. Hugmyndin um einskiptisaðgerð sem Óskar Bjartnarz viðraði í þessu sambandi finnst mér allra athygli verð.
6. Síðan er það skipulagning hinna nýju embætta. Þar þarf að leggja áherslu á að samræmis verði gætt í uppsetningu þeirra varðandi skipuriti, yfirstjórn, fjölda yfirmanna, og að það fjármagn sem hin nýju embætti fái endurspegli þær þarfir sem það þjónustustig sem þeim er ætlað að veita útheimtir. Ég er ekki viss um að rétt sé að setja nánari útfærslur í lagatextann heldur komi þar fram að jafnræðis eigi gæta hjá hinum nýju embættum miðað við þarfir þeirra og þeirra verkefna sem þeim er ætlað að sinna.
7. Þá skiptir einnig máli að hin nýju lögregluembætti verði ekki hjásett í fjárveitingum miðað við hin tvö sem fyrir eru miðað við umfang og mannafla, fjármagn bak við hvert ársverk, heldur verði þeim gert að endurskipuleggja sig með svipuðum hætti og hin nýju embætti.

Frá Gísla Pálssyni yfirlögregluþjóni hjá Rls

Umsjón tiltekinna verkefna - heimild

Minnisblað GP

tekið saman 27/04/10 að tilmælum formanns Félags yfirlögregluþjóna í tilefni af frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996.

1. Í 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að dómsmálaráðherra sé heimilt að fela einstökum lögreglustjórum *umsjón* tiltekinna verkefna á landsvísu. Er tekið fram að heimild þessi nái m.a. til verkefna sem talin eru upp í 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að embætti ríkislögreglustjóra verði lagt niður eða breyting gerð á 4. gr. lögreglulaga og þá kemur þetta ákvæði nokkuð á óvart. Það er kannski fyrst að nefna að dómsmálaráðherra yfir höfuð vilji hafa slíka heimild á meðan hægt er að mæla svo fyrir að ríkislögreglustjóri geti lagt til við dómsmálaráðherra að tiltekin starfsemi, sem heyrir undir embætti hans, verði færð undir lögreglustjóra.

Í frumvarpinu er notað orðið *umsjón* í þessu sambandi sem ekki er útskýrt nánar. Er þá átt við að lögreglustjóri hafi umsjón með deild lögreglumanna og hún starfi hjá embætti hans en heyri (stjórnsýslulega) undir ríkislögreglustjóra?

Skólagengnir
lögreglumenn /
afleysingamenn

2. Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að 5. mgr. 28. gr. lögreglulaga falli niður með vísan til þess að ákvæðið sé arfur frá fyrri tíma þegar ekki var unnt að manna stöður með lögreglumönnum sem lokið höfðu prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ákvæðið í 28 gr. tekur til sérstakra aðstæðna, svo sem orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla o.fl.

Að mínu mati er rétt að fara varlega í þessar breytingar. Það eru dæmi um að lögreglumenn hafi ekki fengist til starfa í skemmri tíma á landsbyggðinni þótt atvinnulausir lögreglumenn hafi verið á skrá. Samtök lögreglumanna og fleiri hafa talað geng þessu ákvæði 28. gr. og varað við að í þjónustu lögreglunnar séu lögreglumenn sem ekki hafa lokið prófi. Þetta eru gild sjónarmið en ég met það svo að lögreglustjórar þurfi á þessu ákvæði að halda eitthvað lengur þrátt fyrir að nokkur fjöldi lögreglumanna hafi lokið prófi frá Lögregluskólanum og ekki fengið starf í lögreglunni. Nú kann það að vera tímabundið ástand þegar litið er til þess sem áformað er að fækka yfirmönnum í lögreglunni og ráða almenna lögreglumenn í staðinn eins og fram kemur í umsögn með frumvarpinu.

Frá Geir Jóni
Þórisssyni
yfirlögregluþjóni
hjá LRH

Þá varðandi tillögur að breyttri lögregluskipan.

Mér fannst ráðherrann okkar standa sig mjög vel og hafa nokkuð skýra sýn á verkefni. Mínar ábendingar eru eftirfarandi:

Sýslumenn eiga
ekki að vera
stjórnendur
lögreglu

Gætum þess afar vel að undirstrika stöðu yfirlögregluþjóna í þessum breytingum. Lögreglustjóri á hverju svæði hafi hið minnsta tvo yfirlögregluþjóna. Annar sem yrði hans hægri hönd, það skilgreint í starfslýsingu, síðan hinn sem væri staðsettur eitthvað fjær og væri með ábyrgð á ákveðnu svæði. T.d. Suðurland. Einn lögreglustjóri, einn yfirlögregluþjónn yrði honum næstur, annar í Vestmannaeyjum og síðan 1-2 aðstoðaryfir. Alls ekki má það gerast að sýslumenn fái lögreglustjóravald í umboði lögreglustjóra í ákveðnum byggðarlögum vegna fjarlægðar. Þar eiga yfirlögregluþjónar að vera trúnaðarmennirnir.

Umfang embætta

Rétt finnst mér að skilgreindur yrði ákveðinn rammi varðandi umfang hvers embættis en síðan yrði það í höndum lögreglustjóra og yfirlögregluþjóna að útfæra það nánar með framgang löggæslunnar í huga og tryggt verði að íbúarnir finni ekki að draga eigi liðið í einn byggðarkjarna og skerða þjónustuna í dreifðari byggðum innan hvers svæðis.

Rls sem
stjórnsýslustofnun

Ríkislögreglustjóraembættið taki við öllum þáttum löggæslunnar sem stjórnsýslustofnun. Fjarmögnun liðanna fari í gegnum það embætti svo tryggt

sé að fjárheimildir fari saman við skilgreinda þörf löggæslumagns í hverju liði. Hugsunin verði að menn horfi meira á verkefni og hvað það kalli á marga lögreglumenn í hverju liði. Því skiptir afar miklu máli að markmiðasetning hvers liðs sé vel og faglega skilgreind. Mennt skilgreini hvert á að halda. Verkefni og úrlausn þeirra er það sem öllu skiptir.

Þetta er nú bara svona það sem dettur upp úr mér þessa stundina.

**Frá Sigurði
Brynjólfssyni
yfirlögregluþjóni
á Húsavík**

Félag yfirlögregluþjóna
c/o Oddur Arnason

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar yfirlögregluþjóna sem haldinn var á Flúðum þann 24. apríl sl. þá sendi ég eftirfarandi tillögur að verkefnalista fyrir stjórn félagsins á næstu dögum og vikum.

Sýslumenn eiga ekki að fara með stjórn lögreglu

1. Varðandi frumvarp til breytinga á lögreglulögum nr. 16/1996 er lagt til að fellt verði út úr frumvarpinu heimild til að fela sýslumönnum að annast daglega stjórn lögreglu í umboði annars lögreglustjóra sbr. umfjöllun um 2. gr. Yfirmenn starfsstöðva lögreglunnar, sem væntanlega yrðu næstráðendur lögreglustjóra ættu að geta annast þetta.

Lífeyrisréttindi, starfslok

2. Mjög mikilvægt er að koma því inn í heildar breytingaferlið að lögreglumenn sem komnir eru á lífeyristökualdur geti hætt störfum án þess að missa lífeyrisréttindi, kjósi þeir svo. Með þessu ættu markmið stjórnvalda að nást fyrr, auðveldar og á eðlilegri hátt heldur en það þurfa að segja upp yngri starfsmönnum sem bera uppi grunnþjónustu lögreglunnar, en ljóst er að slíkar uppsagnir þurfa að koma til hjá nánast öllum lögregluliðum ef sparnaðarkröfur fjárveitingavaldsins ná fram að ganga.

Möguleiki á víðtækri túlkun einstakra greina frumvarpsins

3. Á svo miklum sparnaðar- og hagræðingartímum er það varasamt að texti laganna sé svo *opin* sem raunin er í þessu frumvarpi. Það gefur stjórnvöldum og væntanlegum lögreglustjórum “opið veiðileyfi” til niðurskurðar og nokkuð augljóst að það mun verst bitna á hinum dreifðu byggðum. *Lögreglustjórnir þurfa og verða að taka tillit til fleiri laga en bara fjárlaga* þó að þau séu ekki síður mikilvæg en önnur lög.

Ökutækjarekstur

4. Ljóst er að ökutækjamál lögreglunnar eru komin í mikið uppnám (sjálfheldu) vegna mikils kostnaðar. Ég legg til að félag yfirlögregluþjóna setji á laggirnar þriggja til fimm manna starfshóp sem vinni hratt og vel og skili hið fyrsta tillögum til dómsmálaráðherra að breytingum varðandi rekstur lögreglubifreiða.

Sigurður Brynjólfsson
yfirlögregluþjónn Húsavík

**Frá Agli
Bjarnasyni
yfirlögregluþjóni
há LRH**

Sæll Oddur og takk fyrir síðast!

Eftir heimsókn dómsmálaráðherra á fundinn til okkar á Flúðum finnst mér standa upp úr að hún segist tilbúin að hlusta og taka við góðum ábendingum og kallar reyndar FY að borðinu. Eitt var þó nokkuð áberandi hjá nokkrum kollegum okkar á fundinum að þeir horfa mikið til eiginhagsmuna/sérhagsmuna og e.t.v í einhverjum tilfellum villir það mjög sýn þessara manna.

Umdæmaskipanin hvernig hún verður ákveðin. Að fenginni reynslu með breyttri skipan lögreglumála 1. janúar 2007 tókst það um margt vel en vissulega eru atriði sem ber að hafa í huga – sem eru víti til varnaðar. Meðvituð ákvörðun var tekin í þeirri vinnu á höfuðborgarsvæðinu að skilja ákveðna þætti eftir í skipulagsvinnu og vinna á næstu 3 árum m.a vaktkerfissmál, skipan lögreglusvæða innan umdæmisins – er lauk með skipulagi um 5 lögreglustöðvar, umferðardeild og eina rannsóknardeild 1. maí 2009. Vaktamáli var frestað í fyrri vori til 1. september að ósk lögreglufélagsins. Vaktskipan var rædd við sameininguna af lögreglufélögunum og stjórn hins nýja embættis og skipuð nefnd til þeirrar vinnu er leiddi af sér að kosningu um vaktkerfi er voru í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Niðurstaða þeirra kosningar var á þann veg að Reykjavíkurkerfið var ákveðið – kom ekki á óvart þar sem Reykjavík var fjölmennasta liðið og þar var ekki áhugi til breytinga (illu heilli). Breytingar urðu síðan á árinu 2009 með upptöku á valfrjálsuvaktkerfi. Það kunna að hafa verið mistök að brjóta ekki upp vaktkerfið strax í samrunanum og koma með kerfi er rúmaðist innan samninga – vaktkerfi lögreglu eru það sem skiptir miklu fyrir þá er í lögreglunni starfa og hugarfari þeirra til breytinga. Í breyttu fyrirkomulagi þarf auðvita að taka tillit til landfræðilegrar legu, samþættingu mannafla og tækja, lengd vakta o.fl. - hvaða vaktkerfi verða fyrir valinu. Við sameinginu skiptir öllu að upplýsa allt er skipt getur máli og fá aðkomu starfsmanna í vinnu fyrir nýju skipulagi. Það sparar ómældan tíma og átök seinna meir. Það má segja að ráðherrann hafi nálgast þetta vel þegar hann hvatti þá er voru á fundinum og undirtónn á móti breytingum að koma með tillögur. Lögreglan hefur oft verið á móti án þess að koma með tillögur, nú kallar hún eftir öllum skoðunum. Nálgun á breytingar með „hagsmunagæslu“ sem fyrsta boðorð leiðir ekkert gott af sér. Umgjörðin hefur verið ákveðin, það skal gera breytingar og vinnan snýst um það og að vera með!

Sýslumenn eiga ekki að vera við lögreglustjórn

Stærri eininingar eiga mikla möguleika með samlegð og byggir þar á vilja og getu stjórnenda til að láta það af sér leiða. Það á líka að stiðja þá skoðun er kom á fundinum að yfirlögregluþjónar eiga og geta verið staðgenglar lögreglustjóra bæði hvað varðar landfræðilega legu sem og fleira. Það verður algjört stílbrot að fela sýslumönnum eftir breytingu lögreglustjórn – á því þarf að hamra! Löglærðir fulltrúar geta verið út um umdæmið en það hvílir eins og þú veist mest á yfirlögregluþjónum að láta verkefnið ganga – faglega – peningalega o.s.frv.

Bílamál

Umræða um bílamál, mannafla o.fl á fundinum – allt þekktar stærðir er gefa marga möguleika með stærri liðum. Landfræðielga gengur sumt ekki með sameiningu þ.e að enda á milli umdæma geta verið í þeim vegalengdum að ekki er möguleiki að samnýta tæki eða mannafla. Leggja þarf áherslu á að kollegar okkar komi að borðinu með opnum huga og taki þátt í vinnunni. Þá eru allir möguleikar á að vel til takist, frekar en að eiginhagsmunir ráðir ferð og heildarskipulagið líði fyrir þá nálgun. Það getur líka leitt af sér reglustriku niðurstöðu eins og ráðherrann vitnaði til af ýmsu tilefni.

Fjárhagur / markmið /framτίðarsýn

Skipulagsbreyting af þessari stærð kallar á góðan undirbúning faglega og fjárhagslega. Nálgunin er hagræðing en yfirskriftin á ekki að vera eingöngu um peninga. Lögreglan þarf og verður að skilgreina hver markmiðin eru – hvert er lögreglan að fara og hvernig verður árangur mældur til þess höfum

við öll tæki og tól í LÖKE sem og ýmsa samstarfsaðil. Skýrasta dæmið er í umferðarmálum og samvinna lögregluliða á SV-horninu sem og annara liða á landinu. Náðst hefur árangur með samvinnu sem eftir er tekið – fækkun umferðaróhappa/slysa og aukinni rannsóknarvinnu tæknilegri við úrvinslu umferðarslysa. Vegfarendur eru að skynja lögregluna með sýnileika en ekki sem refsivönd – ábyrgðin er færð yfir til vegfarenda sem sjá lögregluna og breyta langflestir hegðun í samræmi við það. Með þessari nálgun er hægt að ná til fleiri þátta löggæslunnar og um margt óplægður akur. En til þess að það verði þarf lögreglan að hafa á hreinu hvert hún er að fara, hvaða árangir hún vil ná og verða störf hennar metin út frá því. Þættir um umferðarmálin eins og hærri sektir, akstursbann o.fl er árangur sem lögreglan hefur ekki dregið fjöður yfir – en lögreglan á og má þakka sitt framlag til góðra verk og á að vera leiðandi á þeim vettvangi.

Ráðningar Ráðningar skulu alfarið færast til lögreglustjóra ekki vinna í því fyrirkomulagi sem er í dag. Lögreglustjórar og hans trúnaðarmenn eiga að velja lögreglumenn og alla stjórnendur. Annað fyrirkomulag er reynt og er hvorki skilvirkt né gott.

Ríkislögreglustjóri. **Ríkislögreglustjóri.** Fannst ráðherrann skilja það eftir í lausu lofti. Ráðherrann talaði um breytingu á fyrirkomulagi en um leið nauðsyn á því að embættið verði áfram til - án þess að skilgreina það frekar. En þar vísa ég til skýrslu vinnuhópsins og tillagna til að hafa til umhugsunar. Er hugmyndin að embættið verði eins og í upphafi var stefnt að – stjórnsýslustofnun en ekki virk löggæslustofnun eins og hún hefur orðið með samkeppni um peninga og mannafla við lögreglulið landsins? Talað um færslu verkefna til lögreglustjóra – gott mál en hvaða verkefni o.s.frv? Er möguleiki að umræðan hafi tekið stefnu í sitt hvora áttina - breytt fyrirkomulag eða óbreytt og er þar að kristalla skoðun lögreglustjóra? Veit ekki svarið. Ráðherrann gaf í skyn að það væri vilji þingmanna í stjórnarflokkunum báðum að leggja ríkislögreglustjóra niður – það eru ekki rök. En í breytingaferlinu er embættið ekki undanskilið endurskoðun og hvað hún leiðir af sér. Allt hefur það einn tilgang að lögreglan verði enn öflugri en hún er í dag

Kjarmálin. **Kjarmálin.** Lausir samningar við lögreglumenn verða þrándur í götu í skipulagsbreytingunum. Flýta þarf lokum samninga. Það kom fram í máli ráðherra að hann nálgast ekki verkefnið með sama hugarfari og fjármálaráðuneytið að hagræðingin eigi að koma fram á næsta ári. Niðurskurður í löggæslu til viðbótar allt að 10% gengur ekki og var hún því mjög sammála. Niðurskuður þarf a.m.k að vera töluvert minni en 10%. Eitt og ekki hvað síst í þessari umræðu er starfsstiga reglugerðin, endurskoðun hennar o.fl er mið tekur af skipulagsbreytingunum og vægi stjórnunarstarfa.

Eftirlaunamál. **Eftirlaunamál.** Við sameiningu kemur til þess að huga þarf að breytingu á stjórnendalögum í lögreglu. Margir lögreglumenn og félagsmálamenn þeirra hafa tekið undir þau sjónarmið að alltof margir stjórnendur komi að stjórnun lögreglu og því eigi að breyta. Einhver viðhorfsbreyting hefur orðið á en erfitt að festa hönd á hana. Það má örugglega til sannsvegar færa, en launastefna undanfarinna ára hefur verið of tengd launahækkunum í formi stöðuhækkunar án skipulags er kalli á þörfina fyrir stöðunni. Þessu þarf að breyta og gera menn ábyrga sem stjórnendur og finna þarf aðrar leiðir til að færa áhugasama og góða starfsmenn til betri launa. Stjórnendum mun fækka á næstu misserum og árum, en þeir sem eftir standa verða þá að vera ábyrgir t.d

eins og aðst./yfirlögregluþjónar er veljast til trúnaðarstarfa í umdæmunum.

Niðurstaða.

- Dómsmálaráðherra kallar félagið til faglegrar ráðgjafar og því tækifæri má félagið ekki sleppa.
- Göngum til skipulagsbreytinga með jákvæðni og málefnalegri nálgun.
- Ýtum til hliðar hagsmunagæslu er komið getur niður á heilarskipulaginu, skekkt það og jafnvel eyðilaggt.
- Menn verða að gera upp við sig hvort þeir vilji vinna í breyttu skipulagi eða yfirgefa starfið.
- Breytingar snúast ekki um persónur –þær snúast um betri og faglegri löggæslu. Við höfum mikið um það að segja.
- Lögreglan með markmið og skýra stefnu um hvert skal halda gerir okkur enn öflugri.
- Markmið og stefna skýr og úrvinnsla upplýsinga aðgegnileg og notuð sem stjórnþæki
- Kjarmálin verði leyst – það kallar á jákvæðni þeirra er breytingarnar munu ná til.
- Látum ekki álitamál trufla komum fram sem eitt lið og leysum málin okkar stjórnenda inn á við í félaginu.
- Stjórnendur umdæma fá tækifæri að ræða við ráðherrann – en þeir verða þá að hafa á hreinu hverjar eru þeirra tillögur.
- Gætum að félagið taki ekki þátt í umræðu um þrönga hagsmuni – þó það eigi að sjálfsögðu að gæta skynsamlegra hagsmuna.
- Eftirlaunamálin – eru hagsmunatengd fyrir starfsmenn og breytingarnar þ.e er hægt að fækka og um leið að skapa fleiri störf – ekki að þau leiði af sér lækkan fjárframlaga.

Þetta er það sem er efst í huga mínum – en ég mun óska eftir að fá tækifæri komi andinn yfir mig til að stinga að þér hugmyndum. Ég tel mig í hópi jákvæðra eins ég heilda að meiri hluti okkar er en hef ekki áhuga að valta yfir félag okkar en bið um málefnalega nálgun á verkið.

Kveðja/Egill

**Frá Kristjáni
Ólafi Guðnasyni
yfirlögregluþjóni
hjá LRH**

Sæll og takk fyrir síðast –

Í ljósi beiðni um tillögur til handa stjórn félagsins vegna fyrirhugaðra breytinga á lögreglulögum sendi ég þessar vangaveltur. Þær heyra ekki endilega til einstaka greinum frumvarpsins heldur urðu til í aðdraganda og eftir síðustu skipulagsbreytingar hjá lögreglu, en eins og þér er kunnugt þá voru þær umtalsverðar hér á höfuðborgarsvæðinu og hafa reynt mikið á.

Þær almennu spurningar sem ég tel að þurfi að spyrja eru þessar:

1. Hvað er verið að laga með skipulagsbreytingunum – hver eru vandamálin og hvar eru þau?
 - a. Er þau allsstaðar þau sömu og er stækkun embætta alltaf lausnin?
2. Hefur einhver greining farið fram eða er það bara „almenn vitneskja“ að stórt embætti sé gott og hagkvæmt?
 - a. Er það rétt í öllum tilvikum?

- i. Hvar eru sóknarfærin fyrir stórt embætti?
- ii. Hvar eru sóknarfærin fyrir lítið embætti?
- iii. Er hægt að samræma gæði smæðarinnar og hagkvæmni stærðarinnar?
- iv. Er mögulegt að stórt embætti verði óhagkvæmara en lítið vegna aukins flækjustigs og „peningaleka“ sem fylgja vill stórum embættum, m.a. vegna skorts á yfirsýn stjórnenda?
 1. Hvernig verður komið í veg fyrir slíka leka – skiptir skipulag embættisins máli eða ætlum við bara að stækka?

Hvað varðar frumvarpið sjálft hnaut ég um þrjú atriði sem varla geta þó talist til stórmála:

1. Ríkislögreglustjóraembættið á að mínu mati eingöngu að vera stjórnsýslustofnun. Hefðbundin löggæsluverkefni eru betur komin hjá embættunum og embætti ríkislögreglustjóra betur sett án þeirra.
2. Ég velti því upp hvort ráðningar eigi ekki allar að flytjast til embættanna. Að mínu mati eru sterkari rök fyrir því að lögreglustjóri velji sjálfur sína næstráðendur en að hann velji almenna lögreglumenn, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessu sé öfugt farið. Það stenst varla skoðun að færa lögreglustjóra þá ábyrgð að ráða almenna lögreglumenn en ekki sína næstráðendur.
3. Velti því upp hvort nauðsynlegt sé að binda námstíma í lögregluskóla og fleira honum tengt, inn í lagatexta. Finnst nokkuð mikið þar í lagt.

Kv.
Kristján

Frá Guðmundi Ómari Þráinssyni

Sæll og blessaður.

Á aðalfundi FY um síðustu helgi þá var óskað eftir því að félagsmenn sendu stjórninni hugleiðingar sínar um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum. Hvað varðar lögfestingu á almennri heimild til að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvísu, sem nú eru á hendi embættis ríkislögreglustjóra, sé ég ekki neina afgerandi sparnaðar- eða hagræðingarmöguleika í þeirri ráðstöfun. Eins og skipulagið er núna þá er öllum lögreglustjórum landsins tryggð þjónusta frá þeim deildum RLS sem hafa landsvísu hlutverk en hætt er við því að þessari landsvísu þjónustu yrði forgangsraðað aftan við kjarnastarfsemi viðkomandi lögregluembættis.

Læt fylgja í viðhengjum skjöl þar sem fram koma rök fyrir því að lögregluverkefni á landsvísu skuli heyra undir RLS.

Kveðja, Guðmundur Ómar

Viðhengi með erindi GPÓ

Framkvæmdanefnd um nýskipan lögreglumála.
Hr. Stefán Eiríksson, formaður.

Á kynningarfundum um nýskipan lögreglumála hefur komið fram að til umræðu sé að færa verkefni frá ríkislögreglustjóra til staðbundinna lögreglustjóra og hafa Fjarskiptamiðstöð og Sérsveit ríkislögreglustjóra verið nefnd í því sambandi. Sendi ykkur þessarar ábendingar í ljósi þess en umræddar deildar heyra undir mig hjá embættinu.

Fjarskiptamiðstöðin.

Fjarskiptamiðstöðin hóf starfsemi um mitt ár 2000 samhliða því að Tetra fjarskipti voru tekin í notkun. Í upphafi grundvallaðist starfsemin á samkomulagi ríkislögreglustjóra og þeirra sex lögreglustjóra sem voru á þáverandi Tetra svæði. Niðurstaða lögreglustjóranna var að fjarskiptamiðstöðin ætti heima hjá embætti ríkislögreglustjóra því í eðli sínu væri hún stoðdeild við lögregluliðin og stefnt að því að hún þjónustaði öll lögregluliðin sem hefur síðan verið staðfest í reglugerð um fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra.

Fjarskiptamiðstöðin er eitt öflugasta tæki ríkislögreglustjóra til þess að samræma störf almennu lögreglunnar í landinu og koma stefnumörkun ríkislögreglustjóra á framfæri. Við stofnun hennar var auk þess stefnt að því að sérhæfa lögreglumenn til starfa á fjarskipum lögreglu og losa lögregluliðin undan því að starfrækja eigin fjarskiptastöðvar með tilfallandi mannskap. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist varðandi þetta atriði. Lögregluliðin hafa mörg hver getað losað menn frá störfum inni á lögreglustöð og sett þá til starfa úti á vettvangi. Þá hefur verið þjálfað upp öflugt starfslið á fjarskiptamiðstöðinni og allt samstarf við aðra viðbragðsaðila á landsvísu hefur verið aukið.

Tilkoma fjarskiptamiðstöðvar og uppbygging hennar við hlið Neyðarlínunnar hefur auk þess leitt af sér stórfelda endurskipulagningu og samræmingu viðbragðsaðila varðandi björgunarmál og almannavarnir í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlið. Hlutverk fjarskiptamiðstöðvar varðandi leit og björgun samkvæmt reglugerð og það að hún tilheyrir sama sviði hjá RLS og almannavarnardeild hefur margvíslega styrkingu í för með sér varðandi hlutverk lögreglunnar á þessum sviðum. Aukin samnýting starfsmanna fjarskiptamiðstöðvar og almannavarnardeildar og samhæfing starfseminnar hefur átt sér stað að undanförnu og ljóst að starfsemi deildanna styrkist við það. Það væri því afturför ef deildirnar yrðu aðskildar á ný.

Þeir lögreglumenn sem starfa á fjarskiptamiðstöð starfa á landsvísu og hugsa hlutverk sitt á þann hátt en ekki sem svæðisbundið lögreglulið. Þeir eru þjálfaðir til að vera stoðdeild sem veitir þjónustu og samhæfir verkefni margra lögregluliða. Þeir koma auk þess fram í samstarfi við aðra viðbragðsaðila sem fulltrúar lögreglunnar á landsvísu og mikill ávinningur hefur verið að þessari nálgun fyrir lögregluna í heild og samstarf hennar við aðrar stofnanir og félög sem starfa á landsvísu.

Einu rökin sem sett hafa verið fram til stuðnings því að fjarskiptamiðstöð verði færð frá ríkislögreglustjóra til einhvers lögreglustjóra hafa verið að slíkt skapi starfsmönnum á fjarskiptamiðstöð meiri fjölbreytni í starfi. Verður það ekki skilið á annan veg en horfið verði frá því að sérhæfa lögreglumenn til þessara starfa sem væri þvert á þá stefnu sem verið hefur og í reynd afturför til fyrri tíma. Skortur á fjölbreytileika hefur meira stafað af of löngum vöktum og er unnið að því að skipta úr 12 tíma vöktum í 8 tíma vaktir. Auk þess sem fjöldi á vakt verði í samræmi við álag. Með því skapast aukið svigrúm til þjálfunar sem m.a. er nýtt til heimsóknna til umdæmanna til að auka enn frekar samræmingu á vinnubrögðum.

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans hefur ótvírætt sýnt fram á mikilvægi sitt við stjórnun og samhæfingu löggæslu í landinu með Tetra fjarskiptakerfinu og er orðin ómissandi þáttur í löggæslumálum landsins sem gefur mikla möguleika á stórefldri samvinnu lögregluliða og

samhæfingu. Hérlandis erum við í reynd komin mun lengra á þessu sviði en hin Norðurlöndin með rekstri einnar fjarskiptamiðstöðvar fyrir lögreglu og samhæfingarstöðvar almannavarnadeildar á sama stað. Því er mjög mikilvægt að starfsemi fjarskiptamiðstöðvar verði tryggð á sömu stjórnunarlegu forsendum og verið hefur frá stofnun hennar.

Sérsveitin.

Sérsveitin var stofnuð um mitt ár 1982 innan lögreglunnar í Reykjavík fyrir tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins. Hún var frá upphafi og allt þar til starfsemi hennar var flutt til ríkislögreglustjóra hornreka í kerfinu. Sérsveitina skorti stefnumörkun á landsvísu og viðkvæðið var sífellt að hún væri í reynd bara ætluð til starfa í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík. Allan vilja skorti hjá lögreglustjóranum í Reykjavík til að stækka sveitina í fullnægjandi stærð miðað við verkefni og starfsemi hennar rakst stöðugt á starfsemi almennu deildarinnar í Reykjavík sem hún var hluti af frá árinu 1992. Reyndar lagði lögreglustjórinn í Reykjavík til að sérsveitin yrði flutt til ríkislögreglustjóra því hún raskaði starfsemi lögreglunnar í Reykjavík svo mikið.

Svipaða sögu má segja af þróun sérsveita á hinum Norðurlöndunum. Í Svíþjóð og Danmörku var þróunin sú að sveitirnar sem í upphafi voru hluti af lögregluliðunum í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn voru fluttar til ríkislögreglustjóraembættanna. Í Noregi er sérsveitin hluti af lögreglunni í Osló en hefur hlutverk á landsvísu. Öll stefnumörkun og fjármunir koma þó frá Politidirektoratet sem sveitin leitar beint til. Norska sérsveitin er í reynd eina deildin hjá norsku lögreglunni sem tilheyrir svæðisbundnu embætti í stað þess að vera sjálfstætt lögreglulið.

Skipulag löggæslu í Noregi er ólíkt því sem er á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð hvað varðar embætti ríkislögreglustjóra. Þar eru landsdeildir lögreglu sjálfstæð lögreglulið (Særorgane) í stað þess að vera deildir hjá ríkislögreglustjóraembættinu. Svo sem Nye Kripos (rannsóknarlögregla ríkisins), Ökokrim (efnahagsbrotadeild); UP (þjóðvegallögregla) og PDMT (tækja-, tölvu- og búnaðardeild). Hafa verður í huga að lögreglan á hinum Norðurlöndunum er ein stofnun í fjárlögum og ríkislögreglustjórnir fara með fjárveitingar til lögregluliðanna sem veitir þeim mun meira verksvið við stefnumörkun og sjórnun einstakra lögregluliða en er hérlandis þar sem lögreglustjórnir hafa sjálfstæði í fjárlögum. Fyrirkomulagið á hinum Norðurlöndunum skapar þá möguleika að flytja til mannskap og fjármuni eftir tímabundnum staðbundnum þörfum svo sem ef við fjárhagsvanda er að glíma á einstökum stað.

Í samræmi við stefnumörkun um eflingu sérsveitar hefur verið unnið að eflingu hennar og í dag gerir sérsveitin að jafnaði út 3 bíla og upp í 4-5 bíla um helgar. Þar fyrir utan er unnið að sérstökum verkefnum svo sem eftirliti með handrúkkurum og samvinnu við lögregluliðin varðandi húsleitir, köfun, sprengjuleit, öryggisgæslu og margvísleg önnur verkefni svo sem nýlegt eftirlit með rjúpnaskyttum. Á næsta ári styrkist starfsemin enn frekar með þeirri fjölgun sem þá er fyrirhuguð og möguleikar aukast á að senda lögregluliðum liðstyrk vegna sérstakra verkefna.

Tilflutningur sérsveitar ríkislögreglustjóra og efling hennar er einhver mesta einstaka styrking á almennri löggæslu sem orðið hefur frá því ég hóf störf í lögreglunni. Frá Reykjavík og Akureyri eru gerðar út lögreglubílfreðar sem nýtast lögregluliðunum á Suð- Vesturlandi og Norðurlandi. Fyrir embættin í kringum Reykjavík þ.e.a.s. Kópavog, Hafnarfjörð, Keflavík, Selfoss, Borgarnes og Akranes má segja að til viðbótar séu komnir 4-5 menn á hverja vakt og upp í 8-10 á helgarnæturvaktir til viðbótar við það lið sem er á vakt á hverjum stað. Sérsveitin er færanlegur liðssyrkur sem Fjarskiptamiðstöð sendir á þá staði þar sem þörfin er mest hverju sinni. Þá er tryggt að ávallt séu á vakt sérsveitarmenn sem fyrirvaralaust er hægt að senda hvert sem er á landinu ef upp koma sérsveitarverkefni. Tilflutningur sérsveitar til ríkislögreglustjóra hefur leitt til þess að boðleiðir hafa allar einfaldast og það er mjög auðvelt að leita eftir aðstoð frá sérsveit. Þegar sérsveitin var hluti af lögreglunni í Reykjavík var þungt í vöfum að kalla eftir aðstoð og önnur lögreglulið voru hikandi við að leita eftir aðstoð.

Mjög góð reynsla er komin á það fyrirkomulag sem er á rekstri sérsveitar í dag og hentar það starfsemi sveitarinnar. Það er ein yfirstjórn sérsveitar í stað þess að áður höfðu sérsveitarmenn marga yfirmenn sem sífellt leiddi til árekstra. Sérsveitin starfar á landsvísu og er því best komin hjá embætti sem er á landsvísu. Reynslan af öðru hefur ekki verið góð og mikil afturför ef því yrði breytt. Þá leita lögreglembættin frekar til sérsveitar sem er stoðeild á landsvísu og hika síður við að nýta sér hana.

Samantekt.

Undirritaður hefur nýverið heimsótt öll lögreglulið landsins utan Reykjavíkur og í þeim heimsóknnum hef ég haft með í för fulltrúa fjarskiptamiðstöðvar, sérsveitar og bílamiðstöðvar. Ánægjulegt hefur verið að sjá hve mikil breyting til batnaðar hefur orðið hjá lögreglunni á undanförunum árum. Lögregluliðið hefur yngst, er skiptað menntuðum lögreglumönnum, tækja- og bílakostur hefur tekið algörum stakkaskiptum og ástandið varðandi lögreglustöðvar víðast hver komið í lag. Í þessum heimsóknnum hef ég ekki orðið var við annað en menn væru ánægðir með þá þjónust sem fjarskiptamiðstöðin, sérsveitin og bílamiðstöðin veita. Þá hefur samvinna lögregluliða stórauðist, sérstaklega þar sem Tetra fjarskipti eru til staðar.

Sé litið til þeirrar þróunar sem orðið hefur hjá embætti ríkislögreglustjóra frá stofnun embættisins verður ekki betur séð en starfsemi fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar séu meðal þess sem best hefur til tekist varðandi breytingar innan lögreglunnar á undanförunum árum. Þau markmið sem m.a. er stefnt að samkvæmt tillögum um nýskipan lögreglumála er að auka og efla þjónustu, styrkja löggæslu og auka möguleika varðandi stór verkefni. Verður ekki betur séð en starfsemi fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar í dag sé í fullu samræmi við þau markmið.

Í tillögum framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála er vikið að því að með tilflutningi verkefna frá ríkislögreglustjóra til annarra embætta skapist tækifæri til að beina kröftum embættisins í meira mæli beint að stjórnsýsluverkefnum á sviði löggæslu m.a. verkefnum sem snúa að aukinni samvinnu embætta auk verkefna á sviði stefnumótunar. Það að færa starfsemi fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar frá ríkislögreglustjóra mun rýra möguleika embættisins á þessum sviðum en ekki auka þá. Starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar hafa komið beint að slíkum verkefnum hjá embættinu og í reynd gert því kleift að setja fram margvíslegar verklagsreglur fyrir lögregluna og að standa fyrir margvíslegum samvinnuverkefnum með lögregluliðunum svo sem átaksverkefni á sviði umferðarlöggæslu, aðgerðir gegn handrúkkurum o.s.frv. Færri starfsmenn verða því til að sinna þessum verkefnum ef fjarskiptamiðstöðin og sérsveitin færðust frá ríkislögreglustjóra.

Þá verður að hafa í huga að starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar styrkja almannavarnadeildina varðandi Samhæfingarstöðina og koma að áætlanagerð og æfingum sem haldnar eru vegna almannavarna. Brýnt er að áfram verði haldið á þeirri braut að fjarskiptamiðstöðin og almannavarnadeildin lúti sömu stjórn og skipulagi en verði ekki aðskildar.

Frá stofnun ríkislögreglustjóra hefur stundum verið haldið fram að embættið eigi ekki að hafa "operativa" starfsemi þó þær raddir séu nú að mestu þagnaðar enda rökleysa. Ef þau rök væru höfð að leiðarljósi ætti til dæmis hvorki efnahagsbrotadeild, alþjóðadeild, fjarskiptamiðstöð, almannavarnadeild né sérsveit að vera starfrækt hjá ríkislögreglustjóra. Þetta er í reynd mikill misskilningur. Embættið sem hið miðlæga lögregluembætti á að hafa alla starfsemi sem er á landsvísu. Ef vilji er til að skipta upp embættinu þá væri rökréttara að útbúa nýtt embætti sem starfrækti allar deildir lögreglu sem hafa hlutverk á landsvísu undir stjórn lögreglustjóra sem hefði með höndum landsvísuverkefni. Reyndar er það þannig t.d. í Danmörku að hjá ríkislögreglustjóra starfa lögreglustjórar sem eru í forsvari fyrir deildir sem starfa á landsvísu svo sem Ferdselspolitiet (þjóðvegaglögleglan) og í reynd væri eðlilegt að taka upp þá skipan hér frekar en að stofna nýtt

embætti þegar verið er að reyna að fækka þeim. Það er hins vegar rökleysa að setja miðlæga starfsemi undir suma svæðisbundna lögreglustjóra sem væru þá jafnframt með miðlæga starfsemi á landsvísu og í reynd orðnir til margir ríkislögreglustjórar sem myndi veikja hið miðlæga lögregluvald þegar frekar er ástæða til að styrkja það enn frekar til þess að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt.

Reykjavík, 3. desember 2005

Jón F. Bjartmarz

Viðhengi með erindi GPÓ

Til: Ríkislögreglustjóra

Frá: Jóni Bjartmarz og Geir Jón Þórissyni, yfirlögregluþjónum.

Varðar: Efling löggæslu og sérsveitar á höfuðborgarsvæðinu.

Minnisblað

Í ljósi vaxandi hörku í afbrotum er tekið undir þau sjónarmið dómsmálaráðherra að brýnt sé að efla sérstaklega lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í heild. Eftir tilkomu fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar sem sinnir stýringu útkallsbifreiða þeirra sex lögregluliða sem eru á núverandi Tetra fjarskiptasvæði hefur viðbragðstími lögreglu stytst, samstarf liðanna aukist og útkallsbifreiðar eru sendar milli umdæma eftir neyðarþörf hverju sinni.

Sérsveit ríkislögreglustjórans er í dag rekin með þeim hætti að stjórnendur hennar eru starfandi hjá RLS sem annast allt skipulag og stjórnun þegar sveitin er við æfingar, þjálfun og verkefni. Sextán sérsveitarmenn starfa í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík og tveir hjá lögreglunni á Akureyri. Áður fyrr voru einnig starfandi þrír sérsveitarmenn hjá lögreglunni á Keflavíkflugvelli. Frá árinu 1992 hafa sérsveitarmenn í almennu deild lögreglunnar í Reykjavík mannað svokallaða vaktabifreið sérsveitar þegar þeir hafa verið á vakt. Vaktabifreiðin hefur virkað sem útkallsbifreið með vopnuðum lögreglumönnum þegar á hefur þurft að halda því sérsveitarmennirnir hafa vopn sín meðferðis í bifreiðinni. Þá virka þeir sem undanfarar komi til frekara útkalls sveitarinnar. Má í reynd segja að slíkur lágmarks vopnaður viðbúnaður stuðli að því að síður þurfi að koma til þess að vopna íslensku lögregluna almennt við dagleg störf.

Það að gera út slíka vopnaða viðbragðsbifreið hefur óumdeilt styrkt lögregluna í Reykjavík þegar bifreiðin hefur verið í umferð. Hins vegar hefur þróun sveitarinnar sem slíkrar verið hæg m.a. vegna þess að hún er ekki rekin sem sjálfstæð deild. Því vandkvæðum fylgir að sveitin sé hluti af annarri deild og komið að því að efla hana enn frekar og færa skipulag hennar í endanlegt horf. Sú skipan að hún heyri undir ríkislögreglustjóranum hefur gefist mjög vel og er í samræmi við skipan mála á öðrum Norðurlöndum.

Sérsveitin er stór liður í öryggismálum ríkisins og í ljósi jafnræðisreglu eiga allir þegar sama rétt á þeirri þjónustu og öryggisvernd sem hún veitir hvar sem er á landinu. Við útköll hefur verið við það miðað að vaktabifreiðin fer sem undanfarabifreið sérsveitar ef akstursvegalengd er innan við 1 klst. Sé vegalengd lengri tekur styttri tíma að nýta þyrlur eða flugvélar.

Til þess að efla og styrkja lögregluna á höfuðborgarsvæðinu er brýnt að tryggja rekstur sérsveitar ríkislögreglustjórans sem sér deildar og flytja þá sérsveitarmenn sem starfa hjá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjórans. Vaktabifreiðin lúti eftir sem áður stýringu fjarskiptamiðstöðvar til verkefna en er óbundin af umdæmamörkum. Við almenn lögreglustörf lúta sérsveitarmennirnir stjórn lögreglustjóra þess umdæmis sem þeir starfa í hverju sinni með sama hætti og lögreglumenn í umferðardeild ríkislögreglustjórans gera í dag.

Með því að reka sérsveitina sem sérstaka deild hjá ríkislögreglustjóranum er tryggt að vaktabifreiðinni verði ávallt haldið úti. Með þessum ráðstöfunum er um leið verið að efla lögregluna á þann hátt að slík stoðdeild er í reynd hreyfanlegt lögreglulið sem flyst til eftir þörfinni hverju sinni. Styrkir það mjög öll lögregluliðin á Suð- Vesturlandi gagnvart ránum og vopnuðum ofbeldisbrotum. Þá hættir sérsveitin einnig að raska starfsemi almennu deildarinnar í Reykjavík vegna brotthvarfs manna til sérsveitarstarfa eða þjálfunar og allt skipulag sérsveitarinnar styrkist. Einnig er mjög brýnt að sérsveitarmenn sinni áfram almennum lögreglustörfum samhliða þjálfun og verkefnum sem sérsveitarmenn því það að takast á við erfið og krefjandi lögregluverkefni daglega er í reynd raunhæf þjálfun fyrir viðkomandi. Lögð er á það áhersla hjá sérsveitum lögreglu á Norðurlöndunum að ekki sé æskilegt að sérsveitarmenn sinni eingöngu þjálfun og sérsveitarverkefnum.

Ljóst er að með framangreindum ráðstöfunum verður að bæta lögreglunni í Reykjavík stöðugildi til mótvægis því vaktabifreiðin verður ekki bundin við Reykjavík lengur heldur starfar á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er mest hverju sinni. Lagt er til að fjölgað verði um 15 stöðugildi lögreglumanna í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík eða sem svarar þremur lögreglumönnum á hverri vakt.

Tillaga

Lagt er til að 16 stöðugildi sérsveitarmanna hjá lögreglustjóranum í Reykjavík verði færð til ríkislögreglustjórans frá og með 1. janúar 2004. Ríkislögreglustjórinn starfræki sérsveitina sem stoðdeild sem manni vopnaða útkallsbifreið og sinni auk hefðbundinnar þjálfunar og sérsveitarstarfa, erfiðum og hættulegum lögregluverkefnum samhliða almennri umferðarlöggæslu og eftirliti á höfuðborgarsvæðinu og þjóðvegum í þéttbýli og nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Árlegur kostnaður við rekstur bifreiðarinnar er um 2,5 mkr. Til mótvægis verði frá sama tíma fjölgað um 15 stöðugildi í Reykjavík. Kostnaður við hvert stöðugildi er 5,5 mkr eða samtals 82,5 mkr. Með framangreindum ráðstöfunum verður sérsveitin viðbót við lögregluliðin á Suð- Vesturlandi og styrkir mjög almenna löggæslu á svæðinu.

Lagt er til að tekið verði til skoðunar að endurvekja þá skipan að þjálfar 6 lögreglumenn á Keflavíkurflugvelli sem sérveitarmenn auk þess sem fjölgað verði um einn sérsveitarmann á Akureyri. Þar er þegar einn sérsveitarmaður á biðlista eftir að losni staða. Markmið þessa er að stækka sérsveitina því hún er í reynd of fámenn í dag. Hún færi þá úr því að vera með 21 mann í 28. Stofnkostnaður vegna búnaðar fyrir hvern mann er um 1 mkr eða samtals 7 mkr. Árlegur viðbótarkostnaður sérsveitar fyrir hvern slíkan mann er 1,5 mkr. eða samtals 10,5 mkr. Stækkun sérsveitar eflir flugverndar- og öryggisviðbúnaðar á Keflavíkurflugvelli og Akureyrarflugvelli.

Einskiptis stofnkostnaður samfara þessum ráðstöfunum er 7 mkr til sérsveitar en árleg hækkun rekstrarkostnaðar sérsveitar 13 mkr til viðbótar við þau 16 stöðugildi sem færast frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Árleg hækkun rekstrarkostnaðar hjá lögreglustjóranum í Reykjavík nemur 82,5 mkr vegna 15 nýrra stöðugilda.

Viðhengi með erindi GPÓ

Starfshópur dómsmálaráðherra á villigötum

Við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi löggæslumála í landinu virðist vera kominn upp sú hugmynd að Ríkislögreglustjóraembættið verði „yddað“ í miðlæga stofnun sem annaðhvort veiti öðrum embættum umboð til að reka þær lögregludeildir sem undir embættið heyra í dag eða að deildirnar verði einfaldlega færðar þangað. Í fljótu bragði sé ég engan mun á því hvort Stefán Eiríksson fái umboð til að reka sérsveit, fjarskiptamiðstöð og aðrar deildir embættisins eða hann fái umræddar löggæslueiningar beint undir sína stjórn. Orðagjálfur heitir þetta á íslensku. Dómsmálaráðherra lagði áherslu á það að ekki yrði farið út breytingar ef það myndi valda sundrungu og mikilli andstöðu meðal lögreglumanna. Nú þykist ég vita að langflestir starfsmenn Ríkislögreglustjóraembættisins sjái þessum hugmyndum allt til foráttu.


Tvær stórar spurningar hafa komið upp í hugann vegna þessara hugmynda og eru þær eftirfarandi: Þar sem að drifkraftur þessara breytinga er niðurskurður fjárheimilda er eðlilegt að spyrja; hvað sparast við það að færa sérsveit og fjarskiptamiðstöð + aðrar einingar undir LRH (eða önnur embætti)? Er búið að reikna það út að það sé ódýrara að reka þessar einingar við Hverfisgötu heldur en það er við Skúlagötu? Er ekki hægt að skera niður á sama hátt við Skúlagötuna eins og hægt væri við Hverfisgötuna? Jú að sjálfsögðu er það hægt. Hin stóra spurningin er sú hvort fagleg rök ráði því að færa verður sérsveit og fjarskiptamiðstöð frá Skúlagötu (Skógarhlið) og á Hverfisgötuna. Engin hefur sýnt fram á nein fagleg sjónarmið sem styðja þessa færslu heldur þvert á móti er þetta fyrirkomulag að hafa stoðeild sem sinnt getur aðstoð við öll embætti landsins með litlum sem engum fyrirvara mjög hentugt fyrirkomulag. Yfirgnæfandi hluti skráðra verkefna hjá sérsveit í dag er hjá LRH. Mörg þúsund verkefni á ári teljast til almennra verkefna.

Um leið og sérsveit yrði færð undir stjórn LRH þá mun það koma mjög niður á löggæslu í höfuðborginni ef að sérsveitin þyrfti að fara snögglega út úr bænum. Það myndi því skapast tregða við að veita embættum út á landi aðstoð þegar mikið liggur við. Við vitum að um leið og aðalvarðstjórar á vöktum hjá LRH fá að skrá sérsveitarmenn á sína varðtöflu þá munu þeir spara við sig í aukavinnupöntunum og gefa fleirum frí. Skjótt verða sérsveitarbílarnir bundnir í verkefnum sem almenna deildin sinnti áður, um leið og almennudeildar lögreglumönnum fækkar á vöktunum. Þetta er algerlega fyrirsjáanleg þróun. Þetta er nákvæmlega staðan sem var þegar að sérsveitin var hjá Lögreglunni í Reykjavík sem heitir nú LRH. Það var mikið högg fyrir vaktina þá, þegar að námskeið eða stór verkefni kröfðust fjarveru í nokkra daga. Það setti allt skipulag úr skorðum. Ekki nóg með það að tregðan væri fyrir hendi heldur skapaði fjarvera sérsveitarmanna af vöktum vegna æfinga og sérverkefna eilífa úlfúð gegn þeim sem gerði það að verkum að þeir einangruðust gagnvart öðrum stjórnendum en þeim sem stjórnðu sérsveitinni auk þess sem aðrir lögreglumenn sáu ofsjónum yfir æfingum og sérverkefnum og fjarvern af vöktum vegna þeirra.

Þetta er fullreynt fyrirkomulag sem allir voru sammála um að gengi ekki, meira að segja Stefán Eiríksson kom að þessum breytingum á sínum tíma. Það voru því fullgild fagleg rök sem voru fyrir hendi þegar að sérsveitin var færð undir miðlæga starfsemi á landsvísu. Þau hafa ekkert breyst nema að síður sé. Öllu meiri nauðsyn er nú fyrir því að hafa stoðeild við lögregluembættin öll, til dæmis í baráttu við skipulagða glæpastarfsemi sem virðir hvorki umdæmamörk né landamæri. Þörfin fyrir vel þjálfaða sveit manna sem getur aðstoðað við sérhæfð lögregluverkefni um land allt hefur aldrei verið meiri og mun aukast í fyrirsjáanlegri framtíð.

Sömu spurninga verður að spyrja þegar að kemur að öðrum einingum Ríkislögreglustjóraembættisins. eru fjárhagsleg eða fagleg rök fyrir því að færa þessar einingar gegn vilja starfsmannanna? Nei segi ég og miðað við orð dómsmálaráðherra í fundinum í dag á Grettisgötunni þá virðist þessi hugmynd vera andvana fædd. Það sem eftir stendur er sú spurning hvort þessi hugmynd sé sprottin á pólitískum forsendum. Getur verið að dóms- og mannréttindarmálaáðherra sé undir þrýstingi að koma einhverskonar höggi á embætti ríkislögreglustjóra eins og samfylkingarþingmenn hafa hrópað eftir? Ef engin fagleg né fjárhagsleg rök eru fyrir því að breyta núverandi fyrirkomulagi þá treysti ég dómsmálaráðherra til að taka rétta

ákvörðun. Hún hefur sýnt það að skynsemi og yfirvegun einkenna hennar athafnir og því hef ég engar áhyggjur.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2742
komudagur 8.6.2010 

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐHERRA

Minister of Justice and Ecclesiastical Affairs

Justíts- og kirkeminister

Skuggasund 18-150 Reykjavík Ísland

tel.: + (354) 545 9000 Fax: + (354) 352 7340

e-mail: postur@dkm.stjr.is

www.dkm.is

Landssamband lögreglumanna
Snorri Magnússon
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

Reykjavík 7. júlí 2008

Tilv.: DKM08070040/10.1-

/. Hjalagt sendist yður til kynningar og athugasemda minnisblað um endurskoðun lögreglulaga. Í minnisblaðinu eru dregin saman á einn stað álitæfni og tillögur vegna smíði nýrra lögreglulaga. Mikilsvert er, að viðtæk samstaða náist með öllum, sem starfa samkvæmt lögnum, um meginefni þeirra, áður en ráðist verður í semja einstakar lagagreinar.

Markmið mitt er, að hafin verði vinna við gerð nýrra lögreglulaga næsta haust. Þar verði leitast við að koma til móts við þau sjónarmið, sem fram koma í tilefni af athugun á efni þessa minnisblaðs.

Er þess óskað að ábendingar yðar og tillögur verði kynntar dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir 15. september nk.


Björn Bjarnason

Samrit: Ríkislögreglustjóri, Haraldur Johannessen, Lögreglustjórafélagið, Kjartan Þorkelsson, Skólastjóri
Lögregluskóla ríkisins, Arnar Guðmundsson, Sýslumannafélag Íslands, Anna Birna Þráinsdóttir, Félag
yfirmörgreipjóna, Geir Jón Þórisson og Landssamband lögreglumanna, Snorri Magnússon

Minnisblað um endurskoðun lögreglulaga.

I. Inngangur.

Frumskylda ríkisins við borgarana er að tryggja þeim öryggi svo sem verða má. Ríkisvaldinu ber ætíð að sjá til þess að starfsemi lögreglu í víðum skilningi sé bæði vönduð, skilvirk og hagkvæm. Til að svo megi verða er brýnt að tryggja að starfsumhverfi lögreglu sé á hverjum tíma þannig að þessum markmiðum verði náð.

Á síðustu áratugum hafa verið gerðar viðamiklar laga- og skipulagsbreytingar, sem veruleg áhrif hafa haft á starfsumhverfi lögreglu. Eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði 1992 fóru lögreglustjórar ekki lengur með dómsvald og með nýjum lögreglulögum árið 1996 var sett á stofn sérstakt embætti ríkislögreglustjóra, rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður o.s.frv. Á lögreglulögum hafa verið gerðar fjölmargar breytingar til að efla og bæta starfsumhverfi lögreglu við sfbreytilegar aðstæður, m.a. með fækkun lögreglustjóraembætta úr 25 í 15 og stofnun greiningardeildar við embætti ríkislögreglustjóra, sem tók gildi 1. janúar 2007. Þá hefur Alþingi nýlega samþykkt nýja heildarlöggjöf um meðferð sakamála, þar sem ákveðnar eru m.a. verulegar skipulagsbreytingar á meðferð ákærvalds. Í lögnum eru og ný ákvæði um þvingunarráðstafanir og ýmsar aðrar aðgerðir í þágu rannsóknar sakamáls ásamt öðru, sem áhrif hefur á starfsumhverfi lögreglu. Jafnframt hefur Alþingi samþykkt ný lög um almannavarnir, en lögregla gegnir lykilhlutverki samkvæmt þeim.

Í ljósi alls framangreinds, reynslunnar af breytingum á lögreglulögum sem tóku gildi 1. janúar 2007, afbrotapróunar og áhrifa utanaðkomandi breytinga á starfsemi lögreglu í landinu eru með minnisblaði þessu kynntar hugmyndir um efni nýrra lögreglulaga.

Hugmyndirnar taka mið af fyrirkomulagi refsivörslukerfisins á Íslandi í heild sinni með hliðsjón af því sem best hefur talist reynast í öðrum Evrópuríkjum og í ljósi breytinga á lagaumhverfi og aðstæðum á Íslandi að öðru leyti.

Þá tekur minnisblaðið mið af tillögum nefndar sem skipuð var til þess að meta árgangur af skipulagsbreytingunum sem tóku gildi í byrjun árs 2007. Meðal þess sem nefndin leggur til er að umdæmum lögreglustjóra verði fækkað enn frekar, embætti sýslumanna og lögreglustjóra verði skilin að og að hugað verði að nýrri skipan lögreglurannsókna og innbyrðis verkaskiptingu í starfsliðum lögregluembætta. Litið er til þeirrar tölfræði um starfsemi lögregluembættanna sem tilgreind er í skýrslu nefndarinnar (hér eftir nefnd áfangaskýrslan) og upplýsinga um afbrotapróun og nýjar tegundir afbrota og annarra áhættuþátta sem lögregla mun þurfa að huga að til að vernda og þjónusta borgarana.

Íslensk stjórnvöld hafa á evrópskum vettvangi tekið þátt í að móta og samþykkja reglur um samvinnu lögreglu milli ríkja, upplýsingaskipti og vernd upplýsinga. Nauðsynlegt er að skapa íslenskri lögreglu skilyrði til að standa undir þeim skuldbindingum sem í þessum reglum felast. Sérstaklega þarf að huga að leiðum til að mæta þörf fyrir aukið öryggi í tengslum við störf lögreglu, bæði ytra og innra öryggi. Nauðsynlegt að koma á traustu innra eftirliti með lögreglustarfsemi, sem nær til allra umdæma landsins, og að framkvæmd þess sé skýr, þannig að sami skilningur sé á því, hvað í því felst og hvaða kröfur það þarf að uppfylla.

Í grundvallaratriðum eru verkefni og skyldur íslensku lögreglunnar þær sömu og lögreglu í öðrum Evrópuríkjum. Því þykir rétt að líta til reynslu annarra ríkja um hvaða skipulag og starfsumhverfi gefist best við núverandi aðstæður. Í því efni er meðal annars litið til þess, hvemig best hefur tekist til við að skipta verkum milli ríkislögreglu annars vegar og lögreglu í umdæmum hins vegar í þessum ríkjum. Við vinnslu minnisblaðsins og tillagna í því er jafnframt byggt á verkefnum íslensku lögreglunnar eins og þau eru kynnt í löggæsluáætlun 2007-2011.

Að teknu tilliti til alls þess sem að framan greinir er eftirfarandi lagt til:

II. Lögreglustjórar

a. Embætti og verksvið lögreglustjóra

Fallist er á sjónarmið í áfangaskýrslunni um árangur af nýskipan lögreglumála og lagt til að umdæmum lögreglustjóra verði fækkað enn frekar, embætti sýslumanna og lögreglustjóra verði skilin að, verkefnaskipting lögreglu og annars starfslíðs verði skýrð og að hugað verði að nýrri skipan lögreglurámsókna. Vísað er til rökstuðnings í áfangaskýrslunni um þessar tillögur, sbr. og bréf yfirlögregluþjóna á Norðurlandi sem er fylgiskjal með áfangaskýrslunni.

Lagt er til að sett verði á stofn fjögur ný embætti lögreglustjóra, sem starfi við hlið þeirra tveggja lögreglustjóraembættanna sem ekki fara nú með annað umboðsvald í héraði en lögreglustjórn. Embættin hafi hlutverk sem nánar sé skilgreint í lögreglulögum, en sú breyting yrði jafnframt á þeim 13 sýslumannsembættum, sem í hlut eiga, að lögreglustjórn verður skilin frá starfsemi þeirra.

Lagt er til að ný embætti lögreglustjóra verði á Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi (þ.m.t. á Vestfjörðum), en starfsemi embættanna á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu verði óbreytt. Huga þarf sérstaklega að aðsetri nýju lögreglustjóranna í umdæmunum, en ekki er tekin afstaða til staðarvalsins í þessu minnisblaði. Rannsóknardeild, ákærudeild og aðrir miðlægir hlutar starfsemi embættanna yrðu væntanlega til húsa á þeim stöðum. Hvert embætti hefði starfandi lögreglustöðvar á fleiri stöðum í umdæmunum, og fækki stöðvunum ekki frá því sem nú er. Yfirlögregluþjónar eða jafnvel varalögreglustjórar yrðu í stærri byggðarlögum, ásamt öðru nauðsynlegu starfslíði, sjá viðauka – um fjölda lögreglumanna í hverju lögregluliði.

Stjórnskipulega verði Lögregluskóli ríkisins sjöunda lögreglustjóraembættið, sjá nánar sérstakar tillögur um skólann í lið IV.

b. Lögreglustjórar og skilyrði skipunar þeirra, meðferð ákærvalds

Þegar lögreglustjórar fóru víðast hvar jafnframt með dómvald var ekki óeðlilegt að sú krafa væri gerð að þeir uppfylltu hæfisskilyrði til dómarskipunar og hefðu embættispróf í lögfræði. Þegar litið er til þess sem annars staðar tíðkast t.d. í Evrópu, framþróunar í lögreglufræðum og þeirra margvíslegu krafna sem gerðar eru til starfsemi lögreglu nú, þykir rétt að huga að því hvort lögfræðimenntun, sé nauðsynleg þegar kemur að lögreglustjórn. Lögreglumenn, sem hlotið hafa menntun í Lögregluskóla ríkisins og margháttða framhaldsmenntun innanlands og erlendis, búa yfir mikilvægri þekkingu, þegar kemur að innviðum lögreglustarfsins og það eitt getur bætt samstarf og aukið skilvirkni í starfsemi lögreglustjóraembættanna. Þannig yrði ekki girt fyrir að velmenntaðir yfirmenn lögreglu ættu þess kost að verða lögreglustjórar, þótt þeir hefðu ekki embættispróf í lögum.

Rétt þykir að heimila ráðherra að skipa aðra en þá sem uppfylla skilyrði til að fá dómaraembætti sem lögreglustjóra. Ekki er lagt til að dregið verði úr kröfum til menntunar, þvert á móti er lagt til að meiri áhersla verði lögð á menntun og reynslu, sem nýtist sérstaklega vel til starfars, til að mynda lögregluskólapróf, að viðbætti menntun eða reynslu í stjórnun en jafnframt væri æskilegast að lögreglustjóri hefði lokið einhverju námi á háskólastigi.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um sakamál eru lögreglustjórar ákærendur. Ekki er í lögnum gert ráð fyrir að unnt sé að skipa sérstaka saksóknara við lögregluembætti, enda verði mál þar með einfaldara sniði en nú tíðkast. Þá er í sakamálalögum gert ráð fyrir rýmri heimild en áður fyrir lögreglustjóra til að ljúka málum með sátt. Með nýju embætti héraðssaksóknara, er óhjákvæmlegt að huga að því hve viðtækar ákærvaldsheimildir lögreglustjóra skuli vera. Verði gerðar breytingar á menntunarkröfum lögreglustjóra ber jafnframt að huga að breytingum á skipan ákærvalds skv. lögum um meðferð sakamála.

c. Lögreglumenn og annað starfslið lögreglu

Lagt er til, að í lögreglulögum verði skilgreint hvað felst í almennum lögreglustörfum. Í lögreglulögum er tíundað hvaða skyldur og ábyrgð lögreglumenn beri í störfum sínum, en hvergi er að finna almennt ákvæði um það hvað teljist til lögreglustarfa. Nánari skilgreining á því myndi væntanlega auðvelda lögreglustjórum að skipta svo verkum með starfsliði sínu að menntun og sérhæfing hvers og eins nýtist sem best.

Þegar litið er til áfangaskýrslunnar, er ljóst að dýrmætri menntun í lögreglufræðum er í raun á stundum sólundað til verkefna, sem aðrar starfsstéttir eru betur færar um að sinna. Er þá bæði átt við stjórnunarverkefni sem lúta að rekstri, skipulagi, fjármála- og starfsmannastjórn svo og almenn skrifstofu- og hjónustuverkefni. Með fækkun og stækkun lögreglustjóraembættanna skapast svigrúm til að slíkum verkefnum sé sinnt af þar til bærum aðilum, en lögreglumenn einbeiti sér að lögreglustörfum, sem skilgreind séu í lögreglulögum.

Þá er jafnframt tekið undir sjónarmið áfangaskýrslunnar um að rétt sé að huga að endurskoðun þeirrar sjálfvirku tengingar, sem komist hefur á milli launa og starfsstiga lögreglu og orðið hefur til þess að ójafnvægi hefur skapast milli fjölda yfirmanna og fjölda almennra lögreglumanna. Svigrúm þarf að skapa fyrir verðskuldaða umbun í starfskjörum án þess að því fylgi yfirmannatitlar.

d. Lögreglurannsóknir

Lagt er til í áfangaskýrslunni að horfið verði frá því fyrirkomulagi að sérstakar rannsóknardeildir starfi við tiltekin embætti og annist lögreglurannsóknir fyrir önnur lögregluembætti. Fallist er á tillögur í áfangaskýrslunni um þetta í ljósi þess að reynslan sýnir að það fyrirkomulag skilar ekki þeim árangri sem til var ætlast. Með þeirri frekari fækkun lögreglustjóraembættanna, sem hér er lögð til, sýnast engin efni til annars en að hvert embætti fari með rannsóknir þeirra mála sem upp koma í þess umdæmi, enda ætti hvert embætti, í krafti stærðar sinnar og mannafla, að vera í stakk búið til að rannsaka öll venjuleg mál sem upp koma. Æskilegt er þó að áfram sé starfrækt við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sérstök rannsóknardeild, sem fari með tæknirannsóknir, og styðji hún jafnframt við rannsóknir við hin lögreglustjóraembættin eftir þörfum.

Þegar litið er til framkvæmdar í öðrum Evrópuríkjum, er reyndar algengara, að ríkislögregla fari með þetta hlutverk. Í ljósi aðstæðna hér á landi og þess að byggð hefur verið upp deild

fyrir tæknirannsóknir í Reykjavík, sem jafnframt aðstoðar önnur embætti, þykir ekki ástæða til að hrófla við því fyrirkomulagi.

e. Varalið lögreglu

Brýnt er að lög heimili útkall varaliðs lögreglu við sérstakar aðstæður. Óhjákvæmilegt er að þeir sem skipa varalið hljóti viðhlítandi menntun og þjálfun til þess að geta tekist á við verkefni sín lögum samkvæmt auk þess sem réttarstaða þeirra og stöðuumboð sé skýrt.

III. Ríkislögreglustjóri

Ríkislögreglustjóri fer í umboði ráðherra með málefni lögreglunnar og almannavarna í landinu. Hér er lagt er til að hnykket verði enn frekar en í gildandi löggjöf er á hlutverki og verkefnum ríkislögreglustjóra.

Með hliðsjón af skipulagi ríkislögreglu í öðrum Evrópuríkjum og að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna er lagt til að verkefni ríkislögreglustjóra verði þau sem talin eru upp hér á eftir. Hvað nánar felist í hverjum þætti er í grundvallaratriðum miðað við verkefni eins og þeim er lýst í löggæsluáætlun 2007-2011, eftir því sem við á.

Verkefni ríkislögreglustjóra

a. Samhæfingarhlutverk

1) Löggæsluáætlun, ríkislögreglustjóri gerir tillögur til ráðherra um efni og ber ábyrgð á framkvæmd (sbr. m.a. c og d liði 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga). Ráðherra gefur út löggæsluáætlun.

2) Samhæfing starfa allra lögregluliða, m.a. við framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Finna lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli lögreglustjóra, m.a. þegar vafi er um undir hvaða embætti tiltekin mál skuli heyra. Veita lögreglustjórum ráðgjöf um starfsmannamál og útgáfa fyrirmæla um starfsreglur lögreglu, (sbr. nú m.a. f - h liðir 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga).

3) Eftirlit með starfsemi allra lögregluliða, nema eigin embættis. Ríkissaksóknari annist innra eftirlit að því er varðar embætti Ríkislögreglustjóra

4) Umsjón með starfsemi varaliðs og þjálfun þess í samvinnu við lögregluskólann.

5) Umsjón tækjabúnaðar lögreglu (bifreiðar, búnaður, búningar o.fl., sbr. c-liður 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga). Framkvæmd þessa verkefnis mætti með samstarfssamningi fela einkaaðila eða annarri opinberri stofnun.

6) Ráðgjöf við ráðuneyti og almenn upplýsingagjöf.

7) Önnur miðlæg verkefni. Í almennu samhæfingarhlutverki ríkislögreglustjóra felst m.a. samantekt tölfræði á landsvisu, skipulagning forvarnarverkefna og stuðningur við forvarnarstarf lögreglustjóra, ábyrgð á sameiginlegum tölvukerfum lögreglu og kæruskrá, sérstök þjálfun þar sem setja þarf staðla á landsvisu (t.d. þjálfun lögregluhunda), kennslanefnd, og tæknilegur stuðningur við lögreglustjóra, þegar á þarf að halda við einstök verkefni (t.d. við förgun fíkniefna).

b. Aðgerðir á landsvisu

Dóms- og kirkjumálaráðherra
Dags 4. júlí 2008

Ríkislögreglustjóri stýri, að fengnum fyrirmælum dómsmálaráðherra, einstökum lögregluaðgerðum á landsvísu (h-liður 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga).

c. Verkefni á landsvísu

1) Lögreglurannsóknardeild í skatta- og efnahagsbrotum.

Fer með allar rannsóknir í tilteknum málum, sbr. a-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, þar með talið mál sem tengjast peningabætti. Deildin starfar náið með embætti héraðssaksóknara.

2) Lögreglurannsóknardeild og greiningardeild

Deildin rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga. Styðji við rannsóknardeildir lögreglustjóranna eftir beiðnum þeirra. Taki saman tölfræði og geri áhættumat. Ráðherra sé reglulega upplýstur um áhættumat deildarinnar.

3) Öryggis- og greiningarþjónusta

Málefni sem snerta þjóðaröryggi þarf að vinna á landsvísu og samkvæmt skýrum heimildum. Um starfsemi öryggis- og greiningarþjónustu við embætti ríkislögreglustjóra þykir rétt að sett verði sérstök löggjöf þar sem m.a. sé kveðið á um eftirlit af hálfu Alþingis og lagður traustur lagagrundvöllur að rannsóknarheimildum. Meðal verkefna öryggis- og greiningarþjónustu yrðu forvirkar rannsóknir gegn hryðjuverkum, njósnum eða öðrum brotum gegn ríkinu, gerð áhættumats, sem ráðherra sé reglulega upplýstur um og þjónusta við lögreglustjóra í málum sem þeir fara með og geta tengst málum sem varða þjóðaröryggi.

4) Sérsvait lögreglunnar

Stuðningur við lögreglustjóraembættin og aðgerðir í þeim sérstöku málum sem heyra undir ríkislögreglustjóra, eins og nú er.

5) Alþjóðadeild

Annist öll alþjóðleg samskipti eins og hún gerir nú, þ.m.t. rekstur SIRENE skrifstofu og sé tengiliður lögregluliðanna í landinu og erlendra samstarfsaðila, m.a. vegna Schengen samstarfsins.

6) Landamæraeftirlit

Samhæfing og stuðningur við lögreglustjóraembættin, sem fara með landamæraeftirlit hvert í sínu umdæmi. Samræming reglna um landamæraeftirlit og tenging þess við störf alþjóðadeildar, ekki síst á vettvangi Schengen samstarfsins.

7) Almannaþing

Framkvæmd í samræmi við ný almannaþingarlög. Hugað sé sérstaklega að samhæfingu og samnýtingu starfskrafta í Skógarhlíð sem tengjast starfsemi ríkislögreglustjóra, hvort sem um er að ræða störf sem sinnt er af lögreglumönnum eða öðrum, svo sem við fjarskiptamiðstöð, Tetra kerfi og umsjón Schengen-tengds tæknibúnaðar.

8) Fjarskiptamiðstöð í Skógarhlíð

Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á verklagi við útköll og hefur eftirlit með fjarskiptastarfsemi lögreglu á landsvísu, þar sem reynt getur á útköll í þágu allra lögregluliða. Fela má öðrum aðila en lögreglu daglegan rekstur svo og umsjón tæknibúnaðar. Hugað verði að því að fela starfsmönnum samræmdrar neyðarsímsvörunar hjá Neyðarlínu í Skógarhlíð að sinna símsvörun og útkallsstörfum undir stjórn og að fyrirmælum lögreglumanna. Jafnframt verði hugað að því að koma á sólarhrings neyðarvöktun lögreglu í tengslum við starfsemi

Samhæfingarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð og Neyðarlínunnar þ.m.t. vöktun á umferð til og frá landinu í höfnum og á flugvöllum.

IV. Lögregluskóli ríkisins

Svo sem að framan greinir þykir rétt, að Lögregluskóli ríkisins hafi stjórnskipulega stöðu við hlið lögreglustjóraembættanna sex.

Sérstök nefnd vinnur nú að gerð tillagna um skipulag og verkefni skólans. Viða í Evrópu þykir gefast vel að reka eina menntastofnun þar sem grunnám er það sama fyrir alla þá sem fara með opinbert vald, t.d. eins árs nám en síðan sé boðið upp á mismunandi framhaldsbrautir. Hafa ber í huga að æ ríkari krafa er gerð af hálfu alþjóðlegra eftirlitsstofnana til þess, að allir sem fari með opinbert vald hafi hlotið grunnmenntun um t.d. mannréttindi, siðfræði, lögfræði og vernd persónuupplýsinga.

V. Lokaorð

Áréttað er, að tilgangur þessa minnisblaðs er að draga saman á einn stað álitæfni og tillögur vegna smíði nýrra lögreglulaga. Mikilsvert er, að viðtæk samstaða sé með öllum, sem starfa samkvæmt lögnum, um meginefni þeirra, áður en ráðist verður í semja einstakar lagagreinar.

Minnisblaðið er kynnt ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Lögregluskóla ríkisins, Félagi yfirlögregluþjóna og Landssambandi lögreglumanna með það fyrir augum að kalla eftir tillögum og ábendingum. Stefnt er að því að viðbrögð við minnisblaðinu verði kynnt dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir 15. september nk.

Viðauki með minnisblaði

Stærð lögregluliðanna miðað við þessar tillögur og starfandi lögreglumenn 01.02.08. Alls starfa á landinu 819 lögreglumenn, sem myndu eftir breytingarnar dreifast þannig milli embættanna:

Suðurland:

Lögregluliðin á Selfossi, Vestmannaeyjum, Hvolsvelli, samtals 58 (fastar stöður og aukamenn, þ.e. afleysing, héraðslögreglumenn og nemar)

Vesturland:

Lögregluliðin á Akranesi, í Borgarnesi, á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum, samtals 47 fastar stöður og 37 aukamenn alls 84

Norðurland:

Lögregluliðin á Akureyri, Blönduósi, Húsavík og á Sauðárkróki, samtals 60 fastar stöður og 26 aukamenn, alls 86

Austurland:

Lögregluliðin á Eskifirði og Seyðisfirði, samtals 25 fastar stöður og 20 aukamenn, alls 45

Suðurnes:

Alls 76 menn, þar af starfa 36 við landamæraeftirlit

Höfuðborgarsvæðið:

Lögregluliðið telur 298 fastar stöður og 29 aukamenn alls 327

Lögregluskólinn:

Fastar stöður 9, nemar 45, alls 54

Ríkislögreglustjórinn:

Fastar stöður eru 89.



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Dómsmálaráðuneytið
c/o Hr. Björn Bjarnason
Skuggasundi
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2008

Efni: Umsögn Landssambands lögreglumanna um minnisblað dómsmálaráðherra um endurskoðun lögreglulaga

Vísað er til bréfs ráðherra frá 7. júlí sl. þar sem óskað er athugasemda Landssambands lögreglumanna (LL) um ofangreint.

I. Almenn

LL fagnar því sérstaklega að lögreglan hafi fengið þá athygli sem hún verðskuldar og að í gangi skuli vera vinna til að efla enn frekar starfsemi lögreglu í landinu, sér í lagi í ljósi þess að Ísland hefur ekki yfir að ráða her eða heimavarnarliði sem hægt er að leita til á ótryggum tímum. Fyrir vikið verður lögregla, í landi sem okkar, að vera öflug, skipulögð og vel mönnum og tækjum búin.

Lögreglan hefur gengið í gegnum veigamiklar breytingar í gegnum árin. Má þar nefna niðurlagningu rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) árið 1997 og stofnun embættis ríkislögreglustjóra (RLS). Sú breyting sætti nokkurrar gagnrýni á sínum tíma og enn má heyra gagnrýnisraddir í þá veru að ekki hefði átt að leggja niður starfsemi RLR. Þá eru stöðugt uppi gagnrýnisraddir í þá veru að RLS sé komið allt of langt frá uppruna sínum og að embættið sé komið í „samkeppni“ um löggæsluverkefni við önnur lögregluembætti en það hafi ekki átt að verða hlutskipti embættisins.

Breytingar á lögreglustjóraembættunum, sem hrint var í framkvæmd í byrjun árs 2007 eru öllum í fersku minni. Sú skoðun fer sífellt vaxandi meðal lögreglumanna, sem vinna í embættunum, að ekki hafi tekist sem skyldi við breytingarnar í byrjun árs 2007 og kemur þar, að meginstofni þrennt til. Í fyrsta lagi hafi það verið mistök að ætla að svo viðamiklar breytingar myndu ekki hafa í för með sér aukinn kostnað a.m.k. á fyrstu árum breytingaferlisins; í öðru lagi að ekki hafi verið staðið nógu vel að því að hlúa að starfsmönnum embættanna við þessar breytingar og starfsandi, innan lögreglu þ.a.l. kominn hættulega neðarlega og í þriðja lagi hafi launakjör lögreglumanna, í sumum tilvikum, rýrnað verulega við skipulagsbreytingarnar þegar embættin, vegna ónógra fjárveitinga, hafa orðið að grípa til aðhaldsaðgerða til að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Þá hafa launakjör lögreglumanna, almennt, ekki endurspeglad þá ábyrgð og áhættu sem fylgir starfinu né þá hæfni sem krafist er af þeim er sinna lögreglustörfum og það hefur aftur haft áhrif á og endurspeglast í minnkandi starfsanda innan liðsheildarinnar.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Í ljósi ofangreinds getur (LL) ekki lýst sig fylgjandi frekari skipulagsbreytingum á uppbyggingu lögreglunnar á Íslandi fyrr en gengið hefur verið í það að laga innviði lögreglunnar, taka á fjárhagsvanda embættanna, setja í gang markvissa vinnu til að laga starfsanda í lögreglu og leiðréttu launakjör lögreglumanna en öll þessi atriði haldast nokkuð í hendur.

Þá leggur LL á það þunga áherslu að skoðað verði með jákvæðum hug, hugmyndir LL um að virkja til fulls svokallað 95 ára reglu er kemur að eftirlaunum lögreglumanna, en með því mætti liðka fyrir um frekari skipulagsbreytingar innan lögreglu og losa um ákveðið fjármagn og stjórnunaruppbyggingu.

Þá telur LL telur að stjórnvöld, með Alþingi Íslendinga í fararbroddi, þurfi að leggja í viðamikla vinnu, í ljósi þess sem sett er fram í löggæsluáætlun 2007 – 2011; starfsmannastefnu lögreglunnar; áfangaskýrslu um mat á breytingum á nýskipan lögreglu; skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjórans um mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi, svo eitthvað sé nefnt og setja sér skýr markmið er kemur að eftirfarandi:

- Öryggisstigi á Íslandi;
- Þjónustustigi lögreglu;
- mannaflapörf lögreglu til að halda úti hvorutveggja tilgreindu öryggis- og þjónustustigi;
- tryggingum fjárveitingum til reksturs lögreglunnar í samræmi við ofangreint.

Í þessari stefnumótunurvinnu þarf að taka um það pólitískar ákvarðanir hvaða verkefni það eru sem lögregla á og skai sinna og hvaða verkefnum, sem lögregla sinnir nú, megi útvista til einkaaðila.

Um öll ofangreind atriði þarf að vera full sátt áður en hægt verður að fara í frekari skipulagsbreytingar á löggæslu í landinu.

II. Lögreglustjórar

a. Lögreglustjórar og verksvið lögreglustjóra

LL gerir, í meginatriðum, ekki athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins. Þó er rétt að minna, í þessu sambandi, á fögur fyrirheit er höfð voru uppi við sameininguna í byrjun árs 2007. Þá var fullyrt að löggæsla yrði ekki skert heldur þvert á móti yrði sýnileg löggæsla, sem og aðrir þættir í starfsemi embættanna eflir til muna. Í ljósi árangurs af þeirri sameiningu og þeirri staðreynd að sýnilegri löggæslu hefur, í mörgum tilvikum hrakað verulega t.a.m. með lokun lögreglustöðva á höfuðborgarsvæðinu, stöðva sem áður voru opnar allan sólarhringinn. Með þessu hefur nærþjónustu lögreglu við íbúa þess svæðis, sem henni ber að þjónusta, hrakað verulega. Samtök Sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem og einstök sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa mótnælt framkvæmdinni eins og lýðum er ljóst.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Í ljósi þess, sem ritað er hér að ofan, undir lið I. leggur LL því áherslu á að þau atriði, sem þar eru talin upp verði skoðuð gaumgæfilega og að Alþingi Íslendinga marki sér skýra löggæslustefnu, með vísan til þess öryggisstigs sem því finnst hæfa að viðhafa á Íslandi og tryggja nægilegar fjárveitingar til að viðhalda því.

LL setur sérstakan varnagla við þeirri þróun sem orðið hefur er kemur að rannsókn sakamála og hefur uppi efasemdir um að sá farvegur, sem rannsóknir eru í í dag, sé vænlegur til frekari árangurs. Það er ljóst að stærri embættin, s.s. LRH og LRS geta haldið úti rannsóknardeildum í hverjum nægur mannskapur er til staðar til að þar skapist nauðsynleg sérhæfing til að tryggja nægilega vönduð vinnubrögð. LL telur að hætta sé á því – óttast reyndar að sú sé þegar orðið raunin – að þegar landsins sitji ekki við sama borð þegar kemur að rannsóknum brota sem þeir eru aðilar að, hvort heldur er sem þolendur eða gerendur. Slík staða er með öllu óafsakanleg. Í þessu ljósi telur LL að rétt væri að skoða ávinninginn sem raunverulega varð af niðurlagningu RLR á sínum tíma og eftir atvikum vega það og meta hvort ekki væri rétt að endurvekja slíka rannsóknarlögreglu, svipað því sem þekkist í bandaríkjum Norður Ameríku þar sem Federal Bureau of Investigation starfar. Slíkar rannsóknardeildir á landsvísu eru starfandi mjög víða í Evrópu einnig s.s. National Bureau of Investigation í Finlandi.

b. Lögreglustjórar og skilyrði skipunar þeirra, meðferð ákærvalds

LL fagnar sérstaklega framkomnum hugmyndum í minnisblaðinu að lögreglumönnum, með tilhlýtandi menntun og reynslu í lögreglufræðum, verði gefinn kostur á að sækja um starf lögreglustjóra.

Þá leggur LL á það áherslu að þessar hugmyndir falla algerlega að áhersluatriðum LL er varðar menntun lögreglumanna og tilfærslu lögregluskóla ríkisins (LSR) á háskólastig en það er einmitt eitt af áhersluatriðum LL í þeim kjarasamningsviðræðum sem nú fara fram við ríkisvaldið.

Að öðru leyti gerir LL ekki athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins.

c. Lögreglumenn og annað starfslið lögreglu

Í samræmi við það sem fram kemur í tölulið I. hér á undan leggur LL á það sérstaka áherslu að ekki er hægt að fara út í skilgreiningar á því hvað felist í lögreglustörfum almennt fyrr en stjórnvöld, með Alþingi Íslendinga í fararbroddi, hafa ákveðið hvert öryggisstig á að vera í landinu, hvert þjónustustig lögreglu eigi að vera. Þá fyrst verður hægt að fara í ítarvinnu við það að skilgreina hvað teljist til eiginlegra lögreglustarfa.

LL er því sammála að lögreglan fari í „naflaskoðun“ á því hvaða störf það eru sem lögreglumenn eigi að sinna og hvaða störfum aðrir starfsmenn lögreglu eru betur fallnir til að sjá um.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Í ljósi þess sem LL hefur sett fram undir tölulið I. verður hægt að fara út í nánari skilgreiningar á starfsstigum, launakjörum og öðrum þáttum er varða starfskjör lögreglumanna almennt. LL er sammála því að svigrúm þurfi að vera til að greiða mönnum laun í samræmi við ábyrgð, áhættu og hæfni.

d. Lögreglurannsóknir

LL setur varnagla við hugmyndir um að minni embætti sjái alfarið um rannsóknir mála sem upp koma í þeirra umdæmum sbr. það sem fram kemur hér að ofan undir lið a. og einnig undir tölulið I.

Hæpið er, að mati LL að einu embætti verði falin einhver miðlæg þjónusta, sem önnur embætti eigi að leita í nema algerlega sé tryggður rekstrargrunnur slíkrar miðlægrar þjónustu utan við almennan löggæslukostnað viðkomandi embættis. Í ljósi þessa er því spurning hvort sérhæfðari lögreglurannsóknir eigi heima hjá miðlægrri rannsóknarlögreglu (RLR) í anda þess sem gerist víða í löndum í kringum okkur. Horfa mætti þá til þess að hinn almenni lögreglumaður eða eftir atvikum rannsóknarlögreglumaður sjái um ákveðna grunnvinnu á vettvangi s.s. lyftun fingrafara, ljósmyndun o.fl. í þeim dúr. Vísir að slíkri vinnu er nú þegar í gangi í rannsóknardeild umferðardeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Ef þessi leið yrði farin er ljóst að stórefla þyrfti tækjabúnað lögreglunnar og kennslu í tæknirannsóknum í Lögregluskóla ríkisins (LSR). Slík efling yrði aftur til þess að vægi þeirrar menntunar, sem LSR býður upp á, yrði enn meira en nú er en það er einmitt í anda þeirrar stefnu sem LL hefur sett sér er kemur að menntun lögreglumanna almennt. Þessi leið yrði einnig til þess að minnka þann aðstöðumun sem íbúar landsbyggðarinnar þurfa að þola á móti íbúum suðvesturhornisins er kemur að aðgengi sérstakrar tæknideildar lögreglu til vinnu við rannsóknir „almennra“ brota.

e. Varalið lögreglu

LL er andsnúið stofnun varaliðs lögreglu á þessari stundu, sérstaklega í ljósi þess sem að framan greinir undir tölulið I. og þeirri staðreynd að mannaflaþörf lögreglu hefur ekki verið skilgreind af Alþingi Íslendinga eða dómsmálaráðuneytinu sbr. ofanritað.

LL telur að skilgreina þurfi lögreglu í samræmi við það sem hér á undan er ritað, fullmanna lögregluliðin í landinu og tryggja rekstrargrundvöll þeirra í samræmi við þá stefnu sem mörkuð yrði áður en til stofnunar varaliðs lögreglu kæmi.

III. Ríkislögreglustjóri

LL er því fylgjandi að staða embættis ríkislögreglustjóra og verkefni á landsvísu verði nánar skilgreind. Með því yrði komið í veg fyrir óþarfa ríð milli einstakra lögregluembætta og lögreglustjóra, sem hefur mátt sjá í opinberri umræðu í langan tíma.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

LL leggur þó á það áherslu að slík skilgreining getur í raun ekki átt sér stað fyrr en sú grunnvinna, sem skilgreind er undir tölulið I. í þessu svari við minnisblaði dómsmálaráðuneytisins, hefur farið fram.

Verkefni ríkislögreglustjóra

a. Samhæfingarhlutverk

1) Löggæsluáætlun.

LL setur fyrirvara við að embætti ríkislögreglustjóra verði falið að útbúa löggæsluáætlun. Eðlilegra væri, að mati LL, að slík áætlun, yrði stefnumótandi skjal sem kæmi frá dómsmálaráðuneytinu eftir að hafa fengið samþykki ríkisstjórnar eða eftir atvikum Alþingi Íslendinga, sbr. ofanritað. Ríkislögreglustjóranum væri væntanlega einnig falið að fara eftir og framfylgja slíkri áætlun.

2) Samhæfing starfa.

LL gerir ekki athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins að öðru leyti en því að leggja á það áherslu sem fram kemur undir lið 1) hér á undan.

3) Eftirlit.

LL gerir ekki athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins að öðru leyti en því að leggja á það áherslu sem fram kemur undir lið 1) hér á undan. Þó er LL því sammála, sem fram kemur undir þessum lið að embætti RLS sjái um framkvæmd innra eftirlits lögreglu en með því móti yrði komið á samræmdum vinnubrögðum í þeim efnum.

4) Umsjón.

Sjá umsögn LL um varalið hér að ofan.

5) Umsjón tækjabúnaðar.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins. Þó er rétt að nefna það hér að LL hefur haft af því fregnir að mörg lögregluembætti hafa kvartað undan hárrí rekstrarleigu þeirra bifreiða sem þau taka á leigu hjá bílamiðstöð RLS.

6) Ráðgjöf við ráðuneyti.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins.

7) Önnur miðlæg verkefni.

LL leggur áherslu á, undir þessum lið, það sem fram kemur undir tölulið I. hér að ofan, sbr. einnig tölulið II. a. og d.

b. Aðgerðir á landsvísu

LL minnir enn og aftur á það sem fram kemur í þessu bréfi, undir liðum I. hér að ofan, sbr. einnig tölulið II. a. og d.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

c. Verkefni á landsvísu

1) Lögreglurannsóknardeild í skatta- og efnahagsbrotum.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins en minnir þó á það sem fram kemur hér á undan undir tölulið II. a. og d.

2) Lögreglurannsóknardeild og greiningardeild.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins en minnir þó á það sem fram kemur hér á undan undir tölulið II. a og d.

3) Öryggis- og greiningarþjónusta.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins en minnir þó á það sem fram kemur hér á undan undir tölulið II. a og d.

4) Sérsveit lögreglunnar

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins.

5) Alþjóðadeild.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins.

6) Landamæraeftirlit

LL telur, í ljósi þeirrar staðreyndar að mikill meirihluti þess landamæraeftirlits, sem fram fer í landinu og eftirlit með komu útlendinga, gerist um Keflavíkurflugvöll, að horfa þurfi sérstaklega til þeirrar sérþekkingar sem þar hefur myndast í málum er lúta að landamæraeftirliti.

7) Almannavarnir

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins.

8) Fjárskiptamiðstöð í Skógarhlíð

LL bendir á að gerðar voru athugasemdir af hálfu LL þegar Neyðarlímunni var komið á laggirnar. LL er enn þeirrar skoðunar að slík símsvörun eigi að vera á hendi lögreglu (með starfsmönnum lögreglu, sem eru ekki endilega lögreglumenn en vinna undir stjórn lögreglumanna) en ekki einkaaðila enda hvíla gjörólikar lagaskyldur á einkaaðilum annars vegar og opinberum aðilum hins vegar.

Að öðru leyti gerir LL ekki efnislegar athugasemdir við þennan lið minnisblaðsins.

IV. Lögregluskóli ríkisins

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við stjórnskipulega stöðu LSR innan lögreglunnar.

LL leggur á það gríðarlega áherslu að lögreglumenntun verði á höndum fagaðila í lögreglufræðum og að LSR verði áfram starfandi sem sjálfstætt „lögreglulið“, ef svo má að orði komast, innan stjórnskipulags lögreglunnar. LL telur að þannig verði best

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

tryggður faglegur framgangur skólans og þróun innan lögreglunnar. Sú menntun sem boðið er upp á í skólanum þarf jú að endurspegla hvorutveggja heildarsýn stjórnvalda á löggæslu í landinu, sbr. tölulið I. hér að ofan og veruleika lögreglustarfans hverju sinni.

LL ítrekar þá afstöðu sína að lögreglumenntun á Íslandi eigi að vera á háskólastigi í samræmi við þann metnað sem dómsmálaráðuneytið leggur í störf lögreglu og þá ábyrgð og áhættu sem fylgir starfinu sem og þeirrar gríðarlegu hæfni sem krafist er af þeim sem veljast til starfa í lögreglu.


Þá vill LL leggja á það sérstaka áherslu að fjárveitingar til LSR verði tryggðar þannig að skólinn geti haldið úti því metnaðarfulla starfi, hvort sem það er í grunn- eða framhaldsdeildum, sem hann hefur lagt grunn að.

V. Lokaorð

LL fagnar því sérstaklega að hafa fengið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á þessum vettvangi og biðst jafnframt velvirðingar á því hversu lengi dróst að svara erindi ráðuneytisins en það stafar m.a. af undirbúningi vegna yfirstandandi kjaraviðræðna LL við ríkisvaldið.

Þá er rétt að taka fram að LL hefur ýmislegt fleira fram að færa varðandi endurskoðun lögreglulaga ef slíkt frumvarp kemur fram.

F.h. LL



Snorri Magnússon, formaður



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2010
komudagur 7.5.2010

Reykjavík 6. maí 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Tilvísun yðar: Þskj. 977 – 586. mál 138. löggjafarþing

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Almennt:

„Frumskylda ríkisins við borgarana er að tryggja þeim öryggi svo sem verða má. Ríkisvaldinu ber ætíð að sjá til þess að starfsemi lögreglu í víðum skilningi sé bæði vönduð, skilvirk og hagkvæm. Til að svo megi verða er brýnt að tryggja að starfsumhverfi lögreglu sé á hverjum tíma þannig að þessum markmiðum verði náð.“¹

Nýafstaðið er 30. þing Landssamband lögreglumanna þar sem samþykktar voru nokkrar ályktanir er lúta að því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Ályktanir þessar koma hér fyrir neðan og lesist í samhengi við einstakar greinar þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar, eftir því sem við á hverju sinni:

*„30. þing LL, haldið að Hótel Geysi í Haukadal, 27. og 28. apríl 2010...
...ítrekar fyrri kröfur um að Alþingi skilgreini öryggis- og þjónustustig löggæslu, en það er sá grunnur í framtíðarsýn lögreglunnar sem skilgreini mannaflaþörf lögreglu, störf hennar og tryggi um leið öryggi lögreglumanna...;
...krefst þess að komið verði á þverfaglegri nefnd sem taki ákvarðanir um ráðningar innan lögreglunnar og [að] starfsauglýsingar verði skýrar...;
...telur fyrirhugaðar breytingar á lögreglulögum ótímabærar, en ekkert mat liggja fyrir um árangur fyrri breytinga, né opinberar tölur um fyrirhugaðan kostnað eða*

¹ Inngangur að minnisblaði Björns Bjarnasonar, fyrrv. dómsmálaráðherra um endurskoðun lögreglulaga, dags. 4. júlí 2008.

*hagræðingu þeirra vegna. Komi til breytinganna krefst þingið þess að starfsöryggi lögreglumanna sé tryggt og aðgátar gætt við tilfærslur manna. Þá er þess krafist að stöður lögreglustjóra verði auglýstar...;
...er andsnúid því að Sérsveit og/eða Fjarskiptamiðstöð séu færð frá embætti Ríkislögreglustjóra...;
...telur brýnt að jafnræðis gæti um starfsöryggi lögreglumanna. Þingið telur það ekki hæft að lögreglumenn starfi einir, hvar sem er á landinu. Þingið skorar einnig á Dóms- og mannréttindamálaráðherra að sjá til þess að samræming sé í búnaði og hjálfun lögreglumanna...;
...telur þegar of langt gengið hvað varði niðurskurð á fjárveitingum til reksturs lögreglunnar.”*

Lögreglan hefur undirgengist allnokkrar skipulagsbreytingar frá eiginlegri stofnun hennar fyrir rúmum 200 árum. Stærstu og kannski helstu breytingarnar má rekja til árána 1997 þegar Rannsóknarlögregla ríkisins (RLR) var lögð niður og embætti Ríkislögreglustjóra (RLS) stofnað. Næstu stóru breytingar í lögreglu urðu um áramótin 2006 – 2007 þegar lögregluembættum var fækkað úr tuttugu og sex (26) í fimmtán (15) auk Ríkislögreglustjórans og Lögregluskóla ríkisins. Þessar breytingar hafa, í gegnum tíðina, reynt mikið á starfsemi lögreglu og lögreglumenn og hafa, eðli máls samkvæmt mælst misvel fyrir hjá starfandi lögreglumönnum á hverjum tíma.

Segja má og færa fyrir því ákveðin rök að því breytingaferli sem hófst í byrjun árs 2007 sé í raun ekki lokið enn og þannig er enn verið að framkvæma skipulagsbreytingar í lögreglu, í tengslum við áðurnefndar breytingar, nú rúmum þremur árum eftir að það breytingaferli hófst.

Nú standa fyrir dyrum enn einar breytingarnar á stofnanauppbyggingu lögreglu sem miða að því að lögregluembættum verði fækkað enn frekar, og þau um leið stækkuð (sem í grunninn var sama forskrift vegna skipulagsbreytinganna um áramótin 2006 – 2007).

Það sem vekur hvað mesta athygli, að þessu sinni, varðandi framlagðar skipulagsbreytingar í lögreglu, er það sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, vegna frumvarps þess sem hér er til umfjöllunar, en þar segir m.a:



„Markmið breytinganna eru í meginatriðum tvíþætt, annars vegar að ná fram hagræðingu í rekstri og hins vegar að auka faglega burði lögreglunnar á landsbyggðinni.“

Nokkru síðar í umsögn fjárlagaskrifstofunnar er ráð fyrir því gert, verði frumvarpið óbreytt að lögum, að heildarsparnaður sem næðist fram með þeim breytingum sem gert er ráð fyrir skv. trumvarpinu, gæti verið á bilinu 330 – 450 m.kr. á ári **allt eftir því hvað starfsmönnum verði fækkað mikið!**

Í þessu samhengi vekur hvað mesta athygli eftirfarandi umsögn fjárlagaskrifstofunnar:

„Mat á mannaflspörf hinna nýju lögregluembættu í samræmi við þetta frumvarp hefur hinsvegar ekki verið metin og er gert ráð fyrir því að það verði hlutverk verkefnisstjórnarinnar að útfæra frekari hagræðingu innan málaflokksins þannig að útgjöld ríkissjóðs geti lækkað enn frekar.“

Hér hefur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gefið sér það að, verði frumvarpið óbreytt að lögum, megi ná fram allt að 450 m.kr. sparnaði á ársgrundvelli án þess að fyrir liggja mat á áætlaðri mannaflspörf lögreglu m.v. þær breyttu forsendur sem settar eru fram í frumvarpinu. Þá er og gert ráð fyrir því að hagræðið (sparnaðurinn) gæti jafnvel orðið enn meiri en fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofunnar.

Það skýtur ansi skökku við, að mati LL, að hægt sé að gefa sér slíkar forsendur þegar fyrir liggur sú staðreynd að launaliðurinn einn og sér í lögreglu er upp undir 90% af heildarkostnaði við rekstur hennar og engar forsendur liggja fyrir til að meta sparnaðinn þar sem ekki liggja fyrir neinar áætlanir um mannaflspörf lögreglu, svo sem berlega segir í umsögn fjárlagaskrifstofunnar. Þær umsagnir, sem fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur gefið um þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um lögreglumenn og síðar lögreglulögum, hafa allflestari verið á þá leið að þær breytingar, sem ráðist hefur verið í með hinum ýmsu framlögðu breytingafrumvörpum, til dagsins í dag, hafi ekki átt að hafa í för með sér aukinn kostnað við rekstur lögreglu heldur þvert á móti skila hagræðingu og sparnaði!

Þá er rétt að geta þess hér, í þessu samhengi, að engar athuganir virðast hafa verið gerðar í gegnum tíðina sem sýna fram á það hvort markmið þeirra skipulagsbreytinga, sem ráðist hefur verið í á stofnanauppbyggingu lögreglunnar, hafi í raun skilað þeim árangri sem að

hefur verið stefnt hverju sinni. Þannig liggja ekki fyrir neinar rannsóknir (e. „lessons learned“) á því hvernig til hafi tekist eða hvort markmið hagræðingar, aukinnar gæði þjónustu o.s.frv. hafi skilað sér.

Löggæslan í landinu getur ekki búið við endalausan niðurskurð og skipulagsbreytingar ár eftir ár.


Niðurstaðan úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er afar skýr. Landlægt virðingarleysi fyrir lögum og reglum og veikburða, fjársveltur eftirlitsstofnanir og lögregla gátu engan veginn sinnt hlutverkum sínum þar sem Alþingi skapaði þeim hvorki úrræði með lagasetningum né fjárveitingum.

Það má því kannski segja að aðeins sé tvennt í stöðunni a) hætta við fyrirhugaðar breytingar eða b) fresta þeim og taka skrefið til fulls síðar að einni löggæslustofnun, með heildarendurskoðun lögreglulaga og draga þá verulega úr þeim niðurskurði sem lagður er á löggæsluna í landinu.

Landssamband lögreglumanna hefur lagt á það áherslu, í ræðu og riti, að til að hægt sé að meta kostnað ríkissjóðs (lesist almennings í landinu) við það að tryggja öryggi borgaranna þurfi að eiga sér stað ákveðnar megin skilgreiningar og að þær þurfi að framkvæma í þessari röð:

1. Ákveða þarf öryggisstig í landinu, þ.e. hvaða öryggi Íslendingar eiga að búa við;
2. Ákveða þjónustustig lögreglu, þ.e. hvaða þjónustu lögregla á og á ekki að veita borgurunum (skattgreiðendum);

Þegar þessar tvær megin skilgreiningar liggja fyrir – og það er að mati LL í hlutverki Alþingis Íslendinga að ákvarða þessar tvær megin skilgreiningar og setja fram í „Löggæsluáætlun“ til samþykktar á Alþingi – þá fyrst er hægt að fara út í það að ákvarða:



3. Mannaflapörf lögreglu út frá skilgreindum öryggis- og þjónustustigum;

Þegar þessar þrjár megin-skilgreiningar liggja fyrir er fyrst hægt að skilgreina:

4. Fjárveitingar til lögreglu í samræmi við ofangreindar þrjár megin-skilgreiningar.


Rétt er að halda því til haga hér, í tengslum við liði 1. og 2. hér að ofan að lauslega áætlað eru rúmlega eitthundrað (100) lög og á þeim byggjast rúmlega tvö hundruð og fimmtíu (250) reglugerðir sem kveða á um aðkomu og hlutverk lögreglu í hinum ýmsu verkefnum allt frá rannsóknum stórfelldra efnahagsbrota, líkt og eru til rannsóknar um þessar mundir í tengslum við hrun íslenska bankakerfisins haustið 2008, upp í aðstoðarhlutverk vegna búfjár sjúkdóma á borð við „fjárkláða“.

Fjallað er um meginhluta þessara verkefna, sem hægt væri að kalla grunnþjónustu lögreglu í skýrslu Ríkislögreglustjórans (RLS) „Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar“ sem embættinu var falið að vinna í tengslum við greinargerð starfshópsins, sem vann að þeirri skýrslu sem m.a. liggur til grundvallar því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar en í skýrslu RLS segir m.a.:

„Mannaflapörf lögreglunnar og fjárveitingar til hennar eiga að taka mið af því öryggisstigi og þjónustustigi sem stjórnvöld ákveða hverju sinni. Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í samfélaginu má ætla að fjárveitingar til lögreglunnar muni hafa nokkur áhrif á þessi atriði (sjá mynd).

Með skertar fjárheimildir mun starfsemi lögreglunnar taka breytingum sem m.a. mun leiða til færri nýráðninga, aukins álags á þá lögreglumenn sem fyrir eru auk þess sem sum verkefni grunnþjónustu getur þurft að leggja til hliðar.“





2

Í annarri skýrslu Ríkislögreglustjórans, „Mannaflapörf lögreglunnar til ársins 2012“ útgefinni í janúar 2008, og birt var sem viðauki C við skýrslu um „Mat á breytingum á nýskipan lögreglu“ segir þetta m.a:

„Rétt er að vekja athygli á því að þrátt fyrir ákvæði 27. gr. lögreglulaga um ákvörðun ráðherra um fjölda lögreglumanna þá er sá fjöldi ekki aðgreindur í fjárlögum og lögreglustjórar ákveða í reynd sjálfir hvernig þeir ráðstafa fjármagni embættanna sinna. Af þessari ástæðu hætti ríkislögreglustjóri fyrir nokkrum árum að gefa upp í ársskýrslu sinni fjölda stöðuheimilda hjá hverju embætti heldur byggir á raunfjölda í byrjun hvers árs. Staðreyndin er sú að þegar þrengir að í fjármálum veldur það oft því að ekki er ráðið í lausar stöður.“³

Forsaga núverandi skipulags löggæslu á Íslandi

Forsögu þeirra breytinga, sem nú standa fyrir dyrum má rekja aftur til 4. nóvember 2003 er þáverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason skipaði verkefnisstjórn til að semja tillögur um nýskipan lögreglumála. Verkefnisstjórnin, sem skipuð var Stefáni Eiríkssyni, formanni, núverandi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, þingmanni og Skúla Magnússyni, héraðsdómara, skilaði skýrslu sinni „Skýrsla verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála“ til dómsmálaráðherra í janúar 2005. Í skýrslu þessari er fyrst að finna þá forskrift sem lögð er fram í því lagafrumvarpi sem hér er til umsagnar. Þar er fyrst hægt að lesa hugmyndir um eitt lögreglulið, með einum lögreglustjóra á landsvísu. Þar er einnig fyrst að sjá hugmyndir um fækkun í

² Ríkislögreglustjórnin október 2009, „Skilgreining á grunnþjónusta lögreglunnar“ bls. 4 – 5.

yfirmannastrúktúr lögreglunnar en slíkar hugmyndir hafa aldrei verið viðraðar af hálfu LL.

Í kjölfarið á útkomu skýrslu verkefnisstjórnarinnar var sett á laggirnar framkvæmdanefnd, sem þáverandi dómsmálaráðherra skipaði þann 27. maí 2005. Í nefndinni áttu sæti Stefán Eiríksson, formaður, Kjartan Þorkelsson, sýslumaður og lögreglustjóri á Hvolsvelli og Óskar Bjartmarz, þáverandi formaður Landssambands lögreglumanna (LL). Nefndin skilaði skýrslu sinni til dómsmálaráðherra í október 2005. megingintillögur nefndarinnar voru þær að lögregluumdæmi landsins yrðu 5 – 7 að tölu. Ef þessi leið yrði ekki fyrir valinu lagði nefndin til að embættin yrðu þess í stað 12 – 16 að tölu. Í kjölfar fjölmargra funda, sem nefndin hélt víðsvegar um landið, skilaði hún viðbótarskýrslu sinni til dómsmálaráðherra í desember 2005. Þessar þrjár skýrslur eru sá grunnur sem lagður hefur verið að núverandi skipulagi löggæslu á Íslandi og í raun um leið grunnurinn að þeirri skýrslu sem unnin var áður en núverandi frumvarp um breytingu á lögreglulögum leit dagsins ljós.

Nokkur aðdragandi var að þeim skipulagsbreytingum sem urðu á lögreglu um áramótin 2006 – 2007 svo sem að framan greinir. Að því er LL hefur næst komist var innleiðing þeirra breytinga, sem urðu um þessi áramót, misjöfn á milli þeirra embætta sem sameinuðust. Þannig var t.d. komið á fót sérstökum samráðshópi starfsmanna (ráðgjafanefnd – skv. ákvæði til bráðabirgða í lögreglulögum) embættanna þriggja, sem sameinuðust á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin hélt tíu (10) skjalfesta fundi, með fundargerðum, sem að mati LL, er nauðsynlegt fyrir nefndarmenn Allsherjarnefndar Alþingis að kynna sér í þeirri vinnu sem nú er fyrir höndum varðandi þær skipulagsbreytingar sem nú eru boðaðar. Þá er einnig rétt, að mati LL, að Allsherjarnefnd kalli á sinn fund Ólaf Kr. Ólafsson, sýslumann Snæfellinga, formann ráðgjafanefndarinnar og eftir atvikum fulltrúa starfsmanna embættanna þriggja, sem áttu sæti í nefndinni til að heyra þeirra sjónarmið á framkvæmd breytinganna og hvernig til hafi tekist við þær frá ársbyrjun 2007.

³ Dómsmálaráðuneytið „Mat á breytingum á nýskipan lögreglu“ – viðauki C, Ríkislögreglustjórnin;



Miklar væntingar voru til þeirra skipulagsbreytinga sem urðu á skipan lögreglumála um áramótin 2006 – 2007. Skemmst er frá því að segja að sitt sýnist hverjum varðandi það hvað út úr þeim hefur komið. Rétt er hér að ítreka það sem áður hefur verið sagt að engar kannanir liggja fyrir um það, meðal lögreglumanna, hvernig til hafi tekist með áðurnefnda sameiningu, né aðrar skipulagsbreytingar, sem að mati LL hlýtur að teljast til grundvallaratriða með framhald slíkra breytinga. Óformlegar kannanir hafa verið gerðar á heimasíðum LL og Lögreglufélags Reykjavíkur (LR), með það hvernig til hafi tekist t.a.m. á höfuðborgarsvæðinu og útkoman úr þeim óformlegu könnunum er vægast sagt neikvæð svo sem sjá má hér að neðan:

„Af heimasíðu LL:

„Hvernig líst þér á hugmyndir dómsmálaráðherra um einn lögreglustjóra á Íslandi?“

Fjöldi svara var 280 og skiptust þau þannig:

„Mjög vel“	107 svör eða 38,2%
„Vel“	35 svör eða 12,5%
„Mjög illa“	70 svör eða 25%
„Illá“	58 svör eða 20,7%
„Hef ekki skoðun“	10 svör eða 3,6%

Á þessari óformlegu könnun sést að skiptingin „Mjög vel – vel“ = 50,7% vs. „Mjög illa – illa“ = 45,7% er æði jöfn og m.a. af þeirri ástæðu er afar erfitt fyrir LL að móta sér ákveðna og formlega afstöðu til málefnisins enda endurspeglast þessi niðurstaða afgerandi inn í stjórn LL.

„Hvernig finnst þér sameining lögregluembættis í byrjun árs 2007 hafa tekist?“

Fjöldi svara var 522 (lögreglumenn eru rétt um 700 þ.a. þetta er mjög afgerandi niðurstaða) og skiptust þau þannig:

„Vel“	20 svör eða 3,8%
„Þokkalega“	42 svör eða 8%
„Illá“	448 svör eða 85,8%
„Hef ekki skoðun“	12 svör eða 2,3%

Á þessari óformlegu könnun sést að skiptingin „Vel – þokkalega“ = 11,8% vs. „Illa“ = 85,8% er mjög afgerandi í þá átt að lögreglumönnum finnst illa hafa til tekist við sameininguna, á landsvísu, sem átti sér stað í byrjun árs 2007!

Þá er rétt að nefna eina könnun til af heimasíðu LL er lýtur að sýnileika lögreglu og mat lögreglumanna á þeim þætti en það var einmitt eitt af yfirlýstum markmiðum sameiningarinnar í ársbyrjun 2007 að auka sýnileika lögreglu.

„Er lögreglan nægilega sýnilega að þínu mati?“

Fjöldi svara var 200 og skiptust þau þannig:

„Já“	47 svör eða 23,5%
„Nei“	148 svör eða 74%
„Hef ekki hugsað út í það“	5 svör eða 2,5%

Á þessari óformlegu könnun sést að skiptingin „Já“ = 23,5% vs. „Nei“ = 74% er mjög afgerandi sem bendir til þess að lögreglumenn telja lögreglu alls ekki nægilega sýnilega!

Af heimasíðu LR:

„Hvernig finnst þér skipulagsbreytingarnar hjá LRH [Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu] hafa tekist?“

Fjöldi svara var 100 og skiptust þau þannig:

„Mjög vel“	10 svör eða 10%
„Vel“	3 svör eða 3%
„Mjög illa“	71 svar eða 71%
„Illa“	11 svör eða 11%
„Þokkalega“	3 svör eða 3%
„Hef ekki skoðun“	2 svör eða 2%

Á þessari óformlegu könnun sést að skiptingin „Mjög vel – vel“ = 13% vs. „Mjög illa – illa“ = 82% er mjög afgerandi í þá átt að lögreglumönnum finnst illa hafa tekist til við sameiningu embættanna þriggja hér á höfuðborgarsvæðinu í ársbyrjun 2007!

„Hvernig líst þér á nýtt embætti lögreglu höfuðborgarsvæðisins [LRH]?“

Fjöldi svara var 302 (lögreglumenn hjá LRH eru um 300) og skiptust þau þannig:

„Mjög vel“	58 svör eða 19,2%
„Vel“	18 svör eða 6%
„Mjög illa“	92 svör eða 30,5%
„Illa“	102 svör eða 33,8%

„Ég veit það ekki“ 21 svar eða 7%
„Hlutlaus“ 11 svör eða 3,6%

Á þessari óformlegu könnun sést að skiptingin „Mjög vel – vel“ = 25,2% vs. „Mjög illa – illa“ = 64,3% er mjög afgerandi í þá átt að lögreglumönnum líst illa á hið nýja embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Með skipunarbréfi dagsettu 18. apríl 2007, skipaði þáverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, nefnd til að meta með hvaða hætti markmið um aukna og eflða löggæslu hefðu náð fram að ganga. Í nefndinni sátu Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, formaður, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, þáverandi aðstoðarríkislögreglustjóri og núverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, tilnefnd af lögreglustjórafélagi Íslands og Sveinn Ingiberg Magnússon, þáverandi formaður LL. Nefndin skilaði áfangaskýrslu sinni „Mat á breytingum á nýskipan lögreglu“ til dómsmálaráðherra í apríl 2008.

Töluverð gagnrýni hefur komið fram opinberlega, á þá skipan lögreglumála, sem nú er við lýði og virðist sem almennt álit lögreglumanna sé það að markmið um aukna sýnilega löggæslu, sem og eflingu hennar hafi ekki náð fram að ganga. Hér er þó rétt að ítreka það, sem áður segir að engar formlegar kannanir hafa verið gerðar meðal lögreglumanna, af hálfu löggæsluyfirvalda, um meintan árangur skipulagsbreytinganna sem farið var í um áramótin 2006 – 2007 og ekkert liggur fyrir formlega um afstöðu lögreglumanna til þessara breytinga annað en sá fréttáflutningur sem verið hefur í fjölmiðlum landsins frá því að breytingaferlið hófst utan þær kannanir sem nefndar hafa verið hér að framan. Það er hinsvegar skemmst frá því að segja að sá fréttáflutningur er sennilega að meginstofni til á neikvæðum nótum gagnvart breytingunum. Í þessu samhengi er þó rétt að geta þess að á nýafstöðnu 30. þingi LL kom fram skýr og ákveðin andstaða við þá vegferð sem nú virðist vera að hefjast sbr. ályktanir þingsins sem birtar eru hér framar í umsögn þessari.

Varðandi samráð við hagsmunaaðila um skipulagsbreytingar á starfsumhverfi lögreglu er að síðustu rétt að geta þess að í nýútkominni skýrslu, sem unnin var á vegum



Utanríkisráðuneytisins „Skýrsla starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins” er fjallað um niðurlagningu Varnarmálastofnunar og stofnunar sérstaks Innanríkisráðuneytis, sem ætlað er að taka yfir yfirstjórn verkefna lögreglu, landhelgisgæslu og ýmis verkefni sem nú eru á vegum Samgönguráðuneytis og Utanríkisráðuneytis svo eitthvað sé nefnt. Ljóst má telja, af yfirllestri skýrslunnar, að það sem þar kemur fram hefur ýmis bein áhrif á núverandi rekstur lögreglu, sem og það sem lagt er upp með í þeim breytingum sem nú liggja fyrir í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar um breytingu á lögreglulögum. Það er leitt að þurfa að segja frá því að ekkert samráð var haft við LL við ritun þessarar skýrslu. Þá hefur LL engar formlegar upplýsingar fengið um það, frá stjórnvöldum, að skýrslan væri í vinnslu né að hún væri komin út.

Á fundi, sem fulltrúar LL voru kallaðir til hjá Allsherjarnefnd, þann 10. desember 2009, þar sem til umfjöllunar voru 100. og 83. mál, sameining héraðsdómstóla og frestun á stofnun embættis héraðssaksóknara, lagði undirritaður áherslu á nauðsyn þess að skoða heildstætt þær skipulagsbreytingar sem eru að eiga sér stað í öllu réttarvörslukerfi Íslendinga. Það gæti ekki verið heillavænlegt að verið væri að skoða þessi mál, hvert í sínu horni í ótal ráðuneytum. Þá var einnig lögð áhersla á opið og náíð samstarf við alla hagsmunagæsluaðila vegna þessara fyrirhuguðu breytinga. Svo virðist, m.v. það sem fram kemur hér að ofan um útkomu skýrslu Utanríkisráðuneytisins um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins að þessi orð hafi ekki náð þeim eyrum sem þau voru ætluð og verður það að teljast miður.

Svo sem fram hefur komið hér framar kom það berlega í ljós á nýafstöðnu 30. þingi Landssambands lögreglumanna, í umræðum um skipulagsbreytingar í lögreglu, að mjög skiptar skoðanir eru meðal lögreglumanna í landinu með það hvernig eða yfir höfuð hvort fara eigi í skipulagsbreytingar í lögreglu við núverandi kringumstæður í þjóðfélaginu. Þessu hefur undirritaður ítrekað haldið á lofti á fundum í tengslum við þá vinnu sem unnin var í kringum greinargerð starfshóps um sameiningu lögregluembætta, sem skilað var til dómsmálaráðherra í október 2009. Þessu hefur einnig verið komið á framfæri í



opinberri umræðu, sem og á fundum með einstaka þingmönnum og ráðherrum. Lögreglan er í eðli sínu afar formföst stofnun, sem falin eru ýmis verkefni að lögum og reglugerðum og síður en svo auðvelt eða einfalt að framkvæma skipulagsbreytingar á stofnanauppbyggingu hennar. Eins og fram kemur hér fremst í þessu bréfi er það ein af frumskyldum ríkisins við borgarana að tryggja þeim öryggi. Það getur ekki talist vænleg leið til árangurs í þeim efnum að vera með þá stofnun, sem ætlað er að sinna þessari frumskyldu hins opinbera, sífellt undir í einhverju breytingaferli, sem engin rök, önnur en fjárhagslegs eðlis virðast knýja á um. Leiðir að markmiðum verða að vera skýrar. Markmiðin sem ætlað er að ná verða að sama skapi að vera skýr. Eðli og umfang stofnunarinnar, fyrir breytingar þarf að liggja fyrir sem og eðli og umfang hennar að afloknum breytingum. Síðast en ekki síst þarf að liggja fyrir einhver greining á því hvernig sá vegur hefur verið stigin sem farinn hefur verið og einhverjar skýrslur (e. „lessons learned“) þurfa að liggja til grundvallar þeim markmiðum sem að er stefnt. Sem dæmi í þessu má nefna það að nú nýverið er komin út doktorsritgerð í Danmörku undir heitinu „**Strategic Change Management; Change Management Challenges in the Danish Police Reform**“⁴ en í henni fjallar höfundurinn Rex Degnegaard um þær skipulagsbreytingar sem gerðar voru á stofnanauppbyggingu lögreglunnar í Danmörku í byrjun árs 2007. Í inngangi sínum skrifar Degnegaard m.a:

„Since its commencement in January 2007, the Danish police reform has been a hot topic in the media, at universities, dinner parties, and in waiting rooms. The general perception of the police reform is that it is a failure. During 2008, the reform has been subject to much public debate, which has linked many unfortunate cases of police neglect with the police reform. Furthermore, the public debate has created a picture of a police not in control and with the reform to blame.

Given this troublesome context of the police reform, the question which everyone is asking is: why did it go wrong? Along with the question of: whose fault was it? The current thesis does not provide one single answer to the chaotic situation surrounding the police reform. Neither does it place the responsibility of the unforeseen consequences of the police reform. Rather, this thesis focuses on

⁴ „Strategic Change Management; Change Management in the Danish police Reform“ – Rex Degnegaard 2001, ISSN 0906-6934; ISBN 978-87-593-8417-6.



*unforeseen consequences of the reform in regards to change management and organizational implications.*⁵

Ljóst má telja, í því ástandi sem við blasir í rekstrarumhverfi ríkissjóðs að sá sparnaður, sem fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telur að náist fram með framlögðu frumvarpi til breytinga á lögreglulögum, náist engan veginn nema með verulegum launalækkunum lögreglumanna, sem og fækkun í stéttinni. Undir slík áform getur LL, eðli máls skv. aldrei tekið!

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

1. gr.

Með þessari grein er verið að leggja það til að stöður aðstoðarríkislögreglustjóra verði felldar úr núgildandi lögreglulögum. Fyrir þessu má færa ákveðin og sannfærandi rök og þau helst að eðlilegra hlýtur að teljast að starfsstigauppbygging innan lögreglunnar sé ákveðin í sérstakri starfsstigareglugerð í stað laga. Með því fyrirkomulagi ætti að verða auðveldara að eiga við „innan húss“ skipulagsbreytingar innan lögreglunnar þar sem það er alla jafna auðveldara að breyta reglugerðum en lögum.

LL hefur margítrekað bent á það á fundum sínum, með samninganefnd ríkisins, í tengslum við gerð kjarasamninga haustið 2008, á sumarmánuðum 2009 og til dagsins í dag að nauðsyn beri til að fara í gagngera endurskoðun á innihaldi kjarasamningstexta LL, stofnanasamningi, starfsstigareglugerð o.fl. í tengslum við boðaðar skipulagsbreytingar í lögreglu enda má telja það víst að ýmislegt sem fram kemur í framlögðu frumvarpi til breytinga á lögreglulögum stangist á við það sem fram kemur í áður nefndum samningum og reglugerðum. Hingað til virðist LL hafa talað fyrir frekar daufum eyrum í þessum efnum og engin vinna í gangi við þessa endurskoðun auk þess

⁵ „Strategic Change Management; Change Management in the Danish police Reform“ – Rex Degnegaard




sem kjarasamningar lögreglumanna eru enn lausir þegar þetta er skrifað, með tilheyrandi óróleika og reiði innan stéttarinnar.

Hér þarf þó að setja þann varnagla við að um áratugaskeið hefur það verið eitt af helstu baráttumálum LL að auka veg og virðingu lögreglumenntunar sem og að fá starfsheitið „Lögreglumaður“, og allar afleiður af því, lögverndað líkt og gerist með aðrar fagstéttir í þjóðfélaginu. Sem lið í þeirri baráttu hefur LL lagt á það ríka áherslu að lögreglumenn eigi þess kost að sækja um æðstu stjórnunarstöður, innan lögreglu, þ.m.t. stöður lögreglustjóra og aðstoðar[ríkis]lögreglustjóra. Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra hafði fallist á þessi rök LL og lagt það til, í minnisblaði sínu, dags. 4. júlí 2008, kafli II, liður b. að lögreglumönnum, með viðbótarmenntun gæfist kostur á því að sækja um og vera taldir hæfir umsækjendur um stöður lögreglustjóra. Þetta fyrirkomulag er við lýði t.a.m. í Noregi þrátt fyrir að lögreglustjórar þar fari einnig með ákærvald. Það má enda gera ráð fyrir því að undir stjórn lögreglustjóra starfi lögfræðideildir með fagmenntuðum lögfræðingum sem vinni að og semji, eftir atvikum, ákærur í opinberum málum.

Með því að fella áðurnefndar stöður út úr lögreglulögum, án tryggingar fyrir því að þeim verði komið fyrir í starfsstigareglugerð lögreglu er því í raun ávísun á heildarlaunalækkun lögreglumanna, sem um leið gyrðir fyrir möguleika lögreglumanna á eðlilegri framþróun í starfi og möguleikum á stöðuhækkunum og aukinni ábyrgð við stjórn lögregluliða.

2. gr.


Hér er verið að leggja það til að í stað fimmtán (15) lögregluumdæma verði þau sex (6). Flestallir eiga að geta verið sammála um að aðskilja lögreglustjórn frá embættum sýslumanna og fækka umdæmum, en spurningin sem eftir stendur er: **Hvað eiga þau að vera mörg?** Um þetta atriði eru margar og mjög skiptar skoðanir svo sem þegar hefur komið fram og verður einnig vikið að hér síðar.



Hvað varðar framtíð embættis ríkislögreglustjóra þá snýst umræðan, á hinum pólitíska vettvangi því miður, um að færa hin og þessi verkefni/deildir frá embættinu. Ekki er raunhæft í reynd að færa þau út á land og reyndin því að stefnt virðist vera að því að færa þau til LRH. Ósk margra stjórnámálanna virðist vera að RLS verði lagt niður í núverandi mynd. Þessi umræða á hinum pólitíska vettvangi er þó ansi skrtín, án röksemda og beinlínis úr takti við raunveruleikann um lögregluna.

Eins og áður hefur komið fram í umsögn þessari eru mjög skiptar skoðanir meðal lögreglumanna um hvaða leið, ef einhverja, eigi að fara við skipulagsbreytingar í lögreglu. Þar kemur ýmislegt til, svo sem lesa má hér framar. Helst má til telja að lögreglumenn, almennt séð, líta svo á að þær skipulagsbreytingar sem ráðist var í um áramótin 2006 – 2007 hafi ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt, hvorki er lýtur að aukinni sýnilegri löggæslu; betri löggæslu; skilvirkari rannsóknum, né öðrum atriðum. Erfitt getur að vísu verið að henda reiður á þeim árangri, eða skorti á árangri af þessum skipulagsbreytingum m.a. vegna þess að engar kannanir hafa verið gerðar á meðal lögreglumanna um hug til breytinganna, áður en lagt var upp í þær, né um árangur þeirra til dagsins í dag. Svo öllu sé samt til haga haldið er það ljóst að farið var út í þessar breytingar, á sínum tíma, að hluta til fyrir tilstuðlan LL. Mat LL er hinsvegar það að kostnaðurinn við breytingarnar hafi verið stórlega vanmetinn – reyndar var ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði við breytingarnar, heldur hinu að þær hefðu í för með sér verulegan sparnað í rekstri lögreglu. Eftir því sem næst verður komist fyrirfinnast varla þau gögn er lúta að skipulagsbreytingum almennt, hvort sem þær eru framkvæmdar í almennum eða opinberum rekstri sem sýna fram á það að svo viðamiklar breytingar, eins og ráðist var í á stofnanauppbyggingu lögreglunnar í byrjun árs 2007, kosti ekki stórar fjárhæðir. Í þessu samhengi er einnig vert að horfa til skýrslunnar „**Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar**“, sem gefin var út af fjármálaráðuneytinu í desember 2008 en þar segir m.a:

„Töluvert er til af erlendu efni um sameiningu fyrirtækja en lítið virðist vera til um aðferðafræði og reynslu af sameiningu opinberra stofnana. Erlendar rannsóknir sem greint er frá í viðauka 1 benda til þess að sameiningar og aðrar



meiriháttar breytingar skili sjaldan þeim árangri sem vonast er eftir eða í undir 15% tilvika. Helstu ástæður eru sagðar vera þessar:

- **Markmið og framtíðarsýn** eru ekki nógu skýr eða ekki útskýrð nógu vel.
- **Fjárhagsleg samlegð** er ofmetin.
- **Undirbúningi** og skipulagningu er áfátt.
- **Ekki tekst að kveikja nægan áhuga** á sameiningunni.
- **Starfsmannamálum** er ekki sinnt nógu vel.
- **Breytingastarfið lognast út af áður en því er lokið.**

Flestir sem taka þátt í að undirbúa og hrinda sameiningu í framkvæmd, gera slíkt aðeins einu sinni á ævinni. Þar af leiðandi nýtist þekking og reynsla sem verður til við eina sameiningu sjaldan aftur.⁶

Það sem fram kemur í skýrslu fjármálaráðuneytisins fær stuðning í grein Sigríðar Hrefnu Jónsdóttur, starfsmannastjóra LRH, sem birtist í 1. tbl. Lögreglumannsins, fagtímariti LL, árið 2006, en þar segir m.a:

„Þó að öllum sé ljóst að breytingar verða ekki umftúnar sýna rannsóknir að breytingar sem ræstar eru hjá skipulagsheildum mistakast í allt að 70% tilvika og skila ekki tilætluðum árangri. Ástæður eru gjarnan raktar til stjórnenda. Sýnt hefur verið fram á að komast megi hjá eða draga úr eyðileggjandi áhrifum af villum sem gerðar eru í stjórnun ef eftirfarandi þættir eru fyrir hendi:

- Skilningur á því hvers vegna skipulagsheildir og starfsmenn streitast á móti þörfum breytingum
- Skipulagt ferli til að vinna á eyðileggjandi tregðulögmáli
- Styrk forysta til að stjórna ferlinu

Í breytingastjórnun er lögð sérstök áhersla á hlutverk leiðtoga: Leiðtoginn mótar og skapar framtíðarsýnina sem stjórnendur koma í framkvæmd en vald þeirra í breytingaferli byggir á grunni samskipta frekar en valdi í skjóli stöðu.

Mikilvægt er talið að stjórnendur kappkosti að tileinka sér leiðtogaeiginleika og færni til að leiða breytingar, einkum eftirfarandi:

- Hugmyndaauðgi (e. creativity)
- Liðsheildarhugsun (e. team orientation)
- Hlustun (e. listening skills)
- Hlutverk þjálfarans (e. coaching skills)
- Áreiðanleika (e. accountability)
- Að meta náungann og það sem hann hefur fram að færa (e. Appreciativeness)⁷

⁶ Leifur Eysteinnsson, „Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar“, bls. 5, Fjármálaráðuneytið 2008.

⁷ Sigríður Hrefna Jónsdóttir; Lögreglumaðurinn, 1. tbl. 2006, bls. 22 – 23.

LL gerir ekki sérstakar athugasemdir við það sem lagt er upp með í þessari grein með það að umdæmamörk lögreglustjóra skuli ákveðin með reglugerð í stað þess að festa þau í lög þar sem ljóst má telja að ákveðið hagræði getur verið fólgið í því að geta, með tiltölulega stuttum fyrirvara fært umdæmamörk lögreglustjóra í samræmi við þann raunveruleika sem við blasir hverju sinni er varðar sameiningu hinna ýmsu sveitarfélaga. Það má í raun líka segja að með þessu ákvæði náist einnig samsvörun við þá vinnu sem unnin er um þessar mundir undir merkjum „Sóknaráætlunar 20/20“ þó svo að svæðaskipting lögregluumdæma sé nokkuð önnur, í þessu frumvarpi, en þá sem er að finna í sóknaráætluninni. Nær væri kannski að horfa til þeirrar svæðaskiptingar sem er að finna í „Sóknaráætlun 20/20“ í stað þess sem hér er sett fram og horfir LL þá til þeirrar sérstöðu sem einstök landssvæði hafa t.a.m. er kemur að samgöngumálum en á þetta atriði hefur LL bent í þeirri vinnu sem unnin var í aðdraganda framlagningar frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar.

Í ljósi þess að verið er að skilja að fullu á milli lögreglustjórnar annarsvegar og hlutverka sýslumanna hinsvegar gerir LL alvarlegar athugasemdir við það að ráðherra skuli verða veitt heimild, með þessari lagagrein, til að fela ákveðnum sýslumönnum stjórn lögreglu á afmörkuðum svæðum í umboði lögreglustjóra. Eðlilegra væri, að mati LL, að viðkomandi yfirmönnum lögreglu (aðstoðarlögreglustjórum, yfir- eða aðstoðaryfirlögregluþjónum – allt eftir því hvað við á á hverjum stað fyrir sig), yrði falin sú stjórn sem hér er mælst til að hægt yrði að fela sýslumönnum.

Í ljósi nýútkominnar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, þar sem fjallað er um ráðherraráði, þykir LL rétt að gera athugasemdir við það að dómsmálaráðherra skuli verða veitt sú heimild að hlutast til um verkefni lögreglu eða eins og segir í frumvarpinu:

„Dómsmálaráðherra er heimilt að fela einstökum lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu. Heimild þessi nær m.a. til verkefna sem talin eru upp í 2. mgr. 5. gr.“

Mun eðlilegra væri að lögreglan sjálf færi með þetta vald, líkt og lagt var upp með í þeim drögum að frumvarpi, sem fylgdu greinargerð starfshópsins um sameiningu lögregluembætta en í 2. gr. draganna var gert ráð fyrir því að RLS hefði heimild til að fela einstaka lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu. Hér er fyrst og fremst verið að fjalla um verkefni, sem í dag eru unnin hjá RLS, og eðlilegt hlýtur að teljast að embættið sæi sjálft um að meta það hvort einstaka lögreglustjórar hafi burði til að sinna þeim verkefnum og/eða hvort verkefnunum væri yfirhöfuð betur fyrirkomið utan RLS.

Hér er nærtækast að horfa til stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar sem gerð var á embætti RLS á árinu 2006 en þar var m.a. lagt til að stjórnunarhlutverk RLS á allri löggæslu í landinu yrði eftt (danska leiðin). Í skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála, frá árinu 2005 eru einnig lagðar til breytingar á hlutverki RLS í ætt við dönsku leiðina. Önnur leið, svokölluð PSU (Police Standards Unit) leið, sem einnig var nefnd í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ófær þar sem bresk stjórnvöld hafa horfið frá henni og lagt niður PSU í þeirri mynd sem það var í á þeim tíma sem skýrsla Ríkisendurskoðunar var unnin. Það verður, að mati LL, eðlilegra að teljast að fylgja þeim leiðum sem farnar hafa verið á hinum Norðurlöndunum og þá um leið kannski nærtækast að horfa til Danmerkur en stofnanauppbygging lögreglu hér á landi er að miklum hluta til fengin þaðan.

Í þessu sambandi verður einnig að horfa til ákvörðunar íslenskra stjórnvalda um aðildarumsókn að Evrópusambandinu en vinna í kringum þá umsókn er nú í fullum gangi í stjórnkerfinu. Eitt af þeim verkefnum, sem íslensk stjórnvöld verða að horfa til í þessu sambandi eru varnir gegn hryðjuverkum. Ljóst er að ef hugmyndir ná fram að ganga um t.d. tilfærslu verkefna á borð við fjarskiptamiðstöð, sérsveit, alþjóðadeild eða greiningardeild RLS frá því embætti væri verið að vinna gegn þeim markmiðum sem finna má í „Acquis“ Evrópusambandsins er varða kafla 23 og 24 er fjalla um dóms- og innanríkismál. Ljóst má telja að stórefla þarf miðlægt hlutverk RLS og þá miklu og góðu samvinnu sem verið hefur á milli þeirra deilda RLS sem upp eru taldar hér að ofan. Þær hugmyndir, sem heyrst hafa um niðurlagningu RLS, í núverandi mynd, tilfærslu



fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar þaðan til annarra embætta o.fl. í þeim dúr gengur beinlínis gegn þeim markmiðum sem finna má í hinum ýmsu gerðum Evrópusambandsins er lúta að baráttu gegn hryðjuverkum. Að sama skapi er ljóst að stórefla þarf þessar miðlægu deildir RLS í nánustu framtíð í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda sem felast í aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Þá er einnig ljóst að áætlanir stjórnvalda í þessum efnum munu kalla á stórauknar fjárveitingar og aukinn mannskap í lögreglu sbr. þar sem hér kemur fram að ofan.

Hér þarf einnig að horfa sérstaklega til þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í Utanríkisráðuneytinu með útkomu skýrslu starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu stjórnarráðsins og þess frumvarps sem lagt hefur verið fram á Alþingi er lýtur að breytingum á varnarmálalögum (afnám Varnarmálastofnunar – 581 mál). Enn og aftur er rétt að ítreka það að LL finnst það miður að hafa ekki verið kallað til vegna þeirrar vinnu.

Ekki verður séð að nein sparnaður eða hagræðing felist í því að færa landsvísudeildir frá RLS til einstakra svæðisbundinna lögreglustjóra nema þá beinlínis eigi að minnka þjónustuna sem veitt er í dag eða þá að afleggja hana með öllu. Þvert á móti eru meiri líkur á að slíkir flutningar valdi auknum kostnaði svo sem dæmið frá LRH og Suðurnesjum við breytingarnar 2007 sanna.

Sá vandi sem við er að glíma er hjá varðandi skipulag, rekstur og óánægju starfsmanna hjá LRH (sem berlega sést í þeim óformlegu könnunum sem LL og LR hafa staðið fyrir og birtar eru hér framar í þessari umsögn og ítrekað hefur birst í fjölmiðlum) verður ekki leystur með því að flytja deildir RLS þangað. Þvert á móti væri verið að skapa aukinn vanda meðal annars vegna þess að enginn starfsmanna RLS væri sáttur við þá breytingu og óánægjan myndi því vaxa stórfellt. Þeir lögreglumenn sem starfa hjá RLS yrðu reyndar einnig jafn óánægðir ef ætti að flytja þá til annarra svæðisbundinna lögreglustjóra. Það að flytja starfsemi til LRH þýddi í reynd að verið væri að stækka



hítina á kostnað annarra embætta sem auk þess myndi valda óánægju hjá öðrum lögregluliðum.

Sé tekið dæmi af sérsveit RLS þá sinnir hún þegar í dag almennri löggæslu á höfuðborgarsvæðinu og því myndi lögreglumönnum ekki fjölga við löggæslu á höfuðborgarsvæðinu frá því sem nú er nema þá hætt verði að veita aðstoð við önnur embætti eða þá að hætt væri að starfrækja hana sem sérsveit og eftir atvikum starfsmönnum sagt upp störfum. Þá væri hægt að spara en alveg ljóst að um stórfelld mistök varðandi löggæsluna í landinu væri að ræða og uppbygging sem hefur tekið áratugi væri fyrir bý og lögreglan aftur mun veikari eftir og öryggi almennings og lögreglumanna minna auk þess sem slíkar ákvarðanir gengju þvert gegn áformum stjórnvalda um inngöngu Íslands í Evrópusambandið s.s. áður hefur komið fram í athugasemdum þessum.

Það að einstakir svæðisbundir lögreglustjórar hafi með að gera starfsemi á landsvísu getur skapað þá stöðu að aðrir lögreglustjórar fái skerta þjónustu og valdið úlfúð jafnvel vegna gruns um að svo sé. Þá er tekið frá þeim það mikla stoðhlutverk sem RLS veitir lögregluliðunum utan höfuðborgarsvæðisins og er ekki annað vitað en almenn ánægja ríki meðal lögreglustjóranna um það fyrirkomulag sem nú er við lýði varðandi miðlæga þjónustu RLS.

Reynslan erlendis frá sýnir að svæðisbundnir lögreglustjórar hugsa eðli máls samkvæmt fyrst um eigið umdæmi og hlutur annarra varðandi þjónustu sem á að vera á landsvísu verður rýrari og reyndar síður kallað eftir henni jafnvel þó full þörf sé á. Þetta er velþekkt frá þeim tíma er sérsveitin var alfarið rekin á kostnað og út frá Lögreglunni í Reykjavík. Einnig eru minni líkur á því að slíkt fyrirkomulag skili þeim árangri sem til þarf. Slík starfsemi þarf því, að mati LL, að vera miðlæg til að tryggja jafnræði og að starfsemin sé í reynd á landsvísu. Annað dæmi sem hægt er að taka til hér er að þegar fyrrverandi lögreglustjóri í Reykjavík, sem hafði það hlutverk að starfrækja



þjóðvegjalögregludeild, stóð frammi fyrir niðurskurði, þá var sú deild það fyrsta sem skorin var niður og reyndar aflögð með öllu.

Það er ef eitthvað er þörf á frekari miðlægri starfsemi á landsvísu til að efla lögregluna til að takast á við nýjar ógnir svo sem skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverk, s.s. áður hefur komið fram. Á hinum Norðurlöndunum hefur slíkt einmitt verið gert á síðustu árum og reyndar einnig hjá öðrum Evrópuþjóðum. Rétt væri kannski í þessum efnum að huga að því að færa verkefni frá dómsmálaráðuneytinu varðandi yfirstjórn lögreglunnar alfarið til ríkislögreglustjóra eins og lagt er til í skýrslu ríkisendurskoðunar frá árinu 2006 og aðskilja betur hinn pólitíska ráðherra frá yfirstjórn lögreglu, sem samrýmist því sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem fjallað er um ráðherraræði það sem verið hefur við lýði á Íslandi.

3. gr.

a.

Í áfangaskýrslu um mat á breytingum á nýskipan lögreglumála sem skilað var til dómsmálaráðherra í apríl 2008 er nokkuð fjallað um rannsóknarþátt lögreglu í VI kafla. Eitt af höfuðmarkmiðum breytinganna sem farið var í um áramótin 2006 – 2007 var að „...efla og styrkja rannsóknir lögreglu á sakamálum með því að færa rannsóknir stærri og flóknari mála í hendur færri rannsóknardeilda...“. Í skýrslunni er dregin fram sú ályktun að rannsóknardeildirnar hafi litið svigrúm til að þróa þá sérhæfingu sem að var stefnt með lagabreytingunni 2006. Þar er jafnframt lagt til, það sem er að líta dagsins ljós með þeirri breytingu sem hér er lögð til, að hinar sérstöku rannsóknardeildir sem stofnað var til með lagabreytingunum 2006 verði lagðar niður og rannsóknarstörf lögreglu færð í fyrra horf og undir stjórn hvers lögreglustjóra í hinum sex umdæmum.

Mjög skiptar skoðanir eru um það meðal lögreglumanna um það hvernig til hafi tekist með rannsóknarþátt lögreglu, allt frá niðurlagningu RLR árið 1997. Heyrst hafa raddir um það að endurvekja bæri RLR að hluta til í þeirri mynd sem sú stofnun var í við niðurlagningu hennar og aðrar raddir heyrast sem lúta að því sem hér er lagt til þ.e. að



hinar sérstöku rannsóknardeildir lögreglu verði lagðar niður og rannsóknardeildum einstakra embætti falin rannsókn allra þeirra mála sem upp koma í hverju umdæmi fyrir sig. Hér ber allt að sama brunni og áður hefur komið fram í þessari umsögn þ.e. að engar kannanir liggja fyrir um það hvort sá vegur sem farinn hefur verið við skipulagsbreytingar í lögreglu allt frá og í raun löngu fyrir árið 1997 hafi í raun verið stiginn til góðs. Nauðsynlegt er, að mati LL, að ítarleg könnun verði gerð á því, án tafar, meðal lögreglumanna um það hvernig þeir líta þær breytingar sem ráðist hefur verið í til dagsins í dag og á sama tíma verði gerð könnun á starfsumhverfi lögreglumanna, stjórnun, trúverðugleika stjórnenda o.fl. í þeim dúr. Könnun á svipuðum nótum og Stéttarfélag í almannaþjónstu (SFR) stendur fyrir árlega og hefur gert undanfarin fimm ár.

b.

LL gerir ekki sérstakar athugasemdir við þennan lið frumvarpsins.

c.

LL vísar til þess sem hér að framan er komið undir lið a.

d.

Í samræmi við það sem fram er komið hér framfar í athugasemdum LL leggur LL áherslu á það sem fram kemur um nauðsyn náinnar samvinnu fjarskipamiðstöðvar, alþjóðadeildar, greiningardeildar og sérsveitar RLS, með sérstakri áherslu á það sem fram hefur komið varðandi varnir gegn hryðjuverkum og tengsl þessarar vinnu við aðildarumsóknarferli Íslands að Evrópusambandinu. Þá leggur LL áherslu á nauðsyn þess að öflug greiningardeild, sem hafi yfir að ráða forvirkum rannsóknaraðferðum, líkt og áhersla er lögð á í gerðum Evrópusambandsins um varnir gegn hryðjuverkjum o.fl, eins og áður hefur komið fram í athugasemdum þessu, sé starfrækt miðlægt hjá RLS með tengiliðum hjá hverju lögregluembætti.

4. gr.



LL er eindregið þeirrar skoðunar að ENGINN eigi að fara með lögregluvald nema hafa lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins (LSR). Þar eru kennd þau vinnubrögð sem notuð eru í lögreglu hverju sinni s.s. valdbeitingar hvers konar (handtökur), lögreglufræði. Það að fela öðrum en þeim sem lokið hafa námi frá LSR að fara með lögregluvald er í raun að bjóða hættunni heim á mistökum og málaferlum.

5. gr.

Grein þessi fjallar um sérstakar samstarfsnefndir um málefni lögreglunnar og er efnislega samhljóða 12. gr. núverandi lögreglulaga.

LL gerir ekki efnislegar athugasmdir við þessa grein frumvarpsins.

6. gr.

Hér er verið að fjalla um atriði er snerta á skipunarformi lögreglumanna, sem embættismanna og hefur þessi grein því bæði bein og óbein áhrif á atriði er varða launa- og starfskjör lögreglumanna.

LL geldur varhug við því að hróflað verði við núverandi fyrirkomulagi skipana lögreglumanna til starfa og óttast að með því að færa skipunarvaldið í hendur einstaka lögreglustjórum aukist hættan á því að ráðningar verði ekki á faglegum nótum.

LL leggur á það áherslu að ráðningar í allar stöður í lögreglu þarf að framkvæma á faglegan hátt þ.a. tryggt verði að enginn ágreiningur geti orðið um hæfi manna til að gegna viðkomandi stöðum. Í þessu sambandi er rétt að benda á ályktun 30. þings LL er varðar þverfaglega nefnd til að fjalla um ráðningar í lögreglu. Þetta helst í hendur við niðurstöður skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og fær stuðning í þeim fjölmörgu málum, er varða ráðningar í lögreglu, sem kvartað hefur verið undan til Umboðsmanns Alþingis.



LL þykir það jafnframt mjög miður að ekki skuli vera horft til þess að gera lögreglumönnum kleift að sækja um og fá stöður lögreglustjóra líkt og fyrrverandi dómsmálaráðherra hafði lagt upp með í minnisblaði sínu um endurskoðun lögreglulaga dags. 4. júlí 2008. Það er að mati LL nauðsynlegt að þeir sem koma að stjórn lögreglu hafi yfirgripsmikla innsýn og þekkingu inn í störf lögreglu og engir eru, að mati LL, betur til þess fallnir en þeir sem lokið hafa námi frá LSR, starfað hafa í lögreglu og hlotið nægilega viðbótarmenntun til að gegna slíkum störfum. Þetta helst einnig í hendur við áherslur LL í menntunarmálum lögreglumanna og þeirrar kröfu að nám í LSR verði fært á háskólastig líkt og gert hefur verið að langmestum hluta á hinum Norðurlöndunum og verið er að vinna að í þeim þar sem lögregluskólarnir eru ekki nú þegar komnir á háskólastig. Þetta myndi einnig auka veg og vanda lögreglunámsins og þar með haldast í hendur við þau áform, sem er að finna í 8. gr. þessa frumvarps þar sem það er lagt til að síðari bóknámsönn lögregluskólans verði ólaunuð líkt og fyrri bóknámsönnin

Hér er einnig verið að leggja grunn að nýrri starfsstigareglugerð fyrir lögreglu en LL hefur lagt á það mikla áherslu, í vinnu sinni við gerð kjarasamninga, sem enn eru lausir, að horft verði til þessa þáttar s.s. áður hefur komið fram.

7. gr.

LL vísar til umsagnar sinnar um 1. gr. þessa lagafrumvarps varðandi það sem sett er fram í þessari grein frumvarpsins.

8. gr.

LL vísar til umsagnar sinnar um 6. gr. þessa lagafrumvarps varðandi það sem sett er fram í þessari grein frumvarpsins.



Rétt er þó að benda sérstaklega á það hér í þessu samhengi að á s.l. 20 árum hefur lögregluskólanámið styst um 8 mánuði. Þetta er, að mati LL, algerlega ófært þegar að öll starfskilyrði lögreglumanna hafa orðið miklu erfiðari og sérhæfing hefur aukist gríðarlega. Þá ítrekar LL það sem áður hefur komið fram um það að koma námi í LSR á háskólastig.

Hér er einnig rétt að horfa til skýrslu nefndar sem falið var það hlutverk að skoða uppbyggingu alhliða löggæslu- og öryggisskóla en skýrslunni var skilað til þáverandi dómsmálaráðherra í desember 2008.

II. KAFLI

Gildistaka o.fl.

9. gr.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við það sem fram kemur í þessum kafla frumvarpsins en leggur hinsvegar áherslu á það sem fram hefur komið hér fram um einstaka greinar þess, sem og það sem fram kemur í almenna kaflanum hér fremst og þá sérstaklega er varðar auglýsingar á stöðum lögreglustjóra hinna nýju embætta.

10. gr.


Breytingar á öðrum lögum.

LL gerir engar efnislegar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins.

Ákvæði til bráðabirgða.

LL vísar til athugasemda sinna við 9. gr. frumvarpsins með vísan í athugasemdir við einstaka greinar þar á undan varðandi það sem fram kemur um ákvæði til bráðabirgða.

Varðandi verkefnisstjórn sem falið er það hlutverk að leggja mat á ýmsa þætti er varðar tilflutning verkefna á grundvelli 5. mgr. 6. gr. lögreglulaga ítrekar LL það sem áður hefur




komið fram í athugasemdum þessum. Þá leggur LL enn og aftur áherslu á það að Allsherjarnefnd kynni sér sérstaklega hvernig staðið var að innleiðingu skipulagsbreytinganna, sem urðu í lögreglu um áramótin 2006 – 2007 með því að lesa fundargerðir ráðgjafarnefndar þeirrar sem komið var á laggirnar til að vera til ráðgjafar við stofnun nýs embættis LRH og kalli á sinn fund fulltrúa starfsmanna embættanna þriggja sem sæti áttu í þeirri nefnd auk formanns ráðgjafarnefndarinnar Ólaf Kr. Ólafsson, sýslumann Snæfellinga.

Að lokum finnst LL rétt að gera athugasemdir við það hversu stuttur tími er að jafnaði gefinn til að koma á framfæri athugasemdum við lagafrumvörp sem LL eru send til umsagnar.

Landssamband lögreglumanna áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum og ábendingum að á síðari stigum málsins.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2001
komudagur 6.5.2010

Reykjavík, 5. maí 2010
Tilvísun: 201005-0391

Efni: Umsögn um frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.)

Með tölvupósti dags. 21. apríl sl. var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sent til umsagnar frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.), 586. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 6. Jafnframt er lagt til að lögfest verði almenn heimild til að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvísi, sem nú eru á hendi embættis ríkislögreglustjóra. Það er mat lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að frumvarpið sé rétt og jákvætt skref til eflingar lögreglunnar í landinu vegna þeirra möguleika sem skapast með framangreindum breytingum til eflingar á faglegri starfsemi lögreglu og um leið til hagræðingar í rekstri hennar. Eru rök fyrir því rekin nánar í þessari umsögn.

Frumvarpið felur ekki í sér miklar breytingar á starfsemi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Eins og kunnugt er tók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu til starfa 1. janúar 2007, með sameiningu þriggja lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu. Var það einn liður í umfangsmiklum breytingum á skipulagi lögreglumála í landinu sem m.a. fólust í fækkun lögregluumdæma úr 26 í 15.

Nú rúmum þremur árum eftir sameiningu lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu má sjá að margt hefur áunnist með því að stækka og efla lögregluliðið á þessu svæði. Um þetta var m.a. fjallað í áfangaskýrslu um mat á breytingum á nýskipan lögreglu sem gefin var út í apríl 2008. Má í því sambandi nefna eflingu og styrkingu rannsókna á ýmsum sviðum, þar á meðal rannsókna fikniefnamála, kynferðisbrotamála og heimilisofbeldismála. Met hafa verið slegin í haldlagningu fikniefna á nánast hverju ári undanfarin þrjú ár og hafa þau mál í öllum tilvikum leitt til þungra fangelsisdóma yfir þeim brotlegu, þar á meðal þeim sem fjármagnað hafa og skipulagt innflutning umræddra fikniefna. Rannsóknartími alvarlegra ofbeldisbrota og kynferðisbrota er umtalsvert styttri en áður auk þess sem mikil áhersla hefur verið lögð á að bæta gæði rannsókna og saksóknar með aukinni fræðslu, sérhæfingu starfsmanna og breyttu skipulagi. Mikil áhersla hefur verið lögð á aukna sýnilega löggæslu til þess m.a. að fækka umferðarslysum og afbrotum. Á höfuðborgarsvæðinu hefur slysum og óhöppum í umferðinni fækkað umtalsvert á þessu tímabili samkvæmt tölfræði frá Umferðarstofu og lögreglu. Samstarf við sveitarfélög, stofnanir og ýmsa aðra hagsmunaaðila á svæðinu hefur verið eflt með reglulegum samráðsfundum, samstarfsverkefnum og samstarfssamningum. Þjónustukannanir hafa verið gerðar árlega þar sem öryggistilfinning íbúa er könnuð, sýnileiki lögreglunnar og ánægja með störf hennar. Niðurstöður þessara kannana bera með sér að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru mjög ánægðir með störf lögreglunnar á svæðinu og í sínu hverfi og öryggistilfinning íbúa er mjög há. Þá má nefna að í mælingum Capacent á trausti til stofnana hér á landi sem fram fór í febrúar sl. kom fram að traust til lögreglunnar hefur aukist og hefur aldrei mælst jafn hátt frá því að mælingar hófust árið 1993.

Sameining lögregluliðanna hefur einnig skapað mörg tækifæri til hagræðingar og sparnaðar í rekstri lögreglunnar. Sú aðferðafræði sem beitt var við sameiningu embættanna árið 2007 fól í sér að öllum starfsmönnum lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu var tryggt áframhaldandi starf með óbreyttum kjörum hjá nýju embætti. Það hafði í för með sér að hagræðing og sparnaður af sameiningunni kom ekki fram á fyrstu tveimur árunum eftir sameininguna. Þar að auki fylgdi sameiningunni óhjákvæmilegur kostnaður vegna tilflutnings starfsmanna og annar breytingakostnaður. Halli var því á rekstri embættisins fyrstu tvö árin sem að mestu má rekja til

Hverfisgata 115
150 Reykjavík

Sími: 444-1000
Fax: 444-1015
Veffang: www.lrh.is
Netfang: lrh@lrh.is

framangreindra atriða. Með margvíslegum aðgerðum, þar á meðal breytingum á skipulagi og vaktakerfi, niðurlagningu deilda, flutningi verkefna til sýslumannsins í Kópavogi og fjölmörgum öðrum aðgerðum var þessum hallarekstri snúið við á árinu 2009 auk þess sem embættið þurfti á sama tíma að takast á við umtalsverða niðurskurðarkröfu í kjölfar bankahrunsins. Á rekstrarárinu 2009 varð um 90 m.kr. afgangur af rekstri embættisins sem notaður var upp í fyrirliggjandi 160 m.kr. halla vegna fyrstu tveggja áranna. Náðist þessi árangur þrátt fyrir umtalsverðan niðurskurð sem birtist bæði í fjárlögum og fjáráukalögum ársins 2009. Rekstur embættisins á árinu 2010 er í jafnvægi nú þegar þriðjungur ársins er liðinn þrátt fyrir að bæst hafi við krafa um 225 m.kr. niðurskurð á fjárlögum ársins 2010.

Arðsemi breytinga í kjölfar sameiningar árið 2007 er því augljós og sést með skýrum hætti í myndum 10-12 í meðfylgjandi viðauka. Nefna má sem dæmi að kostnaður við rekstrarvörur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er í dag umtalsvert lægri en hann var einungis hjá lögreglunni í Reykjavík á árinu 2006. Kostnaðarlækkunin í þeim samanburði nemur um 5% og er enn meiri ef tekinn væri með í reikninginn sambærilegur kostnaður hjá lögregluembættunum í Hafnarfirði og Kópavogi fyrir sameiningu embættanna.

Stór hluti af þeirri hagræðingu og sparnaði sem náðst hefur á þessu og síðasta ári liggur í því að embættin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð í upphafi árs 2007 og nýtur embættið þess á þeim erfiðu tímum sem núna blasa við í rekstri hins opinbera. Þannig hefur ekki verið ráðið í stöður yfirmanna sem látið hafa af störfum vegna aldurs og breytingar gerðar á skipuriti, sem miða að því að fækka stjórnendum í liðinu umtalsvert. Skiptir sá sparnaður í ár og á undanförmum þremur árum tugum milljóna króna. Frekari hagræðing er fyrirsjáanleg af þessum sökum á næstu árum þegar menn í stjórnunarstöðum munu láta af störfum vegna aldurs og því ljóst að sú hagræðing sem rekja má til sameiningarinnar árið 2007 er ekki enn að fullu komin fram.

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Þeirri ábendingu er þó komið á framfæri að frumvarpið gerir ráð fyrir því að fella úr lögreglulögunum sérstök stöðuheiti, þar á meðal stöðuheiti aðstoðarlögreglustjóra. Á það skal bent að aðstoðarlögreglustjórar eru staðgenglar lögreglustjóra, sbr. í því samhengi 6. gr. laga nr. 92/1989 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, þar sem fjallað er um staðgengla sýslumanna. Væri því rétt að sambærilegt ákvæði væri til staðar í lögreglulögunum og nú er að finna í framangreindum lögum varðandi tilnefningu staðgengla.

Það er mat lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að fyrirliggjandi frumvarp feli í sér rétt og jákvætt skref til eflingar lögreglunnar í landinu. Með því skapast möguleikar til hagræðingar og sparnaðar sem ekki er unnt að ná í núverandi skipulagi án þess að skerða þjónustu lögreglu verulega. Á það bæði við um þau áform sem fram koma í frumvarpinu um frekari fækkun og stækkun lögregluumdæma og með flutningi löggæsluverkefna frá embætti ríkislögreglustjóra. Fyrirsjáanlegur er enn frekari niðurskurður á rekstri hins opinbera á næstu árum og því mikilvægt að þessar breytingar nái fram að ganga. Á það er hins vegar rétt að benda að frumvarpið gerir ráð fyrir því að allir starfsmenn eldri lögregluembætta eigi rétt á störfum hjá nýjum embættum og á sömu starfskjörum, að undanskildum lögreglustjórum. Því er fyrirsjáanlegt að meiri tíma taki en ella að ná fram hagræðingu og sparnaði af þessum breytingum, sbr. reynslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu tveimur starfsárum embættisins. Það er hins vegar skynsamlegt með hliðsjón af hagsmunum starfsmanna að vinna að málum með þessum hætti, líkt og gert var við breytingar á skipulagi löggæslumála í upphafi árs 2007.


Til frekari fróðleiks fylgja nokkrar töflur um stöðu og þróun mála á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt upplýsingum úr málaskrá lögreglu sem og upplýsingar um kostnaðarlækkun og hagræðingu í kjölfar sameiningar lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Stefán Þurkellsson, lögreglustjóri




Viðauki við umsögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum (586. mál)


Upplýsingar um stöðu og þróun mála á höfuðborgarsvæðinu




Mynd 1: Fjöldi ofbeldisbrota (217. og 218. gr. alm. hegningarlaga) sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 2004 til 2010, greint eftir mánuðum.




Mynd 2: Fjöldi ofbeldisbrota (217. og 218. gr. alm. hegningarlaga) sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá janúar til maí ár hvert.




Mynd 3: Fjöldi eignaspjalla sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 2004 til 2010, greint eftir mánuðum.




Mynd 4: Fjöldi eignaspjalla sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá janúar til maí ár hvert.




Mynd 5: Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar öruggir einir á gangi að næurlagi í sínu hverfi/byggðarlagi samkvæmt þolendakönnun, greint eftir því hvort viðkomandi var búsettur á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.




Mynd 6: Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi/ byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum? (Þróun mála á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009).




Mynd 7: Fjöldi þjófnaða og þar af innbrota sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 2004 til 2010, greint eftir mánuðum.




Mynd 8: Fjöldi þjófnaða og þar af innbrota sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá janúar til maí ár hvert.




Mynd 9: Fjöldi slysa með meiðslum á höfuðborgarsvæðinu 2002 til 2009, greint eftir mánuðum (Heimild Umferðarstofa).



Mynd 10: Útgjöld fyrir og eftir sameiningu löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Eins og sjá má á myndinni jókst kostnaður í upphafi sameiningar en hefur svo lækkað ár frá ári. Sameiningarkostnaðurinn er einskiptiskostnaður en kostnaðarhagræðið er til framtíðar.



Mynd 11: Hagræðing sýnd einnig sem hlutfall löggæsluútgjalda embættanna þriggja árið 2006 á verðlagi ársins 2009. Arðsemi breytinganna er meiri en 70% ef reiknað er með 300 m.kr. hagræði (sem þegar er orðið) á ári næstu ár fram til ársins 2015.



Mynd 12: Rekstrarvörukostnaður LRH er lægri nú en hjá lögreglunni í Reykjavík. Samningsstaða stærra embættis gagnvart birgjum er mun betri. Lækkun kostnaðar nemur um 5% og er meiri ef tekinn væri með sambærilegur kostnaður hjá sýslumannsembættunum í Hafnarfirði og Kópavogi vegna löggæslunnar þar fyrir sameiningu.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2010
komudagur 7.5.2010



Lögreglan í Borgarfirði og Dölum

Lögreglustöðin Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnesi. S. 433-7612/433-7613. Fax: 437-2066.
Lögreglustöðin Miðbraut 11, 370 Búðardal. S. 433-7620 fax: 434-1404

Berist Allsherjarnefnd Alþingis.

Ályktun starfsmannafundar lögreglumanna í Borgarfirði og Dölum

Á starfsmannafundi sem haldinn var á lögreglustöðinni í Borgarnesi þann 4. maí 2010 og flestir starfandi lögreglumenn sátu, ásamt Stefáni Skarphéðinssyni sýslumanni og Jóni Einarssyni fulltrúa, var farið yfir framkomið frumvarp um breytingu á lögreglulögum vegna fyrirhugaðrar sameiningar lögregluembættanna.

Voru fundarmenn sammála um eftirfarandi ályktun vegna frumvarpsins:

Lögreglumenn og yfirstjórn Lögreglunnar í Borgarfirði og Dölum -LBD- telja varhugavert að farið sé út í miklar breytingar á skipan lögreglumála miðað við það ástand sem að ríkir í þjóðfélaginu nú um stundir, ef draga á úr mætti lögreglu með niðurskurði og fækkun lögreglumanna, samhliða sameiningunni.

Lögreglumenn LBD eru sammála um að sameining lögregluembættanna á Vesturlandi, þ.e.s. Akranesi, Borgarnesi (LBD) og Snæfellsnesi sé eðlileg og hafi ákveðna kosti í för með sér. Hins vegar sjá lögreglumenn LBD ekki neina kosti við að lögreglan á Vesturlandi sameinist lögreglunni á Vestfjörðum. Slík sameining hlýtur að hafa kostnaðarauka í för með sér og yfirstjórn mun líklega verða miklum erfiðleikum bundin. Áður en slík sameining er ákveðin hlýtur að þurfa að gera þarfa- og kostnaðargreiningu á fyrirhugaðri sameiningu.

Lögreglumenn LBD telja það vera rangt og ákveðið stílbrot, að fela sýslumönnum daglega stjórn lögreglu, slík stjórn ætti að vera í höndum yfirlögregluþjóna eða annarra yfirmanna lögregluliðsins.

Fh. lögreglumanna embættisins.
Virðingarfyllst;

Stefán Skarphéðinsson sýslumaður

Theodór Þórðarson yfirlögregluþjónn

Ályktun Lögreglufélags Vesturlands

Aðalfundur Lögreglufélags Vesturlands, haldinn í Borgarnesi þann 13. apríl 2010, ályktaði um þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpi dóms- og mannréttindamálaráðherra um breytingar á lögreglulögum. Höfðu fundarmenn áhyggjur af því að stöðum lögreglumanna verði fækkað með sameiningu lögregluembættanna á Vesturlandi og Vestfjörðum þó svo að samnýting á mannskap sé ekki raunhæf vegna vegalengda og aðstæðna. Lögreglufélag Vesturlands vill benda á að ekki hafi verið reiknuð út hagkvæmni þess að sameina lögregluembætti á Vesturlandi og Vestfjörðum. Lögreglufélag Vesturlands telur aftur á móti að sameining lögregluembættanna á Vesturlandi (Borgarnes, Akranes og Snæfellsnes) eðlilega og hafa ákveðna kosti. Fundarmenn telja einnig að ákveðin kjaraskerðing hljótist af sameiningunni þar sem stöðum yfirmanna á að fækka og þar með möguleikum lögreglumanna á að vinna sig upp í starfi.

Fundurinn vildi einnig hvetja forystumenn sveitafélaga á Vesturlandi og Vestfjörðum til að beita sér fyrir óbreyttum fjölda lögreglumanna og óbreyttum fjölda starfsstöðva í nýju embætti.

Vill Lögreglufélag Vesturlands benda á að í anda þess nýja samfélags sem nú á að móta er annað ekki ásættanlegt en að stöður lögreglustjóra verði auglýst til umsóknar ef frumvarp þetta verður samþykkt á alþingi.

Einnig telja félagsmenn Lögreglufélags Vesturlands að yfirstjórn lögreglu eigi að vera í höndum lögreglustjóra og yfirlögregluþjóna en ekki sýslumanna.

Frumvarpið virðist við fyrstu sýn ekki skaðlegt en líklegt má telja að embættum úti á landi eigi eftir að reynast erfitt að ráða til sín menntaða lögreglumenn ef starfsstigum verður fækkað og bakvaktir skornar mikið niður.

Stjórn Lögreglufélags Vesturlands

Alþingi
Erindi nr. P 138/2009
komudagur 7.5.2010

Umsögn
Lögreglustjórafélags Íslands
um frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra
til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, o.fl.,
þskj. 977 - 586. mál., lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.

Á fundi í Lögreglustjórafélagi Íslands 21. apríl 2010 var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 o.fl. (hér eftir nefnt frumvarpið) sem dómsmála- og mannréttindaráðherra mælti fyrir á Alþingi 16. apríl s.l. Fundinn sótti fulltrúi ráðuneytis ráðherra og kynnti frumvarpið og svaraði fyrirspurnum.

Flestallir lögreglustjórar landsins tóku þátt í umræðum á fundinum, bæði með fyrirspurnum til fulltrúa ráðuneytisins og sín á milli.

Frumvarp ráðherra mælir fyrir um þrjár meginbreytingar á skipulagi lögreglunnar og skipan löggæslumála; að lögregluembættum verði fækkað úr 15 í 6, að einstaka lögreglustjórum verði falin verkefni á landsvísu, þar sem við á, og, að skipurit lögregluembætta verði ýmist samín eða endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn.

Meirihluti lögreglustjóra styður frumvarpið.

Þeir lögreglustjórar sem styðja frumvarpið gera nokkrar athugasemdir við einstakar greinar þess og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu.

I.

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir, að dómsmálaráðherra sé heimilt að fela sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi sínu í umboði viðkomandi lögreglustjóra.

Frumvarpið og þau ákvæði lögreglulaga, sem ekki sæta breytingum samkvæmt frumvarpinu, gera ráð fyrir því að lögreglustjórar beri ábyrgð á skipulagi og daglegum rekstri lögregluliðs umdæmis síns. Tilvitnað ákvæði frumvarpsins gengur hins vegar þvert á stjórnunarheimildir lögreglustjóra og ábyrgð hans á rekstri lögregluliðs. Sem dæmi um þau álitamál sem vakna vegna 3. mgr. 6.gr. frumvarpsins má nefna

- ábyrgð lögreglustjóra á rekstri þess hluta lögregluliðs umdæmis síns, sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið að fela sýslumanni lögreglustjórn á og,
- að svo virðist, samkvæmt orðanna hljóðan ákvæðisins, að dómsmálaráðherra geti ákveðið t.d. að fela sýslumanninum í Reykjavík lögreglustjórn í þeim hluta lögregluliðs lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem landfræðilega fellur undir sýslumanninn og loks,
- að dómsmálaráðherra, samkvæmt orðanna hljóðan ákvæðisins, ber ekki að leita ráðgjafar nokkurs aðila áður en hann tekur ákvörðun samkvæmt því.

II.

Í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir, að dómsmálaráðherra sé heimilt að fela einstökum lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu. Þessu ákvæði, með öðrum ákvæðum frumvarpsins, er ætlað að opna leið fyrir dómsmálaráðherra til að flytja verkefni frá ríkislögreglustjóranum til annarra lögreglustjóra.

Lögreglustjórar hafa stutt þá stefnu ríkislögreglustjóra að flytja þau verkefni, sem henta, frá embættinu til lögreglustjóra. Sem dæmi má nefna tæknirannsóknir lögreglu, sem fluttar voru til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, og innheimtu sekta, sem flutt var til lögreglustjórans á Blönduósi. Önnur miðlæg verkefni ríkislögreglustjóra henta mun síður til flutnings til staðbundins lögreglustjóra. Nægir í því samhengi að nefna, nú um stundir, almannavarnir og þau verkefni ríkislögreglustjóra, sem með beinum hætti tengjast þeim, eins og fjarskipti og sérsveit og í þó nokkrum mæli alþjóðadeild ríkislögreglustjóra.

Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því, að Alþingi ákveði ekki lengur verkefni ríkislögreglustjóra, heldur fær dómsmálaráðherra á hverjum tíma heimild til að ákveða þau með því flytja verkefni til einstakra lögreglustjóra.

Lögreglustjórar telja að sem mest af verkefnum lögreglu og heimildum hennar til annarra starfa eigi að mæla fyrir um með lögum Alþingis, þar með talin verkefni ríkislögreglustjóra.

III.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið er gert ráð fyrir því að heildarsparnaður gæti verið á bilinu 330-450 milljónir á ári allt eftir því hvað starfsmönnum verður fækkað mikið í samræmi við möguleika sem frumvarpið skapar.

Lögreglustjórafélagið hefur efasemdir um þennan sparnaðarútreikning, þar sem mannaflaþörf hinna nýju lögregluembætta hefur ekki verið metin, og reynslan hefur sýnt, að stofnun nýrra embætta hefur kostnað í för með sér í upphafi en sparnaðurinn kemur fram síðar. Þá verður að hafa það í huga að mestu möguleikarnir til sparnaðar í rekstri lögreglunnar eru hjá stóru lögregluliðunum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum – en frumvarpið snertir þau lögreglulið varla.

IV.

Í 9. gr. frumvarpsins segir m.a. að ný embætti muni taka við öllum starfsmönnum eldri lögregluembætta á sömu starfskjörum. Vill lögreglustjórafélagið benda á að líklega verði þessi sameining ekki sambærileg sameiningunni 2007 þar sem allir héldu þeim kjörum, sem skipun þeirra sagði til um út starfstíma viðkomandi. Ekki verður séð, miðað við það sem boðað hefur verið í ríkisfjármálum, að hægt sé að viðhalda öllum réttindum þegar fram í sækir.


V.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um það hverjir fari með lögregluvald. Hér væri til bóta að kveða á um heimild lögreglustjóra til að tilnefna einn löglærðra fulltrúa sinna sem staðgengil lögreglustjóra, að uppfylltum hæfisskilyrðum lögreglustjóra. Hliðstæðu við þannig ákvæði er að finna í 2. mgr. 6. gr. l. nr. 92/1989 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, þar sem sýslumanni er veitt heimild, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, til að gera einn löglærðra fulltrúa að staðgengli sínum.


VI.

Í máli þeirra lögreglustjóra sem ekki styðja frumvarpið komu fram þau sjónarmið, að í dreifbýli gæti verið hagkvæmast að hafa á sömu hendi lögreglustjórn og störf sýslumanna og, að með því að skilja lögreglustjórn frá embættum sýslumanna verði embætti sýslumanna það máttlítil að tilveru þeirra kunni að vera ógnað. Þeir sem ekki styðja frumvarpið lögðust hins vegar ekki gegn einhverri fækkun embætta sýslumanna.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur lýst öðrum sjónarmiðum en þeim, sem fram koma hér undir II. þætti.



F. h. Lögreglustjórafélags Íslands
Ólafur K. Ólafsson
varaformaður.



Alþingi
Erindi nr. P 138/2010
komudagur 7.5.2010

MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, o.fl. (fækkun lögregluumdæma o.fl.), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 977 – 586. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, o.fl. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stækkun lögregluumdæma í landinu sem síðan lúti stjórn eins lögreglustjóra.

Mannréttindaskrifstofan hefur farið yfir ofangreint lagafrumvarp með hliðsjón af mannréttindaákvæðum Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi, sem fullgiltur var af Íslands hálfu, með tilteknum fyrirvörum, hinn 22. ágúst 1979.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp, enda telur hún fullvíst að gætt verði að því að fækkun lögregluumdæma komi ekki niður á öryggi borgaranna sem ávallt skal haft í fyrirrúmi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Birna Árdal
Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur

Allsherjarnefnd

586. mál

Alþingi

Erindi nr. **Þ** 138/2279

komudagur 17.5.2010

From: Oddur Árnason Lögreglan Selfossi [mailto:OddurA@tmd.is]

Sent: 17. maí 2010 10:58

To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Cc: Snorri Magnússon; Jón F. Bjartmarz; Árni E. Albertsson; Ólafur Guðmundsson lögreglan Snæfellsnesi; Alda Hrönn Jóhannsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum; Sigríður Björk Guðjónsdóttir; Stefán Eiríksson; Ólafur Helgi Kjartansson Sýslumaðurinn Selfossi; Karl Gauti Hjaltason Sýslumaðurinn Vestm; Haraldur Johannessen; Guðmundur Guðjónsson; Frímenn B Baldursson Lögreglan á Selfossi

Subject: Upplýsingar um hæfniskröfu til þeirra sem fara með lögreglustjórn í Danmörku.

Importance: High

Sæl Elín!

Á fundi með Allsherjarnefnd miðvikudaginn 12. maí s.l. komu upp efasemdir um að krafa um lögfræðimenntun lögreglustjóra hefði verið felld niður í Danmörku líkt og fullyrt var í samantekt Félags yfirlögregluþjóna sem lögð var fyrir nefndina. Hér að neðan fara, til upplýsinga, tölvupóstsamskipti vegna þessa en af þeim er ljóst að krafa um að slíkt var fjarlægð úr dönskum lögum árið 2007. Þess er óskað að fulltrúar í Allsherjarnefnd verði upplýstir um þessa niðurstöðu.

Virðingarfyllt,

Oddur Árnason
yfirlögregluþjónn
480-1012/894-4902

From: Snorri Magnússon [mailto:snorri@bsrb.is]

Sent: 17. maí 2010 09:18

To: Jón F. Bjartmarz; Oddur Árnason Lögreglan Selfossi

Subject: RE:

Importance: High

Sælir.

Ég er kominn með svar, frá ritara Politiforbundet (LL í Danmörku) við spurningunni um hæfisskiyrði lögreglustjóra í Danmörku.

Svarið skýrir sit sjálf:

"I forbindelse med Politireformen blev kravet om, at Politimestre/Politidirektører har en juridisk embedseksamen fjernet.

Men indtil nu er det fortsat alene jurister, der sidder på disse pladser."

Sem sagt ekki lengur hæfisskiyrði fyrir því að verða lögreglustjóri að viðkomandi hafa lögfræðimenntun! Eins og einnig kemur fram í svari hans þá gerðist þetta með skipulagsbreytingunum árið 2007.

Kveðja.

Snorri.

From: Jón F. Bjartmarz [mailto:jfb@rls.is]

Sent: 12. maí 2010 19:38

Svarið skýrir sit sjálft:

”Í forbindelse med Politireformen blev kravet om, at Politimestre/Politidirektører har en juridisk embedseksamen fjernet.

Men indtil nu er det fortsat alene jurister, der sidder på disse pladser.”

Sem sagt ekki lengur hæfisskiyrði fyrir því að verða lögreglustjóri að viðkomandi hafa lögfræðimenntun! Eins og einnig kemur fram í svari hans þá gerðist þetta með skipulagsbreytingunum árið 2007.

Kveðja.

Snorri.

From: Jón F. Bjartmarz [mailto:jfb@ris.is]
Sent: 12. maí 2010 19:38
To: Oddur Árnason Lögreglan Selfossi; Snorri Magnússon
Subject:

Hér kemur svo lagagreinin og svo samanburðurinn á eldri grein og frumvarpsgrein.

§ 105. Rigsadvokaten, statsadvokaterne og de personer, der er antaget til bistand for disse eller for en politidirektør ved den retlige behandling af straffesager, skal have bestået juridisk candidateksamen. Rigsadvokaten og statsadvokaterne skal i reglen opfylde betingelserne for at blive beskikket som advokat med hensyn til forudgående praktisk virksomhed, jf. § 119.

Stk. 2. Medhjælpere for en statsadvokat og de, der bemyndiges til at virke som anklager ved Højesteret, landsretten eller byretten efter reglerne i § 100, stk. 2, § 103, stk. 3, eller § 104, stk. 2, skal opfylde betingelserne i stk. 1.

Stk. 3. Rigsadvokaten kan beskikke Forbrugerombudsmanden og ansatte i Forbrugerstyrelsen til at varetage udførelsen af straffesager for byretten og landsretten i sager vedrørende lov om markedsføring.

Stk. 4. Rigsadvokaten kan beskikke ansatte i Konkurrencestyrelsen til at varetage udførelsen af straffesager for byretterne i sager vedrørende konkurrenceloven.

Slóð á iögin https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=126338#K11_2

Get ekki séð að gerð sé krafa um að lögreglustjóri / politidirektör sé lögfræðingur en það er hins vegar sá starfsmaður hans sem annast slík verkefni sbr. og greinagerðina með frumvarpinu.

Snorri værir þú ekki til í að senda fyrirspurn á þína kontakta hjá danska landssambandinu og spyrja út í þetta?

kv. Jón Bjartmarz

Gældende formulering

§ 105. Rigsadvokaten, statsadvokaterne og de, der bemyndiges til at virke som anklager ved Højesteret eller landsretten i en enkelt sag, jf. § 100, stk. 2, og § 103, stk. 3, skal have bestået juridisk kandidateksamen. Endvidere skal de i reglen have været i virksomhed i mindst 3 år som dommer, som politimester, som medhjælper hos en statsadvokat, som auditor ved forsåret eller som advokat med møderet for landsret.

Stk. 2. Medhjælpere for en statsadvokat eller de, der bemyndiges til at virke som anklager ved byretten eller Sø- og Handelsretten i en enkelt sag, jf. § 104, stk. 2, skal have bestået juridisk kandidateksamen. Endvidere skal de opfylde betingelserne for at blive beskikket som advokat med hensyn til forudgående praktisk virksomhed, jf. § 119.

Stk. 3. Justitsministeren kan beskikke Forbrugerombudsmanden og ansatte i Forbrugerstyrelsen til at udføre tiltale for Sø- og Handelsretten og byretterne i sager vedrørende lov om markedsføring.

§ 107. Personer, der virker som anklager i en enkelt sag, jf. § 100, stk. 2, § 103, stk. 3, og § 104, stk. 2, modtager vederlag af det offentlige for den enkelte sag, medmindre udførelsen af sagen må anses som led i udførelsen af den pågældendes tjeneste. Vederlaget fastsættes af retten efter arbejdets betydning og omfang.

Kapitel 11

§ 109. Justitsministeren er politiets øverste foresatte og udøver sin beføjelse gennem rigspolitichefen, politidirektøren og politimestrene.

Stk. 2. Til bistand for rigspolitichefen, politidirektøren og politimestrene ansættes et ved normeringslov fastsat antal politiinspektører, vicepolitiinspektører, politiadvokater, politifuldmægtige og politikommissærer.

Lovforslaget

52. § 105 affattes således:

»§ 105. Rigsadvokaten, statsadvokaterne samt de personer, der er antaget til bistand for disse eller for en politidirektør ved den retlige behandling af straffesager, skal have bestået juridisk kandidateksamen. Rigsadvokaten og statsadvokaterne skal i reglen opfylde betingelserne for at blive beskikket som advokat med hensyn til forudgående praktisk virksomhed, jf. § 119.

Stk. 2. Medhjælpere for en statsadvokat og de, der bemyndiges til at virke som anklager ved Højesteret, landsretten eller byretten efter reglerne i § 100, stk. 2, § 103, stk. 3, eller § 104, stk. 2, skal opfylde betingelserne i stk. 1.

Stk. 3. Rigsadvokaten kan beskikke Forbrugerombudsmanden og ansatte i Forbrugerstyrelsen til at varetage udførelsen af straffesager for byretten og landsretten i sager vedrørende lov om markedsføring.«

53. § 107, 2. pkt., ophæves.

54. Kapitel 11 affattes således:

»Kapitel 11

§ 108. Justitsministeren er politiets øverste foresatte og udøver sin beføjelse gennem rigspolitichefen og politidirektørerne. Rigspolitichefen drøfter politiets virksomhed med politidirektørerne («koncernledelsen»).

§ 109. Rigspolitichefen har ansvar for politiets virksomhed i hele landet. Rigspolitichefen fører tilsyn med politidirektørerne.

Stk. 2. Rigspolitichefens afgørelser i klagesager over afgørelser truffet af politidirektørerne kan ikke påklages til justitsministeren.

Gældende formulering

Stk. 3. Politiets virksomhed udøves i øvrigt af et for hele riget fælles politikorps, hvis størrelse og fordeling i grader fastsættes ved normeringslov.

Stk. 4. Herudover kan ansættes et personale, hvis størrelse og fordeling fastsættes ved normerings- og finanslov.

§ 110. Under rigspolitichefen henlægges særlig:

- 1) Fordeling og omflytning samt indstillinger om ansættelser og forfremmelser inden for politikorps og politiets kontropersonale. Forinden forflyttelse sker, skal dog – ud over erklæring fra vedkommende politimester (politidirektøren) – indhentes erklæring fra vedkommende tjenestemand.
- 2) Politiets udrustning og kontorhold.
- 3) Regnskabsførelsen vedrørende udgifterne til politivæsenet.
- 4) Politiafdelinger, der ikke er knyttet til en bestemt politikreds, medmindre der af justitsministeren træffes anden bestemmelse.
- 5) Tilrettelæggelsen af fremmedtilsynet og gennemførelsen af de herhenhørende bestemmelser.

Stk. 2. Rigspolitichefens afgørelser i disciplinærsager og i andre sager, hvor der er truffet afgørelse om afsked, samt i sager om aktindsigt i ansættelses- og personalesager kan påklages til justitsministeren. Andre afgørelser truffet af rigspolitichefen i ansættelses- og personalesager kan ikke påklages til justitsministeren.

§ 111. Landet inddeles i 54 politikredse. Justitsministeren kan foretage forandringer i politikredsenes område, medmindre forandringen indebærer oprettelse eller nedlæggelse af en politikreds. Det påhviler Justitsministeriet at udsende en fortegnelse over politikredsenes med angivelse af området for hver af kredsenes.

Stk. 2. Københavns politikreds forestås af en politidirektør, de øvrige politikredse hver af en politimester. De pågældende må ikke uden justitsministerens tilladelse have bopæl uden for vedkommende politikreds.

Lovforslaget

Stk. 3. Rigspolitichefens afgørelser i 1. instans i ansættelses- og personalesager kan ikke påklages til justitsministeren. Det gælder dog ikke afgørelser i disciplinærsager og i andre sager, hvor der er truffet afgørelse om afsked, samt i sager om aktindsigt i ansættelses- og personalesager.

Stk. 4. Justitsministeren kan fastsætte regler om, at politidirektørernes afgørelser om nærmere angivne spørgsmål ikke kan påklages til rigspolitichefen.

§ 110. Landet inddeles i 12 politikredse. Justitsministeren kan foretage forandringer i politikredsenes område, medmindre forandringen indebærer oprettelse eller nedlæggelse af en politikreds.

Stk. 2. Hver politikreds ledes af en politidirektør, der har ansvar for politiets virksomhed i politikredsen.


Stk. 3. I politidirektørens fravær har vicepolitidirektøren den øverste ledelse af politiet i politikredsen.

§ 111. I hver politikreds oprettes et kredsråd vedrørende politiets virksomhed.

Stk. 2. Kredsrådet består af politidirektøren og borgmestrene i de kommuner, som politikredsen omfatter, jf. dog stk. 3 og 4.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2086
komudagur 7.5. 2010

Alþingi
Allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 6. maí 2010
Tilvísun: 2010040390PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis frá 21. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum nr. 90/1996 og fleiri lögum (586. mál á 138. löggjafarþingi, þskj. 977). Frumvarpið hefur ekki að geyma ákvæði sem varða vinnslu persónuupplýsinga og er því, í ljósi starfssviðs Persónuverndar, ekki tilefni til að stofnunin geri athugasemdir við það.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður S.', written in a cursive, flowing style. The signature is positioned above the printed name of the signatory.

Þórður Sveinsson



Alþingi
Erindi nr. P 138/1967
komudagur 5.5.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 5. maí 2010

Tilvísun: 2010040113

50.03

Tilvísun yðar: Þskj. 977 - 586. mál.

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, o.fl.

Ríkislögreglustjóri hefur haft til umsagnar, að beiðni Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 21. apríl 2010, frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þskj. 977 - 586. mál.

Fyrirliggjandi frumvarp tekur mið af verulegum niðurskurði fjárveitinga til lögreglumála, eins og lesa má um í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Ríkislögreglustjóri varar við enn frekari niðurskurði fjárveitinga til málaflokksins.


Ríkislögreglustjóri hefur um árábil bent á að skynsamlegt sé að sameina lögregluliðin og fækka lögregluumdæmum og setja yfir þau lögreglustjóra sem eingöngu sinntu lögreglustjórn. Um þetta vísast meðal annars til formála ríkislögreglustjóra í fyrstu ársskýrslu embættis ríkislögreglustjóra, útgefin í október 1999. Þá hefur ríkislögreglustjóri einnig vakið athygli á því að aðskilja bæri ákærvald frá lögreglustjórn.

Ein meginröksemd fyrir stofnum embættis ríkislögreglustjóra með lögreglulögum nr. 90/1996 var það markmið Alþingis að efla lögregluna í landinu. Í því skyni var talið skynsamlegt að færa á sömu hendi yfirstjórn lögreglumála og tiltekin verkefni á landsvísu. Fyrir liggur skýrsla dómismálaráðherra, lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002, stjórnarsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar 2006 og ársskýrsla ríkislögreglustjóra 2007 þar sem fram kemur að markmið Alþingis hafi náðst og ljóst sé að með tilkomu embættis ríkislögreglustjóra hafi orðið mikil framþróun og uppbygging í málaflokknum auk verulegrar hagræðingar.

Í 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er áformað að dómismálaráðherra verði heimilað að fela einstökum lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu og nær heimildin meðal annars til verkefna embættis ríkislögreglustjóra sem því hafa verið falin af Alþingi með 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Hvað varðar þessi áform vill ríkislögreglustjóri leggja áherslu á að best fer á því að Alþingi ákveði hvaða verkefni eru á ábyrgð lögreglunnar og ríkislögreglustjóra. Slíkt valdframsal Alþingis til ráðherra sem 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir getur verið afar óheppilegt og skapað vanda. Þá telur ríkislögreglustjóri rétt að lögfest verði í 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 þau verkefni sem eru á ábyrgð ríkislögreglustjóra en hafa verið ákveðin með reglugerðum um fjarskiptamiðstöð og sérsveit.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Samkvæmt 4. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er dómsmálaráðherra æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í hans umboði. Ekki eru fyrirætlanir í frumvarpinu um að gera breytingar á þessari skipan mála. Hins vegar hefur Alþingi nú tækifæri til að skýra nánar í hverju umboð ríkislögreglustjóra felst og fjalla um verkaskiptingu á milli ráðuneytis og embættis ríkislögreglustjóra.



Haraldur Johannessen / Guðmundur Guðjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/2195
komudagur 12.5.2010

Ríkissaksóknari

Reykjavík, 10. maí 2010.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 10
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, o. fl., 586. mál.

Nágrannalönd okkar hafa á undanförnum árum styrkt lögreglu með það fyrir augum að tryggja öryggi borgaranna og sporna gegn glæpum. Hér á landi hefur það einnig verið gert þótt enn megi betur gera. Með fyrirhuguðum breytingum, einkum fækkun lögregluumdæma, úr fimmtán í sex, er stefnt að því að styrkja lögregluna enn frekar. Forsendan er þó sú að lögregluembættin verði í stakk búin til að sinna mikilvægum verkefnum sínum en til þess þurfa þau að vera vel mönnuð og að hafa nægilegt rekstrarfé.

Samkvæmt 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er rannsókn sakamála í höndum lögreglu nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Þá fara lögreglustjórar með ákærvald samkvæmt 18. gr. laganna. Ríkissaksóknari hefur eftirlit með ákærvaldi og málshraða hjá lögreglustjórum og skoðar því fyrirhugaðar breytingar á lögreglulögum fyrst og fremst út frá rannsókn sakamála og ákærvaldinu.

a. Rannsókn sakamála.

Umhverfi ákæranda hefur breyst mikið á undanförnum árum. Framfarir hafa orðið á sviði tæknirannsókna og yfirheyrslutækni lögreglu. Að því leyti er staða ákærvaldsins sterkari nú en áður. Á móti kemur vandi ákærvaldsins til að takast á við almenna fjölgun mála, einfaldra sem flókinnna, sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, fjármuna- og efnahagsbrot, mál þar sem útlendingar eiga í hlut og þar sem þörf er á samstarfi við erlendar löggæslustofnanir. Á síðustu árum hefur tæknivinna lögreglu orðið æ mikilvægari enda heyra játningar sakborninga í alvarlegum skipulögðum afbrotum til undantekninga og yfirleitt nýtur þar vitna ekki við. Fullyrða má að hvert sakamálið á fætur öðru hafi á

undanförunum árum unnist meira og minna á góðri tæknivinnu lögreglu. Að þessu leyti til er þýðingarmikið að hafa öflugar rannsóknardeildir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær verði 6 eða í hverju umdæmi sem er nauðsynlegt. Hins vegar verður að tryggja náið samstarf á milli þeirra og að einhverjir þættir verði á landsvísu svo sem stefnt er að. Fækkun lögreglustjóra og stækkun lögregluumdæma, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er að mati ríkissaksóknara til þess fallið að styrkja rannsóknir sakamála.

b. Ákærvald lögreglustjóra.

Með lögum nr. 88/2008 stóð til að efla ákærvaldið, styrkja sjálfstæði þess sem og að auka réttaröryggi borgaranna, eins og segir í greinargerð með frumvarpi því sem varð að þeim lögum, m.a. með stofnun embættis héraðssaksóknara. Stofnun þess embættis hefur ítrekað verið frestað, nú síðast til 1. janúar 2012.

Í minnisblaði til dómsmálaráðuneytisins, dagsett 10. janúar sl., lagði ríkissaksóknari til að hætt yrði alfarið við stofnun embættis héraðssaksóknara sem taka á til starfa 1. janúar nk. Þetta sjónarmið var áréttað bréflaga 10. febrúar sl. Þau rök voru þar færð fram, að ná mætti sömu markmiðum og stefnt væri að með lögunum með mun lægri tilkostnaði svo sem með því að styrkja ákærvald lögreglu og færa fleiri málaflokka til hennar frá ríkissaksóknara. Þetta myndi minnka þörf fyrir kæruleið sem væru megin röksemdir fyrir breytingunni.

Þær skoðanir hafa komið fram um að færa ætti ákærvaldið alfarið frá lögreglustjórum í hendur sérstakra héraðssaksóknara á fyrsta stjórnarsýslustigi. Ríkislögreglustjórinn hafi m. a. sett fram þá skoðun. Ríkissaksóknari hefur á hinn bóginn verið því fylgjandi að ákærvald verði áfram hjá lögreglu svo sem er í Danmörku og Noregi. Skilyrði væri þó að verulegar breytingar yrðu á fyrirkomulagi og meðferð ákærvalds lögreglu frá því sem verið hefði. Bæri fyrst til að nefna fækkun lögregluumdæma. Í dag er meðferð ákærvalds í minni umdæmum aðeins hluti af starfi lögreglustjóra eða fulltrúa þeirra og erfitt að fylgjast með því hverjir fari með þessi mál í raun. Þetta myndi breytast til batnaðar með fækkun og stækkun lögregluumdæma.

Ríkissaksóknari telur mikilvægt að þeir sem fara með sakamál séu sérstaklega til þess ráðnir og beri starfsheiti í samræmi við ákvæði 18. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar eða saksóknarfulltrúar. Ekki verði ráðið í slíkar stöður nema að umsækjandi hafi lokið grunnnámi fyrir ákærendur auk starfsþjálfunar eða hafi

öðlast reynslu af slíkum störfum. Áður en til ráðningar kæmi væri leitað samþykkis ríkissaksóknara á viðkomandi umsækjanda. Yrði þetta að veruleika væri Ísland að þokast í áttina að því fyrirkomulagi sem tíðkast í hinum Norðurlöndunum en þar er lögð síaukin áhersla á menntun og þjálfun ákæranda.

c. Eftirlit með ákærvaldi og málshraða hjá lögreglustjórum.

Ríkissaksóknari hefur gefið út fyrirmæli RS 5/2009 um hámarkstíma meðferðar líkamsárásarmála, nauðgunarmála og efnahagsbrota hjá lögreglu og ákærendum. Málshraðareglan er ein af grundvallarreglum réttarfars og hefur vægi hennar sífellt verið að aukast eins og fjölmörg dómafordæmi sýna. Með fækkun lögregluumdæma ætti að vera auðveldara að fylgjast með að fyrirmælum þessum sé fylgt.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

Um 1. og 2. gr.

Engar athugasemdir.

Um 3. gr.

Lagt er til að nýr málslíður komi til viðbótar 1. mgr.: *Við sérhvert embætti lögreglustjóra skal vera starfrækt samkvæmt skipuriti ákærudeild undir stjórn saksóknara. Skipurit ákærudeildar skal staðfest af ríkissaksóknara.*

- a. Engar athugasemdir.
- b. Engar athugasemdir.
- c. Engar athugasemdir.
- d. Engar athugasemdir.

Í dag eru starfandi saksóknarar við tvö embætti lögreglustjóra, þ. e. lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóranum. Með því að kveða á um að við öll embætti lögreglustjóra skuli vera ákærudeild undir stjórn saksóknara væri sköpuð umgjörð utan um störf ákæranda við embætti lögreglustjóra og það styrkt verulega frá því sem það er í dag. Þannig stuðlaði saksóknari að samræmingu á milli annarra starfsmanna

deildarinnar það er aðstoðarsaksóknara og saksóknarfulltrúa og bæri faglega ábyrgð á störfum deildarinnar gagnvart ríkissaksóknara.

Um 4., 5. og 6. gr.

Engar athugasemdir.

Um 7. gr.

1. mgr. 35. gr. orðast svo: Kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til *ríkislögreglustjóra* og fer hann með rannsókn málsins.

2. mgr. fellur brott.

3. mgr. fellur brott.

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga skal beina kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins. Þessu fyrirkomulagi var komið á með lögreglulögum nr. 90/1996, sem tóku gildi 1. júlí 1997, en fyrir þann tíma hafði rannsókn mála af þessu tagi verið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Eftir gildistöku lögreglulaga tók ríkis-lögreglustjóri að hluta við verkefnum, sem voru áður hjá Rannsóknar-lögreglulögreglu ríkisins (RLR), en sérstaklega var kveðið á um að ríkissaksóknari tæki yfir rannsókn mála vegna brota lögreglumanna í starfi. Rökin fyrir breytingunni voru, að ekki þótti rétt að hann færi með þess háttar rannsóknir enda færi hann með valdið til að skipa lögreglumenn í embætti. Með breytingalögum nr. 29/1998, sem tóku gildi 29. apríl 1998, var 35. gr. lögreglulaga breytt, og nánar kveðið á um rannsóknarskyldu ríkissaksóknara í málum af þessu tagi.

Lagabreytingunni fylgdi ekki aukið fjármagn til embættisins né heldur var sérstaklega gert ráð fyrir að á vegum embættisins væru starfandi sérhæfðir rannsakendur, t.d. lögreglumenn, til að sinna þessum málum. Í framkvæmd hefur saksóknari stýrt og annast rannsóknir slíkra mála og undanfarin misseri hefur verið leitað aðstoðar hjá Lögregluskóla ríkisins. Ríkissaksóknara hefur nýlega verið tjáð að til greina komi að skólinn hætti að veita slíka aðstoð eftir áramótin næstu.

Ríkissaksóknari fer með ákærvald vegna brota gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga (brot í opinberu starfi) en brot lögreglumanna í starfi falla undir þann kafla laganna. Af þessum ástæðum getur hæglega komið upp sú staða að ríkissaksóknari eða saksóknari í hans umboði, sem farið hefur með rannsókn máls, teljist vanhæfur til að fara með mál fyrir dómi. Þá er slík samþætting rannsókna og saksókna einnig óheppileg þar sem kærur á hendur lögreglumönnum tengjast oft kærum lögreglu á hendur borgurum vegna brota gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga (brot gegn valdstjórninni) en málsatvik eru oft nátengd, t.d. átök milli lögreglumanna og borgara sem leiða til meiðsla hjá báðum aðilum. Ríkissaksóknari fer með ákærvald vegna brota gegn valdstjórninni en slík mál eru rannsökuð hjá lögreglu. Ætla má að það sé til þess fallið að draga úr trúverðuleika hlutlausrar og réttlátrar málsmeðferðar, að ríkissaksóknari, sem æðsti handhafi ákærvalds, að fari með rannsókn og saksókn mála af þessu tagi og því æskilegt að því fyrirkomulagi verði breytt.

Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skipunarvald færist til lögreglustjóra frá ríkislögreglustjóra, að því er varðar lögreglumenn, aðra en yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Nái þessi breyting fram að ganga er ljóst að rök fyrir breytingunni á sínum tíma að fela ríkissaksóknara að fara með rannsóknir mála af þessu tagi eiga ekki við lengur. Í þessu ljósi er lagt til að 35. gr. verði breytt og þar kveðið á um að slíkum kærum skuli beint til ríkislögreglustjórans sem rannsaki málið og sendi það síðan ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar.

7. gr. frumvarpsins verður 8. gr.

8. gr. frumvarpsins verði 9. gr.

9. gr. frumvarpsins verði 10. gr.

Um 8., 9. og 10. gr.

Engar athugasemdir.

Samkvæmt frumvarpinu verður 3. mgr. 28. gr. laganna felld úr gildi, enda gert ráð fyrir að stöður aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra verði lagðar niður sem sérstök stöðuheiti í lögnum. Ríkissaksóknari bendir á að í 18. gr. laga nr. 88/2008

um meðferð sakamála er gert ráð fyrir því að löglærðir aðstoðarlögrelustjórar teljist ákærendur í umboði lögreglustjóra. Ekki kemur fram í frumvarpinu að breyta skuli sakamáfalögum sem þó er eðlilegt verði þessi breyting samþykkt.


Valtýr Sigurðsson


Alþingi, allsherjarnefnd
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. apríl 2010 02-2010040980
T-ums 28/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 - þingmál 586, þskj. 977.

I.

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 - þingmál nr. 586, þskj. 977.

Í frumvarpinu eru lagðar til skipulagsbreytingar á lögreglunni í landinu þannig verði lögregluumdæmin t.a.m. 6 í stað 15.

Ríkisskattstjóri telur að efni frumvarpsins falli utan við verksvið embættisins og því ekki tilefni til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Vegna efni frumvarpsins er þó rétt að fjalla um reynslu ríkisskattstjóra af því að ganga í gegnum sameiningarferli, sbr. það sem segir í kafla II.

II.

Með lögum frá 18. desember 2009 sem komu til framkvæmda hinn 1. janúar 2010 voru sjálfstæð embætti skattstjóra lögð niður og skattstofur felldar undir embætti ríkisskattstjóra. Reynslan af hinu breytta fyrirkomulagi er því ekki löng en ástæða er þó til að geta um nokkur atriði í örstuttu máli.

1. Með sameiningu skattembættanna er útlit fyrir að skattframkvæmd styrkist verulega og nú er unnið að því að endurskipuleggja alla vinnslu framtala með það að markmiði að yfirferð þeirra verði mun skilvirkari en áður var.

2. Mannafli skattyfirvalda mun nýtast mun betur, þar sem unnt verður að jafna álagi og færa verkefni á milli starfseininga. Sömuleiðis er unnt að flytja mannafla til vegna árstíðabundins álags sem einkum skýrist af utankomandi aðstæðum. Fyrir sameiningu embættanna hafði þetta lítillaga verið reynt en tókst ekki. Eftir sameininguna eru ekki teljandi vandkvæði á því að færa verkefni milli eininga.

3. Yfirferð skattframtala verður mun samræmdari en áður hefur verið.

4. Verkefni hafa verið endurskilskipulögð og mun meiri sérhæfing er nú að nást en áður voru dæmi um. Þannig verða öll landbúnaðarframtöl yfirfarin á einum stað, hið sama á við um skattskil útgerðar, endurgreiðslu ákveðinna verkþátta í virðisaukaskatti, ákvörðun barnabóta, yfirferð á umsókn um ívilnanir og svo mætti lengi telja.


5. Fjárhagsleg hagkvæmni sameiningar skattembættanna mun verða veruleg. Öll fjármálastjórn er á einum stað, hið sama á við um starfsmannastjórn, færslu bókhalds og fleiri rekstrarþætti.


Að öllu þessu virtu er það skoðun ríkisskattstjóra að fenginni reynslu að sameining stofnana mun ekki aðeins skila sér í mun hagkvæmari rekstri heldur er líklegra að fagleg umfjöllun hlutaðeigandi stofnana verði mun betri en ella.


III.

Við undirbúning á sameiningu skattembætta kom til tals að fækka skattstofum t.d. úr 9 í 3. Það er mat ríkisskattstjóra að slíkt hefði ekki leitt til eins mikillar hagkvæmni og nú sýnist stefna í. Á þetta er bent vegna áforma að fækka umdæmum lögreglustjóra en ekki að gera landið að einu lögregluumdæmi. Hið síðarnefnda er líklegra til meiri árangurs.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þóroarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/226S
komudagur 14.S. 2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. maí 2010

1004019SA GB
Málalykill: 133

Efni: Umsögn um frv. til lögregluglaga, 586. mál og frv. um framkvæmdavald ríkisins í héraði, 513. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögregluglögum. Þar sem frumvarpið tengist frumvarpi til laga um breytingu á lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði er í umsögn þessari tekin afstaða til beggja ofangreindra frumvarpa. Stjórn sambandsins samþykkti umsögn þessa á fundi sínum þann 7. maí 2010.

1. Um breytingu á lögregluglögum

Með frumvarpinu er lagt til að lögregluumdæmum fækki úr 15 í 6 en nánari afmörkun þessara umdæma verði ákveðin í reglugerð sem dóms- og mannréttindaráðherra setur. Í 2. gr. frv. er jafnframt kveðið á um að ráðherra geti falið einstökum lögreglustjórum umsýsningu tiltekinna verkefna á landsvísu.

Þrátt fyrir fækkun lögregluumdæma er í 2. gr. frv. heimilað að ráðherra feli sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi hans, í umboði viðkomandi lögreglustjóra. Í skýringum við greinina kemur fram að með því verði unnt að taka tillit til aðstæðna í einstökum landshlutum, þar sem samgönguferfiðleikar og ákveðin einangrun geri að verkum að heppilegt sé að halda í það fyrirkomulag að dagleg verkstjórn sé í höndum sýslumanns.

Í 5. gr. frv. er lögð til sú breyting að fleiri en ein samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar geti starfað í hverju lögregluumdæmi. Haft var samráð við sambandið um þessa breytingu, sem er m.a. gerð með hliðsjón af því hve víðfeðm lögregluumdæmi geta orðið, t.d. á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Í 10. gr. frv. eru lagðar til breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem fela í sér að leyfisveitingar sem til þessa hafa verið verkefni lögreglustjóra færast á verksvið sýslumanna. Stærsta breytingin er sú að útgáfa leyfa skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, verður framvegis verkefni sýslumanna.

Samkvæmt kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að ef frumvarpið verður óbreytt að lögum megi ná fram árlegum sparnaði sem nemur á bilinu 330 til 450 milljónum króna. Jafnframt er markmið frumvarpsins að ná fram aukinni skilvirkni í löggæslu með hlutfallslegri fækkun yfirmanna á lögregluembættum, sbr. greinargerð starfshóps sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Þær skipulagsbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru því bæði byggðar á faglegum og fjárhagslegum forsendum.



Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við framangreindar breytingar en bendir á að fækkun lögregluembættanna mun snerta einstaka landshluta á misjafnan hátt. Þannig þarf að gæta sérstaklega að áhrifum hagræðingaraðgerða hjá lögregluembættum á einstök byggðarlög og er lögð áhersla á að fullt tillit verði tekið til umsagna sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga um mörk lögregluumdæma og aðrar aðgerðir sem ákveðnar verða á grundvelli laganna.

2. Um breytingu á lögum um framkvæmdavald í héraði

Í frumvarpinu er lagt til að við lög nr. 92/1989 bætist bráðabirgðaákvæði sem heimili ráðherra að fela starfandi sýslumanni í einu umdæmi stjórn annars sýslumannsumdæmis, í stað þess að auglýsa það sýslumannsembætti laust til umsóknar. Í skýringum við frumvarpið er tilgreind sú ástæða fyrir breytingunni að unnið sé að greiningu á sameiningarmöguleikum og framtíðarskipulagi sýslumannsembættanna. Á meðan sú vinna fari fram sé ekki réttlætjanlegt að auglýsa laus til umsóknar sýslumannsembætti sem verði mögulega lögð niður eða breytt.

Fallast má á það að frumvarpið stuðli að því markmiði að skapa svigrúm til nauðsynlegrar endurskipulagningar á skipulagi sýslumannsembættanna. Jafnframt mun það spara ríkissjóði umtalsverð útgjöld á þeim tíma sem bráðabirgðaákvæðið verður í gildi. Sambandið leggur hins vegar áherslu á að ríkt samráð verði haft við sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á fjölda og verkefnum sýslumannsembættanna.

Af hálfu sveitarfélaga er sérstök áhersla lögð á að ekki verði snúið til baka af þeirri braut sem dóms- og mannréttindaráðuneytið hefur beitt sér fyrir, að færa stjórnarsýsluverkefni til sýslumannsembættanna með það að markmiði að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Í því sambandi ítrekar sambandið mikilvægi þess að á landsbyggðinni bjóðist áfram störf fyrir fólk með háskólamenntun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Alþingi

Erindi nr. Þ 138/2442

komudagur 19.5.2010

maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni : Síðbúin umbeðin umsögn SSA 586. mál.

M.a vegna fjarveru framkvæmdastjóra SSA um sl. mánaðarmót hafði stjórn SSA ekki tök á að veita umsögn á réttum tíma.


Umsögn þessi óskast því meðtekin í því ljósi og henni komið á framfæri þar sem til er ætlast.

4/2 586. mál. Allsherjarnefnd : Frumvarp til lögreglulaga

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0977.html>

Stjórn SSA gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en bendir á að rétt væri að fyrirhugaðar breytingar verði gerðar í samhengi við sóknaráætlanir sem nú er unnið með m.a. í landshlutunum. Einn liður í þeirri vinnu er endurskipulagning opinberrar þjónustu. Þá telur stjórn SSA nauðsynlegt að könnuð verði áhrif breytinganna fyrir einstök byggðarlög áður en frumvarpið er afgreitt. Stjórn SSA mótmælir vaxandi tilhneigingu ríkisvaldsins til að flytja störf og áhrif úr hinum dreifðu byggðum og þá ekki síst vellaunuð störf sem krefjast háskólamenntunar. Stjórn SSA leggur áherslu á að haldið verði áfram á þeirri braut sem unnið var með að færa stjórnsýsluverkefni til sýslumannsembætta og fjölga þannig opinberum störfum á landsbyggðinni.

Fh. stjórnar SSA


Þorvaldur Jóhannsson
framkvæmdastjóri

Umsögn einnig póstsend .



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 138/2443

komudagur 19.5. 2010

Selfossi, 18. maí 2010

0811001SA ÞH

Nefndasið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til lögreglulaga, 586. mál


Á fundi stjórnar Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga, sem haldinn var 14. maí sl., var tekið fyrir erindi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma), 586. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en bendir þó á að betra væri að þessar breytingar verði gerðar í samhengi við sóknaráætlanir sem áætlað er að afgreiða á næsta þingi, en einn liður í þeim er endurskipulagning opinberrar þjónustu. Þá bendir stjórn SASS á nauðsyn þess að könnuð verði áhrif breytinganna fyrir einstök byggðarlög áður en en frumvarpið verður afgreitt. Stjórn SASS mótmælir vaxandi tilhneigingu ríkisvaldsins til að flytja störf og áhrif úr hinum dreifðari byggðum og þá ekki síst vel launuð störf sem krefjast háskólamenntunar. Þá leggur stjórn SASS áherslu á að haldið verði áfram á þeirri braut að færa stjórnsluverkefni til sýslumannsembættanna og fjölga þannig opinberum störfum á landsbyggðinni.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

*Alþingi
Erindi nr. P 138/2190
komudagur 11.5. 2010*

Umsögn Stéttarfélags lögfræðinga um frumvarp dóms- og mannréttindaráðherra til laga um breytingu á lögregluglögum, nr. 90/1996, o.fl., þskj. 977 - 586. mál.

Í hinu nýja frumvarpi dóms- og mannréttindaráðherra er vísað til þess að tilgangur frumvarpsins sé einkum þrennskonar; Í fyrsta lagi er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað þannig að þau verði 6 í stað 15. Í öðru lagi verði lögfest almenn heimild til að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvísu, sem nú eru á hendi embættis ríkislögrelustjóra, en í því kunna að felast hagræðingarmöguleikar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að samhliða lagabreytingunni verði skipurit embætta ýmist samin eða endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn. Gert er ráð fyrir að nokkur sérstök starfsheiti innan lögreglunnar verði felld úr lögum í samræmi við þá sýn að rétt sé að einfalda og fækka starfsstigum lögreglu og þar með draga úr kostnaði við yfirstjórn embættanna.


Með vísan til þessa og með tilliti til athugasemda og greinargerða með frumvarpinu vill Stéttarfélag lögfræðinga (SL) gera nokkrar athugasemdir.

SL gerir ekki athugasemdir við 1. lið frumvarpsins, þ.e. að lögregluumdæmum verði fækkað.

SL gerir athugasemdir við 2. lið, að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvísu, sem nú eru á hendi embættis ríkislögrelustjóra og 3. lið, að breyta skipuritum embætta með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn. SL þykir í fyrsta lagi eigi sýnt fram á það með frumvarpinu, athugasemdum þess eða greinargerðum með frumvarpinu hvernig þeirri hagræðingu sem þar er getið um á að ná. Ber þar sérstaklega og einkum að geta þess að það er sérstaklega tekið fram í 9. gr. frumvarpsins m.a. að ný embætti muni taka við öllum starfsmönnum eldri lögregluembætta á sömu starfskjörum. Þar sem launakostnaður lögregluembætta er um 80% af rekstrarkostnaði þeirra verður ekki séð að tilgreind hagræðing

náist nema með því að fækka stöðum og eða að ekki verði ráðið í stöður þeirra sem hætta með tilheyrandi álagi á þau starfsgildi sem þegar eru. Í öðru lagi er það mat SL að í frumvarpinu felist framsal á lagasetningarvaldi til framkvæmdarvalds (dóms- og mannréttindaráðherra) og skal þar sérstaklega vísað til 2., 3. og 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins og b. liðar 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er það beinlínis lagt í hendur dóms- og mannréttindaráðherra á hverjum tíma að ákveða hvaða verkefni eru flutt frá Ríkislögreglustjóra og til annarra lögreglustjóra og hvaða deildir fái aukið vægi á landsvísu sem sérstakar rannsóknardeildir. Þykir SL það vera krafa í lýðræðislegu samfélagi sem gengur nú í gegnum mikla endurskoðun að lagasetningarvaldið sé á Alþingi og þar sé stjórnskipan og skipan æðstu stofnana, þar með talið öryggisstofnana eins og Ríkislögreglustjóra og annarra löggæslustofnana settur rammi til að vinna eftir og að slík starfssemi sé eigi lögð í hendur framkvæmdavaldsins á hverjum tíma.

Reykjavík, 9. maí 2010.


F. h. Stéttarfélags lögfræðinga,

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2000
komudagur 6.5.2010

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum (fækkun lögregluumdæma o.fl.) nr. 90 frá 1996.
586. mál.

Undirritaður hefur mótttekið bréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 21. apríl 2010 þar sem óskað er eftir umsögn hans um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum. Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

athugasemdir

Undirritaður gerir í **fyrsta lagi** alvarlegar athugasemdir við þá fyrirætlun í frumvarpinu að fækka lögreglustjórum úr 15 í sex og telur að þar sé allt **of langt gengið** í fækkun lögreglustjóraembættanna og með því sé verið að færa stjórn lögreglu í of miklum mæli fjær íbúum, sérstaklega á landsbyggðinni.

Í **öðru lagi** gerir undirritaður athugasemdir við staðsetningu lögregluumdæmanna, sem hann telur vera um of miðað við þéttbýlið á suðvesturhorninu, þar sem með frumvarpinu má gera ráð fyrir að höfuðstöðvar fjögurra lögreglustjóra af sex verði á eða í seilingarfjarlægð frá mesta þéttbýlissvæði landsins.

Í **priðja lagi** telur undirritaður það mikinn misskilning að sameining stofnanna úti á landi, á þann veg sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir og væntanleg stórfækkun sýslumanna í kjölfarið, muni leiða til þess sparnaðar eða hagræðingar sem vænst er.

Undirritaður gæti tekið til fjölmörg fleiri atriði til stuðnings máli sínu, en vill þó benda á að frestur til að skila athugasemdum við frumvarpið er ekki langur.

Frekari rökstuðningur fyrir ofangreindu:

Fækkun lögreglustjóra úr 15 í 6 er of mikil fækkun.

Þessi fækkun er of mikil að mati undirritaðs og verður til þess að stjórn lögreglu í landinu verður nánast öll á suðvesturhorninu, þar sem einungis má gera ráð fyrir að lögreglustjórnir á Norðurlandi og Austurlandi verði staðsettir utan atvinnusvæðis höfuðborgarsvæðisins. Þetta verður til þess að stjórnun lögreglu og allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu lögreglunnar munu flytjast enn meira frá íbúum í dreifðari byggðum en nú er og þótti þó mörgum nóg um.

Undirritaður er þó alls ekki á móti því að embætti verði sameinuð, bæði að því er snertir lögregluembættin og sýslumannsembættin. Sparnaði má ná fram með einstaka sameiningum á báðum þessum sviðum, en í grunninn telur undirritaður að hér sé of langt gengið og telur fyrirsjáanlegt að þjónusta embættanna út um landið muni minnka um of með þessum miklu sameiningum.

Rökin fyrir aðskilnaði lögreglu og sýslumanna eru ekki sannfærandi.

Undirritaður telur að rökin fyrir aðskilnaði lögreglustjóra og sýslumanna séu alls ekki nógu sannfærandi né nógu afgerandi svo ráðast megi í svo dýrar breytingar á núverandi kerfi. Undirritaður hefur starfað í þessu kerfi í yfir tvo áratugi á fimm mismunandi embættum um allt land og telur að hagkvæmast sé að nota áfram óbreytt kerfi í dreifðum byggðum en hafa lögreglustjórn á einni hendi í fjölmennari byggðum, svo sem á höfuðborgarsvæðinu og fleiri fjölmönnum og þéttum svæðum. Ef hlustað er vandlega eftir því hvað býr að baki þessum tillögum þá kemur nefnilega berlega í ljós að rökin eru ekki efnismikil, t.d. rökin um að starf sýslumanna og lögreglustjóra sé ekki samrýmanleg.

Það hlýtur að vera ódýrara fyrir fámenna þjóð í dreifbýlu landi að sami maður sinni fleiri verkefnum á fámennari og landmeiri svæðum landsins. Mergurinn málsins er einmitt sá að með því að fækka lögreglustjórum og aðskilja lögreglustjórn frá sýslumönnum eru stjórnvöld **neydd** til þess að fækka sýslumönnum **enn frekar** í kjölfarið til þess að vinna upp kostnaðinn við stofnsetningu fjögurra nýrra lögreglustjóraembætta. Það veldur því svo enn og aftur að sami sýslumaður þarf að sinna afar stóru embætti landfræðilega.

Fjárhagsleg rök.

Undirritaður telur mikið skorta á að menn geri sér grein fyrir að til sé ódýrari og hagkvæmari leið til þess að spara fjármuni fyrir þjóðfélagið heldur en að aðskilja lögreglustjórn frá sýslumannsembættunum. Undirritaður telur þessa aðferð vera lúxus sem við höfum ekki lengur efni á. Sem dæmi má nefna að það hljómar afar vel að gott væri að aðskilja ákærvaldið frá lögreglunni, en til þess að það sé hægt þarf að stofna ný embætti saksóknara um landið og sá kostnaður sem það útheimtir er einfaldlega lúxus sem við getum ekki leyft okkur nú um stundir og þann kostnað yrði að sækja eitthvert annað, líklega með því að skera niður í lögreglunni. Sama á nú við með lögreglustjórnina, ég óttast að kostnaður við þessi nýju embætti muni leggjast á kerfi sýslumanna og því lenda með mestum þunga á landsbyggðinni, þar sem þau embætti hafa verið burðarás þjónustu ríkisins við íbúa dreifðari byggða.

Undirritaður vill einnig benda á að hann hefur ekki séð útreikninga varðandi það hvað hvert hinna nýju embætta lögreglustjóra muni kosta, stofnsetning þeirra, húsnæði, tölvu- og starfsmannamál. Hvaðan á að taka þá fjármuni?

Hvað með rekstur þessarra nýju embætta. Hefur það verið reiknað hversu stjórnunar- funda- og ferðakostnaður muni aukast með stækkun umdæmanna?

Hefur það verið hugsað til enda hversu mikil áhrif þessar breytingar hafa á þróun byggðar, t.d. í landshlutum þar sem nú eru allt að 8 embætti sýslumanna en verða eftir að allar breytingar hafa gengið í gegn kannski ekki nema 2 embætti sýslumanns og eitt embætti lögreglustjóra og jafnvel 2 embætti af þessum þremur í sama byggðarlaginu?

Um almannavarnir.

Í þessu sambandi verður ekki litið framhjá því hlutverki lögreglustjóra að fara með stjórn almannavarna í sínu umdæmi þegar vá steðjar að. Undirritaður telur mikilvægt að stjórn almannavarna sé í höndum aðila sem hefur sem besta þekkingu á fólki og fjöllum, bæjum og búskap á viðkomandi svæði. Yfirstjórn Almannaavarna er nú í höndum ríkislögreglustjóraembættisins og hér er gert ráð fyrir að lengra verði til næsta þreps í því kerfi, þ.e. lögreglustjórnanna. **Flækjustig** aðgerða fyrir heimamenn verður því mun meira en nú er, en stjórn lögreglu er afar mikilvægur þáttur þegar vá stendur fyrir dyrum og er skemmst að minnast þessa góða starfs sem unnið var í kringum eldsumbrotin í Eyjafjallajökli, en þar var stjórn aðgerða í höndum lögreglustjóra sem hafði **góða staðarþekkingu** og var í **nálægð við viðfangsefnið** auk þess sem sýslumaðurinn á staðnum sinni ýmsum mikilvægum störfum í aðgerðum. Að þessu þarf að gæta.

Sérstaklega um Vestmannaeyjar

Undirritaður telur að stjórn lögreglumála í Vestmannaeyjum þurfi að vera í Vestmannaeyjabæ þar sem bærinn er **einangrað eyjasamfélag** sem þarf að vera sjálfu sér nægt á mörgum sviðum og því mikilvægt að stjórn þessara mála verði í Eyjunum sjálfum. **Samlegðaráhrif** af sameiningu lögregluliðsins í Vestmannaeyjum við önnur lið uppi á landi er augljóslega **engin**, enda fræðilega ekki unnt að samræma vaktakerfi milli lands og Eyja. Að auki sé ekki viðunandi að stjórn lögreglu og almannavarna varðandi eyjarnar sé staðsett uppi á landi, td. þar sem ekki sé alltaf unnt að koma aðstoð á milli lands og Eyja og heimamenn verða því að treysta á að leysa málin sjálfir þar til aðstoð berst. Vestmannaeyjabær er þrátt fyrir allt næststærsti byggðakjarni á Íslandi fyrir utan stór-höfuðborgarsvæðið, einungis Akureyri er fjölmennara. Þá er bærinn einhver mesti útgerðarstaður landsins með útflutningshöfn og flugvöll, en sjávarútvegur er stærsti útflutningsvinnuvegur þjóðarinnar. Þessari **sérstöðu** má ekki gleyma þegar teknar eru ákvarðanir um hvar stjórn mála skal vera að því er snertir slíka þéttbýlisstaði.

Ég legg því til að frumvarpinu verði breytt þannig að hagkvæmni núverandi kerfis verði nýtt þar sem það á við, jafnframt því sem kostir þessa frumvarps verði einnig notaðir til þess að gera þjónustu lögreglunnar í landinu betri fyrir íbúa þess.

Vestmannaeyjum, 5. maí 2010
Virðingarfyllst,


Karl Gauri Hjaltason
Lögreglustjóri og sýslumaður í Vestmannaeyjum





TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/1910
komudagur 4.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2010.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, o.fl., Þingskjal 977 - 586. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 21. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, o.fl., 586. mál.

Umfangsmesta breytingin sem frumvarpið felur í sér er að löggæslan í landinu verði að fullu aðskilin frá sýslumannsembættum jafnframt því að lögregluumdæmin verði stækkuð og þeim fækkað úr 15 í 6.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp en telur að verði það að lögum muni það hafa í för með sér bæði skipulagslegt- og fjárhagslegt hagræði auk þess sem hin nýju umdæmi verði faglega betur í stakk búin til að sinna lögbundnum verkefnum sínum en hin eldri.

Virðingarfyllst,
f.h. tollstjóra


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 06. maí 2010
Tilvísun: 2010040002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þskj. 977, 586. mál.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 21. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þskj. 977, 586. mál.

Útlendingastofnun þakkar fyrir veitt tækifæri til að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps. Stofnunin gerir hins vegar engar athugasemdir við efni frumvarpsins, hvorki í heild né að hluta.

Virðingarfyllst,
f.h. Útlendingastofnunar,

Rósa Dögg Flosadóttir
Rósa Dögg Flosadóttir.

